


**skoðun 16**

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið




**Friðrik V. snýr aftur**
*Friðrik V. er kominn til höfuðstaðarins og opnar veitingahús á Laugavegi á næstunni. Íslenskt hráefni verður í aðalhlutverki.*

**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**4. maí 2012**
104. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Telja nýjar EES-reglur ekki standast stjórnarskrána

**Íslensk stjórnvöld geta ekki innleitt reglur ESB um nýjar eftirlitsstofnanir með fjármálamörkuðum þar sem það myndi færa of mikið vald til erlendra stofnana. Þarf að breyta stjórnarskránni segir utanríkisráðherra.**

**STJÓRNSÝSLA** Nýjar reglur Evrópusambandsins (ESB) sem Íslandi ber að taka upp vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) stangast á við íslensku stjórnarskrána, samkvæmt mati sérfræðinga í stjórnskipunarrétti.

Með reglunum setti ESB á fót stofnanir sem hafa eftirlit með fjármálamörkuðum Evrópuríkja. Stofnanirnar hafa meðal annars vald til að svipta banka starfsleyfi og taka fram fyrir hendur fjármálaeftirlita Evrópuríkja. Ekkert í stjórnarskránni heimilar svo víðtækt framsal á valdi ríkisins samkvæmt niðurstöðu lagaprófessoranna Bjargar Thorarensen og Stefáns Más Stefánssonar.

Álitsgerðin sýnir að Ísland hefur tvo kosti í stöðunni, segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. „Annars vegar að ráðast í að breyta stjórnarskránni með þeim hætti að heimilt sé að framselja vald til yfirþjóðlegra stofnana. Hins vegar að enda að lokum í því að EES-samningurinn verði óvirkur og við jafnvel kunnum að hrökklast út úr honum.“

Össur segir seinni kostinn ekki koma til greina. „Ég tel að svar okkar eigi að vera að reyna að ná samstöðu um að ná fram breytingum á stjórnarskránni.“

> Ég er þeirrar skoðunar að EES-samningurinn sé kominn út fyrir það sem stjórnarskráin heimilar.
>
> **ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**
> UTANRÍKISRÁÐHERRA

Össur segir að þær breytingar sem gerðar hafa verið á EES-samningnum frá því hann var samþykktur árið 1992 geti þegar hafa leitt til þess að samningurinn eins og hann er framkvæmdur sé ekki í samræmi við stjórnarskrána.

„Ég er þeirrar skoðunar að EES-samningurinn sé kominn út fyrir það sem stjórnarskráin heimilar,“ segir Össur. „Með þessu máli sem nú er komið upp er ljóst að við getum ekki lengur innleitt reglur sem okkur ber samkvæmt EES-samningnum án þess að brjóta stjórnarskrána. Þess vegna þarf að breyta henni, nema menn séu tilbúnir að fórna EES-samningnum, sem ég teldi mikið óheillaspor sem enginn vill stíga.“ **- bj /** **sjá síðu 10**



**Minnast einvígisins**
*Komið til móts við venjulegt skákáhugafólk á Firmamótinu í Ráðhúsinu.*
**tímamót 20**

**Semja tónlist í sumar**
*Hljómsveitin Hjaltalín semur tónlist fyrir þöglu myndina Days of Gray.*
**popp 38**



**Einu skrefi frá titlinum**
*HK er komið í 2-0 í baráttunni við FH um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta.*
**sport 34**

**veðrið í dag**




**BJARTVIÐRI** í dag verður yfirleitt hæg norðlæg eða breytileg átt. Léttskýjað víðast hvar og þurrt. Hiti 2-12 stig, mildast SV-til.
**VEÐUR 4**



**BLESSUÐ SÓLIN ELSKAR ALLT** Segja má að fyrsti sólbaðsdagur sumarsins hafi verið í gær og létu sóldýrkendur sig ekki vanta í laugarnar í Laugardal. Íslendingar verða sólarmegin í lífinu fram yfir helgi ef veðurspár rætast, en þó er ekki gert ráð fyrir að heitt verði í veðri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Danir deila um frídag:
## Flestir vilja hafa kóngsbænadag

**DANMÖRK Talsverð andstaða er við hugmyndir danskra stjórnvalda og atvinnurekanda um að færa kóngsbænadag, sérstakan danskan frídag sem ber upp á fjórða föstudag eftir páska, þar á meðal í dag, yfir á sunnudaga.**

**Yfirlýst markmið með því að færa daginn af virkum degi er að auka framleiðni í atvinnulífinu um 60 milljarða íslenskra króna, en skoðanakannanir sýna að 56 prósent Dana eru mótfallin hugmyndinni.**

**Kóngsbænadagur hefur verið við lýði í Danmörku frá sautjándu öld og var sömuleiðis fullgildur helgidagur hér á landi allt fram til ársins 1893.**

**Árni Björnsson þjóðháttafræðingur segir í Sögu daganna að kóngsbænadagur hafi átt að vera allsherjar iðrunar- og bænadagur.**

**Þá skyldu allir fasta og hætta vinnu klukkan sex og ganga til guðshúss.** **- þj**

Steingrímur J. Sigfússon segir útgerðarmenn stunda hræðsluáróður:
## Sjávarútvegurinn í betri stöðu

**STJÓRNMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir það sérkennilegan málflutning að útgerðin sé ekki aflögufær um frekari greiðslur til samfélagsins. Hún hafi búið við góð ár í greininni og staða hennar batnað til muna.

„Nú höfum við á borðinu gögn um afkomu greinarinnar síðastliðin þrjú, fjögur ár og hún hefur verið mjög góð. Við sjáum að skuldir hafa lækkað og ef við miðum við 2008 og áætlaða stöðu í árslok 2012 hafa þær lækkað um 150 til 170 milljarða. Eigið fé greinarinnar hefur aukist um yfir 200 milljarða og framlegðin hefur farið langleiðina að því að tvöfaldast frá því sem hún var fyrir 2008, eða um 70%.“

Tveir sérfræðingar sem unnu skýrslu um kvótafrumvörp stjórnvalda fyrir atvinnumálanefnd Alþingis setja þar fram margvíslega gagnrýni á þau. Þeir telja áformuð veiðigjöld of há, og að þau muni leggjast misþungt á fyrirtæki. Þá byggi gjöldin á tveggja ára gömlum útreikningum, enda ekki hægt að nota nýrri tölur með góðu móti. Þeir telja að verði áformuð veiðigjald lækkað um helming myndu flest sjávarútvegsfyrirtæki ráða við það.

Spurður hvort það gæti orðið lending í málinu segir Steingrímur: „Ég ætla ekki að tjá mig um einstakar tölur í þessum efnum, heldur útfæra aðferðina.“ **- kóp /** **sjá síðu 12**









**SPURNING DAGSINS**



*Magnús, endar þetta í vítaspyrnukeppni?*

„Nei, nei, við klárum þetta á níutíu mínútum.“

Magnús Már Einarsson er ritstjóri fotbolti.net sem í samkeppni við vefsíðuna 443.is býður lesendum að taka þátt í sýndarkeppni á netinu þar sem efsta deild karla hér á landi í sumar verður vettvangur atburðanna.

Fjórir fluttir á slysadeild eftir að eldur kom upp í ósamþykktu íbúðarhúsnæði í eigu Dróma:

# Erfitt að tæma ósamþykkta brunahúsið

**BRUNI** „Við tæmum yfirleitt svona hús en þarna er leigusamningur í gildi þannig að við getum í rauninni ekki tæmt það,“ segir Magnús Steinþór Pálmarsson, talsmaður eignaumsýslufélagsins Dróma, um ósamþykkt íbúðarhúsnæði að Vesturvör 27 í Kópavogi, þar sem eldur kom upp í fyrrinótt.

Tilkynnt var um eld í húsinu á þriðja tímanum í fyrrinótt og gekk greiðlega að slökkva hann. Engu að síður voru fjórir fluttir á slysadeild til skoðunar. Alls eru fjórutíu manns skráðir til heimilis í húsaþyrpingunni að Vesturvör 27.

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri á höfuðborgarsvæðinu, sagði í fjölmiðlum í gær að til greina hefði komið að loka húsinu fyrir nokkrum misserum en það hefði þó ekki þótt nógu hættulegt til að orðið hafi af því.

Magnús segir að erfitt geti verið að losa húsnæði þegar fólk er með leigusamning. Samningarnir séu þó að renna út. „Okkar stefna er að tæma allt svona húsnæði, sem telst ekki vera mannabústaðir. Við stundum ekki að leigja út iðnaðarhúsnæði undir heimilishald,“ segir hann. Engu að síður geti tekið tíma að rýma húsnæðið ef leigjendurnir fara ekki. Þá þurfi útburð og hann geti tekið marga mánuði.

Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar, segir stjórnvöld lengi hafa glímt við þau vandamál sem fylgja ósamþykktu íbúðarhúsnæði. Þau séu hins vegar margflókin og torleyst og tengist mörgum málaflokkum. Þá geti slíkt húsnæði verið mjög mishættulegt. Almennt hafi það verið stefnan að henda fólki ekki út á gaddinn. - sh




**SLUPPU VEL** Fjórir íbúar hússins við Vesturvör voru fluttir á sjúkrahús eftir að eldur kom upp í fyrrinótt.

Álag í kjölfar strandveiða:

## Sjómenn hlusti á neyðarrás

**ÖRYGGISMÁL Um 820 skip og bátar voru í ferilvöktunarkerfi Landhelgisgæslunnar um hádegið í gær, en eins og kunnugt er hafa á fimmta hundrað smábátar hafið strandveiðar. Af því tilefni sendi Gæslan frá sér fréttatilkynningu þar sem sjómenn eru hvattir til að hlusta á rás 16, neyðar- og uppkallsrás, sem þeim ber skylda til að hafa opna þegar róið er á sjó.**

**Mörg tilfelli hafa komið upp síðastliðna sólarhringa þar sem erfitt hefur verið að ná í sjómenn á strandveiðum. Allnokkur atvik hafa komið upp þar sem nærstaddir bátar hafa verið kallaðir til aðstoðar sem Gæslan telur jákvætt enda auki það öryggi til muna að bátarnir haldi að hluta til hópinn á meðan á veiðum stendur.** - shá

Skjöl og bréf bin Ladens birt:

## Einangraðist í einangruninni

**BANDARÍKIN, AP** Hryðjuverkaleiðtoginn Osama bin Laden kvartaði undan samstöðuleysi og samskiptaerfiðleikum í al-Kaída í bréfum sem hann skrifaði síðustu árin meðan hann var í felum í Pakistan.



OSAMA BIN LADEN

Þessi bréf fundust eftir að bandarískir sérsveitarmenn réðu bin Laden af dögum fyrir ári í bænum Obottabad í Pakistan. Þau hafa nú verið birt á vef miðstöðvar hryðjuverkarannsókna, sem rekin er í tengslum við herskóla Bandaríkjahers í West Point.

Í skjölunum kemur meðal annars ýmislegt fram um starfsemi al-Kaída. - gb

# Staða íslenska laxins góð í alþjóðlegu tilliti

**Íslenski laxastofninn stendur frekar vel. Af 400 laxám í Noregi hefur verið lokað fyrir veiði í 124 ám. Vestanhafs er Atlantshafslax á lista yfir dýr í útrýmingarhættu. Mjög misjafnt er milli landa hversu miklu af veiddum laxi er sleppt.**

**NÁTTÚRA** Ástand íslenska laxastofnsins er heilt yfir í ágætu lagi varðandi smálaxa, en áhyggjur eru af stórlaxi, einkum á Suður- og Vesturlandi. Staða stofnsins er góð samanborið við sambærilega stofna í Evrópu og Norður-Ameríku. Norðmenn hafa lokað fyrir veiði í 124 ám af rúmlega 400. Í Bandaríkjunum er öllum veiddum laxi sleppt aftur enda er hann á lista yfir dýr í útrýmingarhættu.

Þetta er meðal þess sem kom fram í erindi Guðna Guðbergssonar, sérfræðings hjá Veiðimálastofnun, á ársfundi stofnunarinnar fyrir skemmstu.

Guðni sagði að veiði úr laxastofnum heimsins á áttunda áratugnum hafi skilað 12 þúsund tonna afla. Síðan hefur veiði snarminnkað og veiðin árið 2011 var um 1.600 tonn. Veiði hefur minnkað á öllum svæðum en hnignunin er mun meiri á suðlægum svæðum en þeirra sem liggja norðar. Veiðin í sunnanverðri Evrópu er komin úr 4.500 tonnum niður í 500 tonn en í norðanverðri Evrópu, Noregi, Rússlandi og Finnlandi voru sambærilegar tölur 2.500 tonn en er núna um þúsund tonn. Veiði í stofnum í Kanada snarminnkaði og eins í Bandaríkjunum þar sem litið er á Atlantshafslax sem tegund í útrýmingarhættu. Þar hefur gríðarleg fiskirækt verið stunduð um árabil og má í raun segja að laxinn sé „í gjörgæslu“ þar í landi.

Það veiðifyrirkomulag að veiða og sleppa laxi er umdeilt, en þó færist þetta fyrirkomulag sífellt í vöxt. Guðni birti tölur þar sem fram kemur að í Bandaríkjunum er öllum laxi sleppt, enda ástand stofna skelfilegt. Rússar sleppa 80 til 85 prósentum af veiddum laxi og 60 til 65 prósentum er sleppt í Englandi og Wales. Írar sleppa um 40 prósentum af sínum laxi líkt og við Íslendingar. Norðmenn sleppa hins vegar innan við tíunda hverjum laxi.

Gjarnan er litið til Noregs til að leita samanburðar við stöðu íslenska laxastofnsins en þar í landi hefur verið lokað fyrir veiði í 124 ám af um 400, en íslenskar ár eru um 120. Er talið að veiðiréttarhafar tapi um 6,5 milljörðum króna á ári vegna lokananna. Veiðiréttarhafar kenna laxeldi um en fiskeldismenn telja að ástæðurnar séu fjölþættari.

Guðni vék að auknum áhuga á laxeldi í sjó hér á landi og að nauðsynlegt væri að taka tillit til reynslu Norðmanna. Krafan sé að engir laxar sleppi úr kvíum, en það er óraunhæft enda sýna rannsóknir að minnst einn lax sleppur út fyrir hvert tonn sem er alið.

svavar@frettabladid.is



**STÓRLAXI SLEPPT** Þórarinn Sigþórsson tannlæknir rennir 15 punda laxi aftur í hylinn. MYND/STEFÁN SIGURÐSSON

**40%** af veiddum laxi á stöng á Íslandi er sleppt aftur. Öllum laxi er sleppt í Bandaríkjunum.

## Guðrún J. Halldórsdóttir látin

Guðrún J. Halldórsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Námsflokka Reykjavíkur og alþingismaður fyrir Kvennalistann, lést miðvikudaginn 2. maí 77 ára að aldri.



Foreldrar hennar voru hjónin Þorbjörg Jónsdóttir húsmóðir og Halldór Jónsson trésmiður, ættuð úr Húnavatnssýslu. Guðrún var ógift og barnlaus. Hún átti tvö systkin, Elínborgu sem er látin og Hannes sem lifir systur sínar.

Guðrún hlaut margs konar viðurkenningar fyrir störf sín, hún var meðal annars sæmd riddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu, hún fékk verðlaun íslensku menntasamtakanna og heiðursverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2008.

Forsetakosningar að hefjast:

## Kjörgögn send til sýslumanna

**KOSNINGAR Sýslumenn um land allt geta hafið atkvæðagreiðslu utan kjörfundar vegna komandi forsetakosninga frá og með morgundeginum.**

**Í tilkynningu frá innanríkisráðuneytinu segir að kjörgögn hafi verið send sýslumönnum og utanríkisráðuneytinu vegna kosninganna.**

**Atkvæðagreiðslur á sjúkrahúsum, dvalar- og vistheimilum og fangelsum mega þó ekki fara fram fyrr en í fyrsta lagi þremur vikum fyrir kjördag, það er 9. júní. Atkvæðagreiðsla í heimahúsum má hefjast fjórum dögum fyrir kjördag, 26. júní.** - þj




Bandarísk stjórnvöld segjast ætla að gæta hagsmuna Chens áfram:

# Óvíst um samningsvilja Kína

**KÍNA, AP** Bandarísk stjórnvöld virðast ekki hafa áttað sig á að kínverski andófsmaðurinn Chen Guangcheng hafi yfirgefið sendiráð Bandaríkjanna í Peking nauðugur viljugur, af ótta við öryggi fjölskyldu sinnar.

Gary Locke, sendiherra Bandaríkjanna í Kína, fylgdi Chen á sjúkrahús á miðvikudaginn eftir að hann hafði dvalist sex daga í sendiráðinu. Aðeins fáeinum klukkustundum síðar sagði Chen við blaðamenn að hann vildi komast úr landi með fjölskyldu sinni.

„Við þurfum að ráðgast við þau áfram til að fá betri tilfinningu fyrir því hvað þau vilja gera og hvaða möguleika þau telja sig hafa,“ sagði Victoria Nuland, talsmaður bandaríska utanríkisráðuneytisins.

Bandaríkjamenn segjast ætla að fylgja málinu eftir, en óvíst þykir að Kínverjar hafi nokkurn áhuga á frekari samningaviðræðum um örlög Chens. Þeir brugðust ókvæða við þegar fréttist að Chen hefði flúið úr stofufangelsi og fengið inni í bandaríska sendiráðinu.

Locke sendiherra sagði upphaflega að Chen hefði fengið fullvissu fyrir því að hann yrði ekki aftur sendur til heimabæjar síns, heldur fengi hann að dvelja á öruggum stað í Kína ásamt fjölskyldu sinni og gæti lagt þar stund á háskólanám. - gb



**Á SJÚKRAHÚSINU Í PEKING** Chen hitti aftur fjölskyldu sína á miðvikudag eftir sex daga dvöl í bandaríska sendiráðinu. NORDICPHOTOS/AFP





# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

VALITOR KORTALÁN VISA



STÆRÐ: 305 SM.

SPARIÐ 20.000

TRAMPÓLÍN + ÖRYGGISNET FULLT VERÐ: 49.980

**29.980**

**TRAMPÓLÍN**
Flott og gott trampólín í garðinn eða á pallinn.
Trampólín stærð: Ø305 x H70 sm. **29.990**
Öryggisnet hæð: 170 sm. **19.990**
Trampólín + öryggisnet **29.980**
Stigi **2.995** Aukahlíf stærð: Ø305 sm. **5.995**
Einnig fáanlegt trampólín í stærð: Ø427 **49.990**
Öryggisnet **19.990** Trampólín + öryggisnet **55.000**

# FRÁBÆRT VERÐ!

Gildir til 06.05.12



VERÐ AÐEINS:
**1.295**

**GARTEN GARÐSKÓR**
Þægilegir skór í garðinn. Stærðir: 36-45.




20 stk. AÐEINS
**249**

**KRÍTARBOX**
20 stk. í pakka á frábæru verði!



VERÐ AÐEINS STK.
**399**

**VATNSBYSSA**
Frábært verð!



VERÐ AÐEINS STK.
**299**

**VATNSBYSSA**
Fæst í 3 flottum litum!




**PRJÓNABLAÐIÐ ÝR**
Nýtt prjónablað komið í allar verslanir.

NÝTT

## BORÐ + SÓFI + 2 STÓLAR + SESSUR



SETTIÐ FULLT VERÐ: 79.990

**44.990**

SPARIÐ 35.000

**SOFIE GARÐHÚSGÖGN**
Stílhreint og flott garðhúsgagnasett úr sterku, viðhaldsfríu, plastefni á frábæru verði! Settið samanstendur af sófa, 2 stólum, borði og sessum í stólana og sófann. Stærð á borði: B59 x L92 x H43 sm.
Borð + sófi + 2 stólar + sessur fullt verð: **79.990**

VALITOR KORTALÁN VISA



SPARIÐ 14.980

BORÐ + 4 STÓLAR FULLT VERÐ: 54.970

**39.990**

**NISSA BORÐ + 4 LATINO STÓLAR**
Garðsett í dökkgráum lit með netáklæði. Borð með hertri glerplötu.
Borð: Ø105 sm. 4 stillanlegir stólar. Borð **14.990** Stóll **9.995**

## GENGIÐ 03.05.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,62 | 125,22 |
| Sterlingspund | 201,69 | 202,67 |
| Evra | 163,65 | 164,57 |
| Dönsk króna | 21,999 | 22,127 |
| Norsk króna | 21,676 | 21,804 |
| Sænsk króna | 18,447 | 18,555 |
| Japanskt jen | 1,5499 | 1,5589 |
| SDR | 192,55 | 193,69 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
225,3684

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarliðar og stjórnarandstöðuþingmenn tókust á í gær um vinnubrögð og áframhaldandi störf þingsins:

# Hægfara þing haldi áfram fram á sumar

**ALÞINGI** Alþingi mun starfa fram í júní eða júlí gerist þess þörf. Þetta sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í þinginu í gær. Hún sagði þó að vel ætti að vera hægt að ljúka þingstörfum fyrir 31. maí eins og starfsáætlun gerir ráð fyrir, ef vilji væri fyrir hendi.

Stjórnarliðar og stjórnarandstöðuþingmenn tókust á í umræðum um störf þingsins og lengd þess í gær. Fjöldi mála bíður afgreiðslu þingsins og var samþykkt í gær að funda fram á kvöld.

„Það er öllum ljóst að þetta þing er í miklum hægagangi og hér er mikið málþóf í gangi,“ sagði Jóhanna.

> Það er öllum ljóst að þetta þing er í miklum hægagangi og hér er mikið málþóf í gangi.
>
> JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR FORSÆTISRÁÐHERRA

Forsætisráðherra sagði Framsóknarflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn aðeins hafa það markmið að koma í veg fyrir að mál, sem þjóðin hefði beðið eftir lengi, næðu fram að ganga.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði stjórnarþingmenn eiga að líta sér nær, það væri á ábyrgð ríkisstjórnarinnar en ekki stjórnarandstöðunnar að þingið stæði í þessum vanda. Hann sagði umræðuna jafnframt hlægilega.

„Við erum tilbúin til að vera hér alveg sleitulaust fram að næstu kosningum,“ sagði Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, um þingflokk sinn. Hún sagði forsætisráðherra vera með hótanir og sagði núverandi stöðu þingsins tilkomna vegna þrjósku hans.

„Það er alveg ljóst hvað er hér í gangi. Það standa hörð átök um völdin á Íslandi og Sjálfstæðisflokkurinn er brjálaður yfir því að vera ekki við völd,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna við Fréttablaðið í gær.

Steingrímur segir Sjálfstæðisflokkinn vilja gera ríkisstjórninni allt til bölvunar og skeyti ekkert um þjóðarhag í þeim efnum. **- þeb, kóp**

Deilur um eldflaugavarnir:

## Viðræður að komast í þrot

**RÚSSLAND, AP** „Okkur hefur ekki tekist að finna lausnir sem gagnkvæm sátt væri um,“ sagði Anatólí Serdjúkov, varnarmálaráðherra Rússlands, um viðræður við Bandaríkjamenn um flugskeytavarnir, sem Bandaríkin vilja setja upp í austanverðri Evrópu.



ANATÓLÍ SERDJÚKOV

Hann segir viðræðurnar komnar í þrot.

Rússar taka ekki mark á þeim fullyrðingum Bandaríkjamanna að varnirnar eigi eingöngu að beinast gegn hugsanlegri ógn frá Íran. Þeir óttast að þegar fram líða stundir muni flugskeytavarnirnar grafa undan fælingarmætti rússneskra kjarnorkuvopna. **- gb**

Einn fær að veiða túnfisk:

## Hlutkesti nýtt í leyfisveitingu

**SJÁVARÚTVEGUR Fiskistofa hefur auglýst eftir umsóknum um eitt leyfi til veiða á Austur-Atlantshafsbláuggatúnfiski. Um eitt leyfi er að ræða og verði hæfir umsækjendur tveir eða fleiri er Fiskistofu heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun leyfisins.**

**Umsækjendur skulu ráða yfir fiskiskipi sem hefur leyfi til veiða í atvinnuskyni og hefur búnað sem hentar til veiðanna. Í umsókn um leyfi skal koma fram áætlun um veiðarnar, lýsing á búnaði skips, upplýsingar um áætlaðar löndunarhafnir og ráðstöfun afla.**

**Umsóknarfrestur er til 18. maí 2012. - shá**

# Vel horfir með Evrópustyrk til rannsókna á eldfjöllum

**Stórt samevrópskt rannsóknaverkefni um vöktunarkerfi eldfjalla og samstarfsnet fyrir eldfjallarannsóknir er í burðarliðnum. Vísindamenn frá 10 Evrópulöndum koma að verkefninu sem hverfist um íslensk eldfjöll.**

**RANNSÓKNIR** Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands mun í samvinnu við Veðurstofu Íslands leiða samevrópskt verkefni 26 rannsóknastofnana og fyrirtækja sem góðar líkur eru á að verði fjármagnað með styrk frá Evrópusambandinu. Verkefnið nefnist Evrópsk ofurstöð í eldfjallafræði á Íslandi (FutureVolc).

Um er að ræða mjög stórt Evrópuverkefni með íslenskri verkefnastjórn ef af verður og nemur styrkupphæðin um sex milljónum evra eða tæpum milljarði íslenskra króna. Þriðjungur styrkupphæðarinnar nýtist íslenskum stofnunum og fyrirtækjum beint. Rannsóknirnar, hvar sem þær verða unnar, tengjast allar Íslandi, íslenskum eldstöðvum og tækjabúnaði sem hér er þegar.

Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur á Jarðvísindastofnun HÍ, segir styrkinn ekki í hendi en umsókninni hafi verið afar vel tekið enda fékk hún hæstu mögulegu einkunn í matsferlinu. Verkefnið nær til tíu Evrópulanda og er hugsað til þriggja og hálfs árs.

Meginmarkmið verkefnisins er að hanna samhæft vöktunarkerfi fyrir eldfjöll og samstarfsnet fyrir eldfjallarannsóknir. Þetta verður gert með því að samþætta niðurstöður frá mismunandi mæliaðferðum og tækjum; jarðskjálftamælum, mælingum á jarðskorpuhreyfingum og gasstreymi. „Þegar eldgos verða á að samþætta gögn til að meta betur magn gosefna sem kemur frá eldstöðinni og hvað gosmökkurinn er efnismikill,“ segir Freysteinn.

Annað markmið er að þróa aðferðir til að bæta flæði upplýsinga til almannavarna og yfirvalda í Evrópu. Verkefnið stuðlar þannig að betri upplýsingagjöf til þeirra sem gefa út viðvaranir til flugfélaga vegna öskuburðar.

Verkefnið snýst um Ísland og íslensk eldfjöll en þróaðar verða aðferðir og kerfi sem nýtast annars staðar í heiminum. Virkustu eldfjöll Íslands eru áherslusvæði verkefnisins; Katla, Hekla, Grímsvötn og aðrar eldstöðvar í Vatnajökli. Ef vel tekst til fæst forskrift að því hvernig á að standa að rannsóknum annars staðar.

Ef af verður koma yfir 100 vísindamenn að verkefninu. Á Íslandi, auk Jarðvísindastofnunar og Veðurstofunnar, kemur almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra að vinnunni auk tveggja einkafyrirtækja; Samsýnar og Miracle sem koma meðal annars að hönnun gagnagrunns. **svavar@frettabladid.is**



**HEKLA 2000** Evrópuverkefnið snýst um Ísland og íslensk eldfjöll; Heklu, Kötlu og eldstöðvarnar í Vatnajökli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Samevrópska rannsóknaverkefnið FutureVolc

- Um er að ræða eitt af stærri verkefnum sem hafa komið til álita innan 7. rannsóknaáætlunar ESB undir íslenskri stjórn.
- Verkefnið hefur verið undirbúið í eitt ár. Forumsókn var send í júlí 2011 og keppti við verkefni á öðrum hættusvæðum í Evrópu með tilliti til að þróa leiðandi aðferðir til framtíðar.
- Tólf umsóknir voru sendar inn vegna þessa rannsóknarhluta. Fullmótuð umsókn var send inn í febrúar.
- FutureVolc fékk hæstu mögulegu einkunn við mat á umsókninni eða 15 stig af 15 mögulegum. Uppfylla þurfti kröfur um vísindaleg gæði, mikilvægi þess fyrir Evrópu, samsetningu rannsóknarhópsins og stjórnun.
- FutureVolc fékk hæstu einkunn af þeim verkefnum sem náðu inn í lokamatið.
- Forsvarsmönnum verkefnisins hefur verið boðið að ganga til samninga við ESB.






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**SÓL OG BLÍÐA**
Veðrið verður virkilega gott alla helgina í björtu veðri og mjög hægum vindi. Við munum þó ekki sjá neitt mjög háar hitatölur en hann gæti náð 12-14 stigum þar sem hlýjast verður á suðvestanverðu landinu.



Á MORGUN 3-8 m/s.

SUNNUDAGUR Hæg breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 16° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 25° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 10° |
| París | 20° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




**KYNNING Í DAG**
Skeifunni, Kringlunni og á Akureyri frá kl. 15-18

**BLÁSKEL**
**998** kr/pk.
Verð áður 1.298.-

## SPAGHETTI VONGOLE *fyrir 4 að hætti Rikku*

400 g spaghetti
1 msk smjör
1 msk ólífuolía
2 hvítlauksrif, pressuð
½ skalottlaukur, saxaður
1 tsk karrý
½ tsk chili flögur
1 sólþurrkaðir tómatar, grófsaxaðir
1 kg bláskel
250 ml hvítvín
50 ml rjómi
150 g ferskar grænar baunir (frosnar)
salt og nýmalaður pipar
3 msk fersk söxuð steinselja

Sjóðið pastað samkvæmt pakkningu. Á meðan pastað er að sjóða hitið þá smjör og ólífuolíu á stórri pönnu, gott er að nota wok pönnu. Steikið laukana þar til að þeir verða mjúkir í gegn, kryddið laukana með karrý og chili flögum. Setjið tómatana saman við og steikið áfram í 2 mínútur. Bætið bláskelinni út á pönnuna og hellið hvítvíninu og rjómanum saman við og látið sjóða niður í 2-3 mínútur. Sigtið vatnið frá pastanum og hellið því út á pönnuna ásamt baununum. Kryddið með salti og pipar og stráið steinselju yfir.

UPPSKRIFT




**1.298** kr/kg.
Verð áður 1.498.-

**Gelato di Maranello**
tíramisú, súkkulaði og kirsuberja ís

**Ricette d´Autore antipasti**
Ólífur, balsamik laukur og grilluð paprika

**Franchi salame**
4 tegundir

**Nautahakk**




**Marinerað lambalæri**
bragð frá Ítalíu

**1.498** kr/kg.
Verð áður 1.798.-



**LaSelva**
– grillað grænmeti

**LaSelva bruschetta**
– með sveppum & ætiþistlum

**LaSelva pestó**
– ekta ítalskt

**LaSelva risotto**
– margar tegundir




**Lavazza Tierra kaffi**
– baunir og malað

**Salt & pipar kvarnir**
– frá Il Boschetto

**Le Logge Panforte & Ricciarelli Mandorla** kökur

**Sacla pestó & sósur**
– ómissandi í matargerðina

**24** Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú að strandveiðarnar eigi rétt á sér?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 77,3% |
| NEI | 22,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú búin(n) að ákveða hvern þú ætlar að kjósa í forsetakosningunum í sumar?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Lögreglan segir líkgeymslumál í Borgarbyggð í ólestri og vill úrbætur hið fyrsta:

# Erfitt að halda athöfn með presti

**LÖGREGLUMÁL** Theodór Kr. Þórðarson, yfirlögregluþjónn í Borgarfirði og Dölum, segir líkgeymslumál í Borgarfirði í ólestri. Vandamálið sé í senn viðkvæmt og aðsteðjandi og nauðsynlegt að bregðast við því hið fyrsta.

Í bréfi Theodórs til byggðaráðs Borgarfjarðar segir hann vandann að hluta til felast í því hversu „líkhúsið“ í heilsugæslustöðinni í Borgarnesi sé lítið. „Séu þar fyrir eitt eða tvö lík þegar skyndilegt dauðsfall verður, til dæmis vegna umferðarslyss, er orðið mjög erfitt að athafna sig fyrir lögreglumenn, starfsfólk útfararstofnana og aðra sem að þessum málum koma. Að ekki sé minnst á þegar taka þarf á móti ættingjum í þessu herbergi að halda þar athöfn með presti og tilheyrandi,“ skrifar Theodór og þá er allur vandinn ekki upptalinn.

„Fyrir utan nefnd þrengsli er í öðru lagi þarna aðeins lágmarks kælibúnaður sem hefur þar fyrir utan verið nokkuð bilunargjarn,“ lýsir yfirlögregluþjónninn sem segist vonast til að líkgeymslan verði stækkuð sem fyrst svo hún rúmi fjögur til sex lík í einu og að þar verði komið fyrir „viðeigandi og virkum kælibúnaði“.

Byggðaráðið fól sveitarstjóranum að ræða við Heilbrigðisstofnun Vesturlands um úrbætur. **- gar**



**THEODÓR KR. ÞÓRÐARSON** Yfirlögregluþjónn segir vandræði skapast ef geyma þarf fleiri en eitt lík í einu Borgarbyggð.

Færri takast á við fleiri mál:

# Persónuvernd varar við töfum

**STOFNANIR** Þrátt fyrir að málum sem berast Persónuvernd hafi stöðugt fjölgað hefur starfsmönnum þar fækkað. „Það sem af er þessu ári hafa 612 ný mál verið skráð hjá stofnuninni. Til samanburðar voru nýskráð mál þann 1. maí 2008 alls 361. Er því um 75 prósenta aukningu að ræða á fjórum árum,“ segir í frétt Persónuverndar.

Verði ekkert að gert megi búast við enn meiri töfum á afgreiðslu mála. Stofnunin sjái ekki fram á að geta sinnt lögbundnum verkefnum með fullnægjandi hætti. **- gar**

Ótrúlegt tilboð
Allra síðustu sætin

2 fyrir 1 til Costa del Sol

12. maí

Frá kr. 39.950

Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Malaga 12. maí í 10 nætur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu meðan á dvölinni stendur. Þetta er 11 daga ferð, en aðeins 6 vinnudagar.

Verð kr. 39.950
Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 12. maí í 10 nætur. Netverð á mann. Verð áður kr.79.900.

Verðdæmi fyrir gistingu:
Kr. 27.600 m.v. 2 fullorðna í studio íbúð á Agumarina í 10 nætur.

Kr. 47.800 með „öllu inniföldu“
Tvíbýli á hótel Roc Flamingo eða Griego Mar í 10 nætur. Verð fyrir einbýli kr. 66.100

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



**SJÓNVARPSKAPPRÆÐUR** Francois Hollande og Nicolas Sarkozy mættust í síðustu sjónvarpskappræðum sínum á miðvikudagskvöld. NORDICPHOTOS/AFP

# Sigurlíkur Sarkozys virðast hverfandi

**Sarkozy tókst engan veginn að tryggja sér sigur með frammistöðu sinni í sjónvarpskappræðum á miðvikudagskvöld. Hollande varðist harðskeyttum árásum Sarkozys af fimi og virðist hafa komið á óvart. Kosið verður á sunnudag.**

**FRAKKLAND** Francois Hollande, forsetaefni franska Sósíalistaflokksins, er spáð 53 til 54 prósenta atkvæða í seinni umferð forsetakosninganna um næstu helgi. Nicolas Sarkozy, núverandi forseti, fær varla nema 46 til 47 prósent, verði úrslitin nálægt því sem skoðanakannanir spá.

Sarkozy virðist engan veginn hafa tekist að saxa á forskot Hollandes í sjónvarpskappræðum á miðvikudagskvöld, sem urðu líklega þær heiftarlegustu í sögu slíkra kappræðna í frönsku sjónvarpi.

Sarkozy greip hvert tækifæri til að ráðast að Hollande, sakaði hann um lygar og sagði að stefna hans myndi leiða Frakkland í glötun.

Hollande hélt hins vegar ró sinni og varð aldrei svara vant, sem virðist hafa komið áhorfendum á óvart því Hollande hefur oft komið þeim fyrir sjónir sem heldur litlaus og atkvæðalítill stjórnmálamaður.

Hollande kom líka nokkrum skotum á Sarkozy, til dæmis þegar hann sagði: „Þú ert stöðugt með orðið „lygar“ á vörunum. Er það persónulegt vandamál hjá þér?“

Hollande hefur boðað kúvendingu í sumum helstu stefnumálum Sarkozys. Meðal annars hefur hann lofað því að kalla franska herinn heim frá Afganistan hið fyrsta, og svo þverneitar hann að taka þátt í hinu nýja fjármálabandalagi evruríkjanna, sem Bretar hafa heldur ekki viljað taka þátt í.

Þegar Hollande var spurður að því hvers konar forseti hann ætlaði sér að vera, þá svaraði hann með nokkuð langri ræðu í fimmtán liðum, sem hver hófst á orðunum: „Ég, sem forseti lýðveldisins, …“

Þar lofaði hann því meðal annars að láta dómsvaldið afskiptalaust, að ætla sér ekki að taka þátt í fjársöfnun fyrir flokk sinn og að ráðherrum verði settar siðareglur, sem tryggi að þeir lendi ekki í hagsmunaárekstrum.

Þá lofar hann því að framkoma sín muni ávallt verða til fyrirmyndar. Hann ætli sér ekki að verða forseti „sem ræður öllu en ber í raun ekki ábyrgð á neinu“.

Fari svo að Hollande komist til valda verður væntanlega grannt fylgst með hvort hann efnir þessi hátíðlegu loforð.

Staða Sarkozys skánaði svo vart í gær þegar Bagdadi Ali Al-Mahmoudi, fyrrverandi forsætisráðherra Líbíu, staðfesti að stjórn Múammars Gaddafí hefði stutt kosningabaráttu Sarkozys fyrir forsetakosningarnar árið 2007 með 50 milljónum evra. Sarkozy var þá nýbúinn að vísa fréttum um slíkt algerlega á bug.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Harðfiskurinn frá Stykkishólmi
Þessi sjúklega góði

Humarsoð frá Hornarfirði

Humar 2.350 kr.kg
Óbrotinn fyrsta flokks humar

Ferskur Túnfiskur
Alla föstudaga og laugardaga

Glæný Bláskel frá Stykkishólmi

Fiskibollur að dönskum hætti
(lax, þorskur, dill, rjómi, krydd)

OPIÐ LAUGARDAGA 10-15.00

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Fjórtán prósent starfsfólks geðdeilda hefur mátt þola kynferðislegt ofbeldi:

# Ofbeldi gagnvart starfsfólki algengt

**HEILBRIGÐISMÁL** Tæpur þriðjungur starfsfólks geðsviðs Landspítalans hefur orðið fyrir líkamlegu ofbeldi síðasta hálfa árið. Um helmingur hefur orðið fyrir andlegu ofbeldi og tæplega fjórtán prósent fyrir kynferðislegu ofbeldi. Gerendur eru í langflestum tilvikum sjúklingar.

Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem Dr. Jón Friðrik Sigurðsson, hjúkrunarfræðingur á geðsviði Landspítalans, og Hjalti Einarsson gerðu í apríl síðastliðnum.

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna tíðni ofbeldis gagnvart starfsfólki sviðsins. Þar kom meðal annars fram að þó nokkrir starfsmenn sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi oftar en einu sinni á tímabilinu.



**GEÐDEILD LSH VIÐ HRINGBRAUT** Um helmingur starfsmanna geðsviðs LSH segist hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi í vinnunni síðasta hálfa árið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Af þessu má draga þá ályktun að starfsfólk geðdeilda sé í hópi þeirra starfsstétta sem eru líklegastar til að verða fyrir ofbeldi í starfi, sérstaklega starfsfólk sem vinnur hjúkrunarstörf,“ segir Jón Friðrik. „Næstum allir sem svöruðu könnuninni töldu einhverjar líkur á að verða fyrir ofbeldi í starfi sínu og höfðu áhyggjur af því.“

Jón Friðrik segir niðurstöðurnar ríma við sambærilegar kannanir erlendis. Alþjóðlegt málþing um ofbeldi á geðdeildum verður haldið í Háskóla Íslands í dag þar sem niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar frekar. **- sv**

TOYOTA

# LAND CRUISER 200
## Kominn aftur

ALWAYS A BETTER WAY




ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 59460 04/12

### LAND CRUISER 200 – FULLKOMIÐ FRELSI.

Viltu halda áfram þegar aðrir verða að hætta? Viltu komast lengra, hraðar og fara hærra? Viltu vera óháður duttlungum náttúrunnar án þess að fórna nokkru af þeim þægindum sem þú átt skilið? Land Cruiser 200 byltir hugmyndum þínum um alvöru jeppa. Yfirborðið er fágað og undir því leynast óteljandi tækninýjungar sem miða allar að því að knýja þig áfram af konunglegu afli og veita þér ógleymanlega akstursreynslu.

### NÝJUNGAR:

- LED dagljósabúnaður
- HID Xenon aðalljós
- Nýr framendi (grill og stuðari)
- Nýjar álfelgur
- Stefnuljós í hliðarspeglum
- Svart leðuráklæði á sætum
- Leiðsögukerfi með íslensku korti
- Upphitað leðurstýri
- Ný áferð á miðjustokki
- Kælibox í miðjustokki
- Ný tækni sem eykur aksturshæfni
- 5 og 7 sæta útfærsla
- Ný öflug bensínvél

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hversu mörgum milljörðum verður varið í húsnæðisbótakerfið?*
2. *Hvert mætti Barack Obama óvænt í heimsókn í vikunni?*
3. *Hversu stóran hlut Grímsstaða ætlar Huang Nubo að leigja?*

**SVÖR**

*1. 24,8 milljörðum 2. Til Afganistans 3. 70%*

Samningsafstaða Íslands í tveimur samningsköflum kynnt fyrir Evrópusambandinu:

# Ísland vill fá að sleppa við sumartímann

**EVRÓPUMÁL** Samningsafstaða Íslands varðandi flutningastarfsemi annars vegar og frjálsa vöruflutninga hins vegar í samningaviðræðum Íslands og Evrópusambandsins hefur verið kynnt framkvæmdastjórn ESB og aðildarríkjunum. Meðal þess sem þar kemur fram er að Ísland vill sleppa við að taka upp sumartíma, komi til aðildar.

Búist er við því að viðræður hefjist í viðkomandi málaflokkum síðar á þessu ári, en kaflarnir heyra báðir undir EES-samninginn.

Í samningsafstöðu um kaflann um frjálsa vöruflutninga leggur Ísland meðal annars áherslu á að viðhalda reglum varðandi hámarksgildi kadmíums í áburði og leitast eftir því að opna fyrir samstarf við önnur ríki um markaðsleyfi fyrir lyf.

Í samningsafstöðu Íslands um kafla 14 um flutningastarfsemi koma meðal annars fram óskir Íslands um að fá að halda heimildum til að styrkja innanlandsflug, að Ísland þurfi ekki að framkvæma tilskipun um sumartíma, og einnig er farið fram á afmarkaðar sérlausnir vegna aksturs- og hvíldartíma ökumanna.

Í framhaldinu munu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin taka afstöðu Íslands til skoðunar og leggja fram sína eigin samningsafstöðu sem verður lögð til grundvallar þegar samningaviðræður hefjast. **- þj**



**VIÐ SAMNINGABORÐIÐ** Búist er við að samningskaflar um flutningastarfsemi og frjálsa vöruflutninga verði opnaðir seinna á árinu. Samningsafstaða Íslands liggur fyrir. MYND/FRAMKVÆMDASTJÓRN ESB




# Þórólfur segir öll sín gögn vera opinber

**Formaður Bændasamtakanna deilir á Þórólf Matthíasson hagfræðiprófessor vegna greinar um hótelrekstur samtakanna. Þórólfur vísar gagnrýni á bug.**

**FJÁRMÁL** Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir Þórólf Matthíasson hagfræðiprófessor hafa valdið samtökunum miklum skaða með grein sem hann skrifaði í Fréttablaðið í gær. Hann telur Þórólf þurfa að segja sig frá störfum í nefnd um skuldaaðlögun, en Þórólfur vísaði því á bug. Allt sem fram komi í greininni séu opinberar upplýsingar.

Í greininni, sem ber yfirskriftina „Áhætturekstur Bændasamtaka Íslands“, tíundar Þórólfur slæma stöðu félaganna Hótels Sögu ehf. og Hótels Íslands ehf. sem eru í eigu samtakanna. Þórólfur upplýsir meðal annars að samtökin hafi þurft að færa niður allt hlutafé í félögunum tveimur og afskrifa 950 milljóna króna skuld Hótels Sögu við samtökin.

Þá segir Þórólfur Búnaðarþing hafa hafnað 4,3 milljarða króna kauptilboði í hótelin árið 2006.

Hann varpaði fram fjölmörgum spurningum varðandi starfsemi Bændasamtakanna, meðal annars hvort rétt sé að samtökin „sem sýsla með almannafé fyrir ríkissjóð, standi í áhættusömum rekstri á borð við rekstur veitingahúsa og hótela“.

Haraldur sagði í samtali við Vísi.is í gær að Þórólfur hefði valdið samtökunum miklum skaða þar sem þau séu í samskiptum við banka um skuldaendurskoðun hótelanna. Greinin hafi neikvæð áhrif á það ferli.

„Það sem er alvarlegt við þetta er að Þórólfur situr í eftirlitsnefnd um sértæka skuldaaðlögun og ég myndi halda að hann þyrfti að segja af sér með þessari framgöngu,“ segir Haraldur við Vísi.

Þórólfur svaraði því til, einnig í samtali við Vísi, að þær upplýsingar sem hann tíndi til í greininni væru opinberar. Þar væri ársreikningur Bændasamtakanna, sem hann hafi fengið á grundvelli upplýsingalaga, ársreikningur Hótels Sögu og grein í Morgunblaðinu um kauptilboðið.

Þórólfur sagðist alls ekki sjá tilefni til að segja sig frá nefndarstörfum um skuldaaðlögun og vísar kröfu um slíkt á bug.

„Það er með ólíkindum að Haraldur skuli reyna að drepa málinu á dreif með þessum hætti, í staðinn fyrir að svara spurningum mínum,“ sagði hann við Vísi. **thorgils@frettabladid.is**



HARALDUR BENEDIKTSSON ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON



markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 3. - 6. MAÍ

# nettó
Kræsingar & kostakjör



## LAMBALÆRI
FERSKT & KRYDDAÐ

VERÐ NÚ **1.390**
ÁÐUR 1.598 KR/KG

KJÖTSEL

# ER EKKI KOMIÐ AÐ **GRILLTÍMABILINU**



### BBQ KJÚKLINGALEGGIR
35% AFSLÁTTUR
VERÐ NÚ **649**
ÁÐUR 998 KR/KG

ÍSFUGL



### GRÍSALUNDIR
FERSKAR
VERÐ NÚ **1.198**
ÁÐUR 1.498 KR/KG



### KIELBASA PYLSUR
5 STK. 480 G
VERÐ NÚ **1.348**
ÁÐUR 1.498 KR/KG

KJARNAFÆÐI

NÝBAKAÐ TILBOÐ VIKUNNAR



### KLEINUHRINGUR
BAKAÐ Á STAÐNUM*
50% AFSLÁTTUR
VERÐ NÚ **95**
ÁÐUR 189 KR/STK

*GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI

KJÖTSEL



### VÍNARPYLSUR
10 STK. 480 G
VERÐ NÚ **279**
ÁÐUR 398 KR/PK



### HAMBORGARAR
2X 120 G
31% AFSLÁTTUR

GOÐI

GÓÐIR Á **GRILLIÐ**
**487**
ÁÐUR 649 KR/PK



### EMERGE
BERRY EÐA ORGINAL
250 ML

**89**
KR/STK

### 25% AFSLÁTTUR



BIOTTA HEILSUVIKAN
HINN FULLKOMLEGA SAMSETTI HREINSIKÚR!
TILBOÐIÐ GILDIR FRÁ 26. APRÍL - 10. MAÍ

50% AFSLÁTTUR



### PERUR
Í LAUSU
VERÐ NÚ **115**
ÁÐUR 229 KR/KG

ÁVÖXTUR VIKUNNAR

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**FRÉTTASKÝRING:** EES og stjórnarskráin

# Stjórnarskráin stöðvar eftirlitsstofnanir

**Íslandi ber vegna aðildar að EES að innleiða reglugerðir um nýjar evrópskar stofnanir með miklar heimildir tengdar fjármálamörkuðum. Sérfræðingar í stjórnskipunarrétti telja að með því myndu stjórnvöld brjóta stjórnarskrá.**

Íslenskum stjórnvöldum er óheimilt að festa í lög reglugerðir frá Evrópusambandinu (ESB) um nýjar stofnanir sem eiga að vakta fjármálakerfi Evrópuríkja þar sem reglur um þær standast ekki íslensku stjórnarskrána. Þetta er mat tveggja sérfræðinga í stjórnskipunarrétti sem unnið hafa álitsgerð fyrir íslensk stjórnvöld.

Þrjár nýjar stofnanir ESB og eitt ráð tóku til starfa 1. janúar 2011. Þeim er ætlað að verja stöðugleika fjármálakerfisins og eru viðbrögð sambandsins við fjármálakreppunni sem leikið hefur Evrópu illa á síðustu árum.

Íslandi ber, sem aðila að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), að festa reglur um nýju stofnanirnar í íslensk lög. Nýju stofnanirnar eru valdamiklar og hafa meðal annars heimildir til að svipta banka starfsleyfi, sekta fjármálastofnanir og bregðast við með ýmsum öðrum hætti komi til neyðarástands.

Lögfræðiprófessorarnir Björg Thorarensen og Stefán Már Stefánsson, sem bæði eru sérfræðingar í stjórnskipunarrétti, voru fengnir til að meta hvort aðild Íslands að þessum nýju stofnunum stangaðist á við íslensku stjórnarskrána. Í álitsgerð sem þau skiluðu forsætisráðuneytinu, efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu í lok apríl kemur fram að ekki sé hægt að taka upp reglugerðirnar óbreyttar.

Með því að lögfesta reglugerðirnar hér á landi myndi Ísland framselja ríkisvald til yfirþjóðlegra eftirlitsstofnana. Engar heimildir eru til slíks í stjórnarskránni, samkvæmt álitsgerð Bjargar og Stefáns. Þau segja mikilvægt að huga að breytingum á stjórnarskrá til að löggjafinn geti starfað innan laga í alþjóðlegu samstarfi.

### Þarf að breyta stjórnarskránni

Nýju eftirlitsstofnanirnar hafa heimildir til að taka bindandi ákvarðanir gagnvart Fjármálaeftirlitinu og eftir atvikum Seðlabankanum. Þær hafa líka heimildir til að taka bindandi ákvarðanir sem geta haft íþyngjandi réttaráhrif á íslensk fjármálafyrirtæki. Í þessu felst yfirþjóðlegt vald umfram það sem talist getur heimilt samkvæmt stjórnarskrá.

Engin ákvæði eru í íslensku stjórnarskránni um framsal á ríkisvaldi til yfirþjóðlegra stofnana. Slík ákvæði eru í stjórnarskrám annarra Norðurlanda, sem og flestra annarra Evrópuríkja.

Með innleiðingu reglugerða um nýju eftirlitsstofnanirnar yrði „stigið skrefi lengra í framsali framkvæmdavalds og dómsvalds en áður hefur verið fallist á að rúmist innan 2. greinar stjórnarskrárinnar,“ segir í álitsgerðinni.

Ísland hefur tvo kosti í stöðunni, að breyta stjórnarskránni eða sætta sig við að á endanum verði EES-samningurinn óvirkur, segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Hann segir augljóst að stefna eigi að fyrri kostinum.

Össur segist ánægður með nýju evrópsku eftirlitsstofnanirnar og segir að hann hefði gjarnan viljað að stofnanirnar hefðu orðið til fyrr. „Það er vel hugsanlegt að þá hefði bankahrunið orðið öðruvísi og að Icesave hefði aldrei komið upp. Eitt af því sem þessar nýju reglur segja er meðal annars að ef ágreiningur kemur upp á milli fjármálaeftirlita í mismunandi löndum þá sker samevrópsk eftirlitsstofnun úr. Það hefði munað um það árið 2008.“

Álitamál hafa komið upp frá því EES-samningurinn var samþykktur hér á landi árið 1992 í tengslum við nýjar reglur sem Ísland hefur tekið upp. Í öllum tilvikum hefur niðurstaðan verið sú að þær einstöku breytingar sem þar hafi verið fjallað um brytu ekki í bága við stjórnarskrá.

Björg og Stefán benda á að þó að hver og ein þessara breytinga standist skoðun kunni að vera að mun meira vald hafi þegar verið framselt til erlendra stofnana en heimilt hefði verið ef allar breytingarnar hefðu verið gerðar í einu.

„Því er mikilvægt að huga að nauðsynlegum stjórnarskrárbreytingum til þess að tryggja að löggjafinn starfi innan þeirra marka sem leidd verða af stjórnarskránni um alþjóðlegt samstarf,“ segir í álitsgerðinni.

### Óheillaspor að fórna EES

Össur segir að þær breytingar sem gerðar hafi verið á EES-samningnum frá því hann var samþykktur hér á landi árið 1992 geti þegar hafa leitt til þess að samningurinn eins og hann er framkvæmdur sé ekki í samræmi við stjórnarskrána. Hann segir að ítrekað hafi verið bent á að vafi væri á að mál, sem verið væri að taka inn í íslensk lög, stæðust stjórnarskrá.

„Ég er þeirrar skoðunar að EES-samningurinn sé kominn út fyrir það sem stjórnarskráin heimilar,“ segir Össur. Ekki sé lengur heimilt að innleiða reglur sem beri að gera án þess að brjóta stjórnarskrána, og því þurfi að breyta henni.



**MARKAÐIR** Eftirlit með evrópskum fjármálamörkuðum hefur verið stóraukið eftir fjármálakreppuna sem gengið hefur yfir Evrópu á síðustu árum. Samevrópskar eftirlitsstofnanir fara þó illa saman við íslensku stjórnarskrána. NORDICPHOTOS/AFP

### Verja stöðugleika fjármálakerfisins

Evrópusambandið kom þremur nýjum stofnunum og einu nýju ráði á laggirnar í kjölfar fjármálakreppunnar 2008. Stofnanirnar og ráðið tóku til starfa 1. janúar 2011. Meginhlutverkið sem þeim er ætlað er að bæta starfsemi innri markaðar Evrópusambandsins (ESB) með því að tryggja að löggjöf sé samræmd og áhrifarík. Þær eiga að vernda stöðugleika fjármálakerfisins, gegnsæi markaðar og framleiðslu, og vernd innstæðueigenda og fjárfesta.

Stofnanirnar eru: Evrópska bankaeftirlitið (EBA), Evrópska eftirlitsstofnunin með tryggingum og starfstengdum lífeyri (EIOPA), Evrópska eftirlitsstofnunin með verðbréfa- og fjármálamörkuðum (ESMA) og Kerfisáhætturáð (ESRB).



Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is



# Kaupauki

Allir sem versla í Body Shop um þessar mundir fyrir 5990 kr. eða meira
**fá í kaupbæti ilmgóða og rakagefandi „body butter"-húðnæringu
með kókosolíu (200ml) að andvirði 2390 kr.**
Húðnæringin inniheldur auk kókosolíunnar m.a. smjörtrésmauk (þ.e. „shea butter")
og kakósmjör, hvort tveggja frá Afríkuríkinu Gana.




THE BODY SHOP™

**KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GLERÁRTORGI**

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

# Þetta á ekki að vera styrjöld

**Steingrímur J. Sigfússon segir að ef sjávarútvegurinn geti ekki lagt meira til samfélagsins við þær hagstæðu aðstæður sem nú ríkja, geti hann það aldrei. Hann segir mörg fyrirtæki hafa skuldsett sig um of í kvótakaupum og gagnrýnir banka fyrir lánastefnu. Hann segir *Kolbeini Óttarssyni Proppé* að grunnhugmyndin að fiskveiðistjórnunarkerfi sé einföld; þjóðin eigi auðlindirnar.**

Styr hefur staðið um frumvörp Steingríms J. Sigfússonar um fiskveiðistjórnunarkerfi og veiðigjöld. Fjöldi umsagna hefur litið dagsins ljós og eru þær nánast allar neikvæðar. Á miðvikudag var lagt fram álit sérfræðinga atvinnuveganefndar sem segja frumvarpið munu ganga af fjölda sjávarútvegsfyrirtækja dauðum.

*Ber ekki gagnrýnin vott um að of hátt sé reitt til höggs í gjaldtöku? Varla er ætlunin að setja fjölda fyrirtækja á hausinn?*

„Að sjálfsögðu ekki, enda hefur það aldrei staðið til að sæmilega vel rekin fyrirtæki réðu ekki við þetta gjald. Aðferðafræðin gengur einmitt út á að skilja eftir ríkulega ávöxtun á alla fjármuni sem nauðsynlegir eru í greininni og skilja eftir svigrúm til fjárfestinga.

En ef það er þannig að verulegur hluti sjávarútvegsins ræður ekki við þetta gjald, jafnvel þó það væri eitthvað lægra, þá vaknar náttúrulega spurningin um hvernig á því standi.“

### Afkoman miklu betri

Steingrímur segir umhugsunarefni að afkoma greinarinnar hafi verið mjög góð síðustu 3 til 4 ár, sem sé mjög gott. Skuldir hafi lækkað um 150 til 170 milljarða frá árinu 2008 og til ársloka 2012. Eigið fé greinarinnar hafi aukist um yfir 200 milljarða og framlegðin sé 70 prósentum meiri en hún var árið 2008.

„Þannig að ef við spyrjum okkur, ef sjávarútvegurinn ræður samt ekki við neitt umtalsvert meira veiðigjald, þrátt fyrir að skuldir hafi lækkað um 150 til 170 milljarða, eiginfjárstaðan breyst mjög til batnaðar og framlegðin hafi farið langleiðina í að tvöfaldast; hvernig var þá reksturinn á þeim tíma, þ.e. 2008?

Hvaða grunnur var þá fyrir þær lánveitingar til sjávarútvegsins sem gerði hann svo skuldugan sem raun ber vitni, ef þessi stórbættu skilyrði, lágt gengi, ágætt verð á mörkuðum og góð aflabrögð, skipta engu? Greinin hefur notið þessara góðu ára án þess að greiða nema mjög lítið veiðigjald og fæst fyrirtæki hafa greitt mikinn skatt, þar sem þau áttu uppsafnað tap. Hvernig í ósköpunum stendur þá á því að greinin hefur samt sem áður enga burði til að leggja umtalsvert meira af mörkum?“

*Ertu þá að segja að greinin hafi burði til þess?*



**VILL MÁLEFNALEGA UMRÆÐU** Steingrímur J. Sigfússon kallar eftir málefnalegri umræðu um málefni fiskveiðistjórnunar. Í grunninn sé málið einfalt; þjóðin eigi auðlindina og eigi að njóta hennar. Verði umframhagnaður vegna ytri aðstæðna þurfi að skipta honum á milli útgerðar og þjóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Í mínum huga er enginn vafi á því að hún hefur það miðað við afkomuna eins og hún er. Það hefur alltaf verið meiningin að reyna að finna hvað sé hóflegt í þeim efnum og við erum alltaf tilbúin til að skoða grunninn, þarf að hækka prósentumörkin eða lækka hlutfallið?“

### Óábyrg lánastefna

Steingrímur segir það vandamál hve hluti sjávarútvegsfyrirtækja er enn skuldsettur vegna kvótakaupa. Veiðiheimildir hafi verið keyptar á uppsprengdu verði og þrátt fyrir að góður tími hafi reynst til að greiða þau niður séu skuldirnar enn of íþyngjandi fyrir sum fyrirtæki. Verið sé að kanna hvort hægt sé að taka á því með sértækum aðgerðum.

*En var þetta ekki einfaldlega umhverfið sem menn bjuggu við? Ef átti að veiða fisk, varð þá ekki að borga markaðsverð fyrir kvóta?*

„Vissulega, en það segir líka sína sögu varðandi þetta kerfi og hvort það var að öllu leyti svo gott að ekki megi anda á það.

Maður spyr sig líka um forsendur lánveitinganna þegar bankarnir koma með sínar umsagnir núna. Þeir vilja auðvitað að fyrirtækin fái sem mestar tekjur svo þeir séu sem öruggastir um sín lán. Þeir hefðu hins vegar vel mátt velta fyrir sér grundvöll lánveitinganna á sínum tíma. Hvað voru menn að gera þegar þeir lánuðu svona botnlaust inn í sjávarútveginn til kvótakaupa á uppsprengdu verði?“

> Ég tel að grunnurinn í þessu sé einfaldur. Hann er sá að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll að um sameiginlega auðlind í eigu þjóðarinnar sé að ræða.

Steingrímur segir það líka galla að margir stilli dæminu þannig upp að heildarskuldir sjávarútvegsins, af hvaða tagi sem er, séu tíndar til. Það lúti ekki bara að kvótakaupum heldur einnig fjárfestingum út fyrir greinina.

„En er hægt að gera kröfur um að framlegð af veiðum og vinnslu standi undir þeim? Maður spyr sig líka hvort ekki komi neinar tekjur á móti öðrum fjárfestingum sjávarútvegsins. Getum við fallist á að auðlindarentan eigi að renna í þetta?“

*Ertu að segja að útgerðin dragi þessa skökku lánamynd upp?*

„Já, mér sýnist að það sé þannig á köflum að menn dragi upp dekkri mynd en ella. Það kemur manni mjög á óvart ef þessar gjörbreyttu aðstæður greinarinnar hafa ekkert lagað stöðuna og aukið getu greinarinnar til að leggja meira af mörkum.“

### Þjóðin eigi auðlindina

Að auki segir Steingrímur sum fyrirtæki hafa þurft að greiða skuldsettum eigendum sínum mikinn arð undanfarin ár. Þeir séu því háðir rekstrinum og taki mikinn arð til að greiða af lánunum. Í raun sé verið að láta fyrirtækin borga sig sjálf með stífum arðgreiðslum til eigenda. Allt þetta þurfi að skoða og að hve miklu leyti eigi að taka tillit til aðstæðna og að hve miklu leyti menn vilji gera það.

„Svo mega menn ekki gleyma því að undirliggjandi er auðvitað deilan um það hver á auðlindina og það glittir í hana í mörgum álitum. Hver á tilkall til viðbótarrentunnar á þeim árum þegar hún er mjög mikil?

Það blasir við að hið lága raungengi færir til mikil verðmæti og hvaðan fara þau? Þau birtast í skertum kaupmætti landsmanna.“

Steingrímur spyr hvort ósanngjarnt sé að þjóðin sem eigandi auðlindarinnar fái hlutdeild í auknum hagnaði sem myndist við slíkar aðstæður. Sérstaklega þar sem lágt gengi, sem nýtist útflutningnum, komi niður á hag fjölskyldna.

### Byggt á sáttanefnd

Nokkuð hefur verið gagnrýnt að ekki hafi verið haft samráð við sjávarútveginn varðandi kvótafrumvarpið. Steingrímur hafnar því alfarið.

„Þetta á sér náttúrulega aðdraganda til margra ára og þess vegna áratuga, aftur til skýrslu auðlindanefndarinnar um aldamótin. Það er ekki eins og byrjað sé á núlli og grunnurinn er auðvitað starf sáttanefndarinnar.“

*En er það? Það hefur einmitt verið gagnrýnt að farið sé í aðra átt en þar var lagt til.*

„Jú, þetta er sú leið. Að menn fái nýtingarleyfi til alllangs tíma og uppistaða veiðiheimildanna sé í þeim. Búnir séu til tveir pottar og ríkið verði sér með sinn hlut sem notaður sé í hliðarráðstafanir. Sáttanefndin skildi eftir marga lausa enda og hætti almennt við mál þegar um þau varð ágreiningur.

Það eru auðvitað himinn og haf á milli endanna í þessu máli og hafa alltaf verið. Á milli þeirra sem engar breytingar vilja og þeirra sem vilja umturna kerfinu. Þetta er málamiðlun.“

### Tæknilegar útfærslur

*Í áliti sérfræðinga atvinnuveganefndar segir að verði veiðigjaldið lækkað um helming ráði vel flest sjávarútvegsfyrirtæki við útfærsluna. Er það lending?*

„Ég ætla ekki að tjá mig um einstakar tölur í þessum efnum, heldur útfæra aðferðina.

Ég tel að grunnurinn í þessu sé einfaldur. Hann er sá að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll að um sameiginlega auðlind í eigu þjóðarinnar sé að ræða. Að menn fái nýtingarrétt og séu sæmilega tryggir með hann til alllangs tíma og greiði eðlilegt gjald fyrir. Þegar myndast umframhagnaður vegna sérstakra aðstæðna í hagkerfinu – sem kosta þjóðina á hina hliðina, gleymum því ekki – þá sé eðlilegt að hann gangi að einhverju leyti til þjóðarinnar.

Og þá er þetta bara spurningin um hvernig menn skipta því. Hver á skiptingin að vera á milli þjóðar sem eigenda auðlindar og útgerðarinnar sem þarf að geta búið við góð ár til að byggja sig upp og styrkja. Það eru tæknilegar útfærslur um upphæð gjalds, aðlögunartíma og fleira.

Þetta á ekki að vera styrjöld í mínum huga, við eigum að reyna að ná málefnalega góðri niðurstöðu.“

## Hræðsluáróður útgerðar

Steingrímur segir eðlilegt að forsvarsmenn byggðarlaga, sem séu háð stórum sjávarútvegsfyrirtækjum, og starfsmenn þeim tengdum hrökkvi í kút þegar forsvarsmenn greinarinnar gangi fram með líkum hætti og nú hefur verið gert. Ekki megi gleyma þeim gríðarlegu hagsmunum sem liggja undir. „Við eigum við aðila sem eru mjög öflugir og hafa fjármuni til að heyja hana býsna harðskeytt. Einhver verður hins vegar að gæta að almannahagsmunum.“

En getur hann ábyrgst að engin fyrirtæki fari á hausinn vegna breytinga á kerfinu?

„Nei, að sjálfsögðu get ég það ekki, enda hefur það aldrei verið þannig að öll sjávarútvegsfyrirtæki gangi alltaf. Að uppistöðu til eiga sæmilega vel rekin fyrirtæki að geta klárað sig og viðfangsefnið er að finna hvar það liggur. Ef við ætlum að miða veiðigjald við skuldugasta og verst rekna sjávarútvegsfyrirtæki landsins, þá er það fljótlegt; það verður núll krónur og kannski minna en það.“






HYMER

## HYMER NOVA 540

Það er óhætt að fullyrða að hjólhýsi gerast ekki öllu vandaðri en Hymer-hjólhýsin. Um er að ræða þýska eðalframleiðslu hvort sem litið er á tæknibúnað eða öryggisatriði, hönnun innréttinga, lúxus eða þægindi.






ADRIA

## ADRIA ADORA 472

Í 45 ár hefur Adria framleitt heimili á hjólum og lagt jafna áherslu á hönnun og þægindi. Farartækin eru í hæsta gæðaflokki, búin öllum helstu tækninýjungum og þrautreynd við íslenskar aðstæður. Adria var valið hjólhýsi ársins 2011 í Danmörku.






Camp-let

## CAMP-LET CLASSIC TJALDVAGN

Camp-let Classic er tilvalinn tjaldvagn fyrir þá sem vilja aðeins meiri þægindi í útilegunni. Camp-let tjaldvagninn er með innbyggðu eldhúsi með gasbrennara úr ryðfríu stáli, 13 lítra vatnstanki, rafmagnsvatnsdælu og eldhúsvaski.





ALINER

## ALINER EXPEDITION TITANIUM A-HÝSI

Sameinar kosti fellihýsis þegar kemur að geymslu, drætti og þæginda hjólhýsis hvað varðar aðbúnað og innréttingar.





ÖLL A-HÝSIN ERU GALVANÍSERUÐ!

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 121310

# BAUHAUS opnar stærsta vö

# Komið - takið þátt í opnunarhátí




BAUHAUS Drive-In Timbursala®

**Inngangur**



## Nú opnar stærsta vöruhús á Íslandi á 22.000 m

## Við tökum ávalt vel á móti þér með góðu verði, viðmóti og

**Framkvæmdastjóri BAUHAUS Reykjavík**

# Alltaf lágt verð með VERÐVERND 12%

# BAUHAUS®

**Allt fyrir hús, heimili og garða**

# ruhús á Íslandi á morgun.
## ðinni miklu - við byrjum kl. 07:00







## m² - hvorki meira né minna!
## g vöruúrvali - 120.000 vörunúmer!

GÆÐI | ÞJÓNUSTA

GJAFVERÐ | VÖRUÚRVAL

# RISA
# Opnunarhátíð á Íslandi
## Laugardaginn 5. maí 2012

**TAKTU ÞÁTT Í HAPPDRÆTTINU ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GJAFAKORT AÐ VERÐMÆTI**

# 100.000.-

Við bjóðum alla morgunhressa viðskiptavini velkomna til að vera viðstaddir formlega opnun BAUHAUS í Reykjavík í fyrramálið, 5. maí kl. 08:00. Þeir allra morgunhressustu geta komið þegar kl. 07:00 en þá byrjum við að dreifa happdrættismiðum. Í vinning eru:

**10 gjafakort að andvirði 100.000.-**

Dregið verður um þessa vinninga kl. 07:50 og verður þá dreifingu happdrættismiða hætt. Fyrir þá sem ekki hlutu vinning þá verður aftur dregið kl. 10:00, við þjónustuborðið. Í vinning eru:

**10 gjafakort að andvirði kr. 50.000.-**

Dregið verður um þessa 10 vinninga við Þjónustuborðið í vöruhúsinu kl. 10:00




Dreifingu happdrættismiða verður hætt kl. 7:50

## Laugardaginn 05. maí í BAUHAUS Reykjavík

| | |
|---|---|
| **Kl. 7:00-8:00** | Felix Bergsson stjórnar hátíðinni. |
| **Kl. 7:00-8:00** | Morgunkaffi og rúnstykki. |
| **Kl. 7:00-7:50** | Happdrættismiðum dreift á bílastæðinu. |
| **Kl. 7:50** | 10 gjafakort, hvert að verðmæti 100.000 kr, dregið út á sviðinu á bílaplaninu. |
| **Kl. 8:00** | Framkvæmdastjórinn Halldór Ó. Sigurðsson opnar formlega nýja verslun BAUHAUS í Reykjavík. |
| **Kl. 10:00** | 10 gjafakort, hvert að verðmæti. 50.000 kr, dregið út við Þjónustuborðið. |
| **Kl. 19:00-21:00** | 3 gjafakort, hvert að verðmæti 50.000 kr, dregið út við Þjónustuborðið - með klukkutíma millibili. |

Kids club®

**KRAKKAKLÚBBS MAURINN VERÐUR Á SVÆÐINU ALLAN DAGINN**



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórnarskrárbreyting vegna framsal valds til alþjóðastofnana verður ekki lengur umflúin:

## Taka niður vegg

Tveir lagaprófessorar komast að þeirri niðurstöðu í álitsgerð, sem utanríkismálanefnd Alþingis hefur til umfjöllunar, að nýjar Evrópureglur um yfirþjóðlegt fjármálaeftirlit stangist á við stjórnarskrá Íslands, eins og Fréttablaðið greinir frá í dag.

Evrópusambandið hefur sett á stofn þrjár nýjar stofnanir sem hafa eiga eftirlit með fjármálamarkaðnum og hafa heimildir til að samræma aðgerðir milli eftirlitsstofnana í mismunandi ríkjum, skera úr í ágreiningsmálum og jafnvel grípa fram fyrir hendurnar á eftirlitsstofnunum og beita sér beint gagnvart fjármálafyrirtækjum, þar með talið að stöðva starfsemi þeirra. Til þess kæmi þó ekki nema eftirlitsstofnanir í einstökum ríkjum fylgdu ekki tilmælum Evrópustofnananna eða að neyðarástand kæmi upp.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta nýja eftirlitskerfi var sett á stofn til að leitast við að koma í veg fyrir að fjármálakreppan sem varð 2008 geti endurtekið sig. Alþjóðlegur fjármálamarkaður þarf alþjóðlegt fjármálaeftirlit. Í nýafstaðinni kreppu sýndi það sig að fjármálaeftirlit og aðrar eftirlitsstofnanir einstakra EES-ríkja höfðu ekki nægilegt samráð sín á milli og hvorki heimildir né getu til að grípa til samhæfðra aðgerða. Mál íslenzku bankanna, sem máttu starfa á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og ollu með röngum ákvörðunum bæði fólki og fyrirtækjum í öðrum EES-ríkjum umtalsverðu tjóni, er skólabókardæmi um hvers vegna er þörf á yfirþjóðlegu fjármálaeftirliti.

Samkvæmt EES-samningnum ber Íslandi að innleiða þessar nýju reglur hér á landi. Stefán Már Stefánsson og Björg Thorarensen komast hins vegar að þeirri niðurstöðu að með þeim sé stofnunum ESB fengið svo víðtækt vald hér á landi að það standist ekki stjórnarskrána, að minnsta kosti ekki sé það metið í samhengi við annað valdaframsal vegna EES-samningsins, sem farið hefur fram í smáskömmtum á mörgum árum.

Þetta er það sem margir hafa lengi sagt; að færa yrði stjórnarskrána til nútímahorfs og setja í hana ákvæði um að heimilt sé að framselja ríkisvald til alþjóðlegra stofnana. Stefán Már Stefánsson sat í hópi lögfræðinga sem lagði til þegar árið 1997 að stjórnarskránni yrði breytt á þennan veg. Færa má gild rök að því að núverandi ástand hafi árum saman verið í andstöðu við stjórnarskrána.

Í þessu mikilvæga máli, sem snýst um að hindra að aftur geti komið upp fjármálakreppa á borð við þá sem setti íslenzkt þjóðfélag á hliðina, á Ísland tvo kosti. Annar er að breyta stjórnarskránni þannig að framsal valds til alþjóðastofnana sé heimilt. Það snýst ekki eingöngu um EES heldur líka margvíslegt annað samstarf sem Ísland tekur þátt í. Eins og lagaprófessorarnir tveir orða það eru „ríkir pólitískir og félagslegir hagsmunir af slíku samstarfi“. Hinn kosturinn er að Ísland segi sig frá EES-samningnum. Þegar horft er til þeirra hagsbóta sem hann hefur fært íslenzku atvinnulífi og almenningi á rúmlega sautján árum, geta fáir talið það góðan kost.

Öll rök hníga þess vegna að því sem er niðurstaða lagaprófessoranna: Alþingi þarf að huga að nauðsynlegum stjórnarskrárbreytingum svo Ísland reki sig ekki á veggi í alþjóðlegu samstarfi. Þetta verkefni verður ekki lengur umflúið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis**
**Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum 30. júní 2012**

Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis kemur saman til fundar á Hótel Borgarnesi, Egilsgötu 16, Borgarnesi, þriðjudaginn 22. maí nk. kl. 13.00, til þess að gefa vottorð um meðmælendur forsetaefna samkvæmt 4.gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur skili meðmælendalistum til oddvita yfirkjörstjórnar, Ríkarðs Mássonar, sýsluskrifstofunni, Suðurgötu 1, Sauðárkróki, þriðjudaginn 15. maí nk., milli kl. 13 og 15, til þess að unnt verði að undirbúa vottorðsgjöf yfirkjörstjórnar.

Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalista. Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis gefur eingöngu vottorð um meðmælendur úr eigin kjördæmi.

Yfirkjörstjórn fer þess á leit að meðmælendalistar verði, auk hinna skriflegu eintaka, afhentir á tölvutæku formi ( í excel-skjali á minnislykli ).

*27. apríl 2012.*
*F.h. yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis,*
*Ríkarður Másson*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ótti við verndun

Frumvarp forsætisráðherra um verkaskiptingu stjórnarráðsins fékk mikla umfjöllun á Alþingi. Svo mikla að þingmenn þurftu að vinna yfirvinnu, segja hver öðrum skoðun sína úr ræðustól Alþingis undir lágnættið. En skoðanirnar koma einnig fram í nefndarálitum, og í minnihlutaáliti sjálfstæðismannanna Birgis Ármannssonar og Ólafar Nordal um málið segir: „Með því að færa veigamikil verkefni varðandi auðlindanýtingu til umhverfisráðuneytis er ótvírætt hætta á að verndarsjónarmiðin verði mun þyngri á vogarskálunum en nýtingarsjónarmiðin.“ Þýðir þetta að með því að halda verkefnum frá ráðuneytinu fái nýtingarsjónarmiðin áfram meira vægi? Og hvað með markmið um sjálfbæra nýtingu auðlinda sem ganga út á að vernda höfuðstólinn?



### Vorboðinn ljúfi

Klingjandi bjölluhljómur forsetaklukkunnar ofan í æstan róm þingmanns er einn af hinum óbrigðulu vorboðum. Eins og rauðmaginn og lóan er það merki um að brátt komi sumar þegar stjórnarandstaðan kvartar yfir skipulagsleysi og málafjölda og stjórnarþingmenn kvarta yfir málþófi. Það ætti því að vera morgunljóst að sumarið er í nánd.



### Forgangsröðun og þó

Björn Valur Gíslason brást við kalli stjórnarandstöðunnar um forgangsröðun og tiltók nokkur mál sem ekki yrði samið um. Ragnheiður Elín Árnadóttir taldi þetta hins vegar mikið óráð. „Ef mönnum er einhver alvara með því að ætla sér að klára mál sem koma heimilunum og fyrirtækjunum í landinu til góða er lausnin ekki að halda fundi fram á nótt. Lausnin er fólgin í því að fara að forgangsraða.“ Það eru skrítin viðbrögð við forgangsröðun að biðja um forgangsröðun.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




## Nýr LSH – Staðhæfingar

Heilbrigðismál



Siv Friðleifsdóttir
Alþingismaður

Í nýlegri grein Guðjóns Baldurssonar eru ýmsar staðhæfingar úr grein minni sem birtist í Fréttablaðinu 26. apríl sl. dregnar í efa. Guðjón nefnir ein sjö atriði. Nú er það svo að við Guðjón erum algjörlega á öndverðum meiði gagnvart uppbyggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Að hefja ritdeilu við Guðjón er því svo fjarri mér. Hins vegar ber að taka fram að ég hef fylgst með þessu verkefni um langa tíð og komið að því með einum og öðrum hætti, bæði sem þingmaður og heilbrigðisráðherra, og allan þann tíma hef ég verið sannfærð um mikilvægi þess að stíga þau skref sem unnið er að í verkefninu um nýjan Landspítala.

Á þessum langa tíma hefur ríkt pólitísk sátt um verkefnið og er þess skemmst að minnast að þegar lög nr. 64/2010, sem veittu ráðherra heimild til að standa að nauðsynlegum undirbúningi og láta bjóða út byggingu nýs Landspítala við Hringbraut, voru samþykkt á Alþingi þá greiddu allir þingmenn sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni atkvæði með lögunum nema fjórir sem sátu hjá. Þeir sem samþykktu lögin komu úr öllum flokkum. Á þann hátt var enn og aftur tryggð þverpólitísk samstaða um nýjan LSH. Þá ber að halda til haga að fyrir undirritun samninga að loknu útboði skal síðan leita samþykkis Alþingis með almennum lögum. Málið kemur því aftur inn á borð Alþingis.

Annað sem kom fram í grein minni byggir á tölulegum upplýsingum eða öðrum rekjanlegum staðreyndum sem hægt er finna á verkefnavef nýs Landspítala. Að öðru leyti vísa ég því til fyrri greinar minnar. Við skulum ekki gleyma því að markmiðið með uppbyggingunni við Hringbraut er að sjúklingurinn sé ávallt í öndvegi. Við munum fá fram aukna hagkvæmni í rekstri með því að sameina kraftana og nýta þekkingu, mannafla og tæki á sem bestan hátt. Samþætting háskóla og sjúkrahúss mun stuðla að áframhaldandi þróun í heilbrigðisvísindum. Þá mun spítalinn verða áfram eftirsóknarverður vinnustaður. Það er því öllum í hag að nýr LSH rísi, nýtt og stækkað þjóðarsjúkrahús við Hringbraut.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Allt of mikið uppi á borðinu

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Austurrískur laganemi, Max Scherns, bað Facebook um að senda sér allar persónuupplýsingarnar sem samskiptasíðan geymdi um sig en á því átti hann rétt samkvæmt evrópskum lögum. Scherns fékk sendan geisladisk með yfir tólf hundruð skjölum um hvenær hann hefði loggað sig inn, hvað hann hefði sagt við hvern, í hvern hann hefði potað, hvað hann hefði lækað og hvar myndir sem hann og vinir hans settu inn á vefinn væru teknar og margt fleira.

Ekkert af þessu ætti að koma okkur sérlega á óvart. Flest af því sem fólk gerir á Facebook og öðrum samskiptasíðum er auðvitað geymt. Margt af því er notað í þágu þeirra fyrirtækja sem gögnin geyma. Fyrirtækin nota gögnin til dæmis til að persónusníða auglýsingar að áhugasviði hvers og eins. Þær auglýsingar sem runnu í gegnum gmailið mitt í morgun tengdust útihlaupum, tungumálanámi og IKEA; neyðarlega nákvæm lýsing á persónuleika mínum.

Lönd fara ólíkt að þegar kemur að aðgengi almennings að persónuupplýsingum og heimildum til hvers kyns söfnunar þeirra. Í Póllandi, þar sem ég þekki aðeins til, virðist vernd persónuupplýsinga almennt vera tekin alvarlegar heldur en á Íslandi. Þannig eru sjaldnast nöfn á dyrabjöllum eða póstkössum. Þá er heldur ekki að finna neinar símaskrár sambærilegar Já.is að umfangi, og þær sem til eru bjóða upp á mjög takmarkaða leitarmöguleika. Fái menn ekki persónulega símanúmerið hjá einhverjum þá er ólíklegt að þeir finni það með öðrum leiðum.

Á Íslandi er staðan önnur. Þjóðskráin er opin upp á gátt. Auðveldlega má komast að því hvar hver og einn býr, hver býr þar með honum, og hvenær þeir allir eru fæddir. Samkvæmt reglugerðum er mönnum beinlínis skylt að setja nöfn á bréfalúgur svo allir viti hver búi í viðkomandi íbúð. Margt af þessu getur haft praktíska kosti en hefur líka þau áhrif að þeir sem vilja hnýsast um einkalíf annarra rekast ekki á marga veggi.

Það kemur okkur nákvæmlega ekkert við hvar Jóhanna Sigurðardóttir á heima. Einhver hálfviti sem ætlaði að sprengja sprengju við íbúð hennar kunni ekki nógu vel á netið til að finna heimilisfangið. Við getum þá rétt ímyndað okkur hvaða skaða einhver reyndari netverji með einbeittari brotavilja gæti valdið. Vonandi að við þurfum ekki að komast að því af illri raun.

> Við Íslendingar höfum gjarnan stært okkur af því að hér á landi sé allt svo opið og saklaust að hér séu forsætisráðherrar og borgarstjórar auðfundnir í símaskrám.

En þetta hefur í raun þegar valdið vandræðum. Eitthvað lið mætti til dæmis heim til Þorgerðar Katrínar og kúgaði hana til að segja af sér varaformennsku í Sjálfstæðisflokknum. Aðrir íslenskir stjórnmálamenn hafa lent í svipuðu. Kannski má með einhverjum hætti reyna að halda því fram að þeir sem gerast opinberar persónur geti ekki gert sömu væntingar til einkalífs en aðrir. Engu að síður þá getur það ekki talist boðleg baráttuaðferð að láta kyndlaskríl hræða kjörna fulltrúa og fjölskyldur þeirra með því að taka sér stöðu fyrir utan heimili þeirra.

Fullt af öðru fólki hefur svo alls ekkert gert til að afsala sér rétti til einkalífs og hinar opnu upplýsingar um heimilisföng geta auðveldlega valdið því þjáningum. Fólk ræður því ekki að börn þeirra leiðast út í neyslu og skulda glæpamönnum peninga. Fólk ræður því ekki endilega hvort það verður vitni að glæp. Eða hvort það verður fórnarlamb glæps.

Við Íslendingar höfum gjarnan stært okkur af því að hér á landi sé allt svo opið og saklaust að hér séu forsætisráðherrar og borgarstjórar auðfundnir í símaskrám. Það er spurning hvort við þurfum ekki að endurskoða þá sýn. Hið mikla magn af persónuupplýsingum sem fólk dreifir á hvers kyns samskiptasíðum gefur vissulega til kynna að flestir Íslendingar séu, enn sem komið er, tiltölulega áhugalitlir um eigin persónuvernd, eða í það minnsta meti kosti þess að aðrir viti mikið um þá meira en gallana.

Það er í sjálfu sér gott og blessað ef fólk ræður því sjálft. Ríkið ætti hins vegar ekki að veita öllum sem vilja greiðan aðgang að viðkvæmum upplýsingum um einkahagi fólks. Endurskoða ætti opinbera birtingu á heimilisföngum manna, fjölskylduaðstæðum þeirra og tekjum.

## AF NETINU

### Hætt við

Það pirraði mig t.d. alveg gríðarlega þegar Guðrúnu Pétursdóttur var leyft að draga forsetaframboð sitt til baka 1996. Guðrún skilaði inn framboði, utankjörfundaratkvæðagreiðslan var í fullum gangi og kjörfrestur löngu liðinn, þegar Guðrún bara hætti – augljóslega af strategískum ástæðum. Ekkert í lögunum um forsetakosningar gaf til kynna að það væri heimilt – samt ákvað landskjörstjórn að taka ósk hennar gilda og endurprenta kjörseðla.

Þetta var galin ákvörðun og fullkomin lögleysa. Eina rétta leiðin var að segja Guðrúnu að hún mætti gefa út allar heimsins tilkynningar um að hún vildi ekki fá atkvæði – en nafnið yrði látið standa. Vestanhafs eru dæmi um að dauðir menn hafi verið á kjörseðlum og jafnvel náð kjöri (sem átti sér reyndar flóknar pólitískar skýringar). Þar skilja menn nefnilega hugtakið framboðsfrestur – og að það að skila inn framboði er endanleg aðgerð.

blogg.smugan.is/stefan
**Stefán Pálsson**

### Furðuleg forgangsröðun á þingi og endursýningar

Tvö stór mál komu alltof seint inn í þingið þ.e. sjávarútvegsmálin og rammaáætlun. Þau mál eru komin til atvinnuveganefndar til umfjöllunar en vegna þess hve seint þau komu til þingsins er útilokað að nefndin nái að klára bæði málin þannig að sómi sé af. Ríkisstjórnin virðist líta á alþingi sem afgreiðslustofnun sem ekki eigi að þvælast fyrir þeim málum sem hún kemur með. Hlutverk alþingis er að setja lög og vanda til við lagasetninguna. Það er vitanlega alveg hægt að afgreiða þessi stóru mál án þess að ræða þau á nokkurn hátt en er það virkilega þannig sem á að vinna?

Stjórnarandstaðan hefur hvað eftir annað kvartað yfir þessum vinnubrögðum en á það hefur ekki verið hlustað.

Alþingi er að verða eins og Ríkissjónvarpið, mikið um endursýningar. Nú eru að hefjast endursýningar á þáttaröðinni „Breytum stjórnarskránni – bara af því bara“.

gunnarbragi.is
**Gunnar Bragi Sveinsson**

ÓDÝR OG UMHVERFISVÆN GÆÐADEKK
INTERSTATE CLEAN OIL
Skoðaðu dekkjaúrvalið! www.benni.is/dekk
INTERSTATE TOURING IST - INTERSTATE SPORT IXT



INTERSTATE TIRES
INTERSTATE hjólbarðar eru þekktir á heimsvísu fyrir mikil gæði og hagstætt verð
INTERSTATE CLEAN OIL
INTERSTATE hjólbarðar eru framleiddir úr umhverfisvænni olíu
Bílabúð Benna Sérfræðingar í bílum
NESDEKK Reykjavík Reykjanesbæ
Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - Reykjavík - S: 590 2000 / 590 2045 - www.benni.is
Nesdekk - Fiskislóð 30 - Reykjavík - S: 561 4110 / Nesdekk - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - S: 420 3333
Umboðsmenn um land allt - Upplýsingar í síma 590 2000

# Sögulegur árangur frönsku Þjóðfylkingarinnar

Stjórnmál
Torfi H. Tulinius
prófessor í íslenskum miðaldafræðum við HÍ



Frambjóðandi Þjóðfylkingarinnar, hægrikonan Marine Le Pen, fékk 18% atkvæða í fyrri umferð frönsku forsetakosninganna sl. sunnudag. Hún nær tvöfaldaði fylgi föður síns, Jean-Marie Le Pen, frá því fyrir fimm árum. Raunar gerði hún betur því hún fékk fleiri atkvæði en hann í kosningunum þar á undan, þegar föður hennar tókst að skjótast fram fyrir sósíalistann Jospin og keppa við Chirac um forsetastólinn í seinni umferð forsetakosninganna 2002.

Marine Le Pen er langt frá því að hafa náð fylgi þeirra tveggja frambjóðenda sem efstir voru sl. sunnudag, sitjandi forseta Sarkozy með 27% atkvæða og sósíalistans Hollande með 28,5. Hún er eigi að síður komin í stöðu þriðja mannsins sem getur gert út um kjör annars hvors frambjóðandans sem mætast í seinni umferð 6. maí nk. Hún sigraði að því leyti vinstri manninn Jean-Luc Mélenchon sem vonaðist til að komast í álíka stöðu.

Þessi árangur veikir Sarkozy, sem er með 4% minna fylgi nú en eftir fyrri umferð síðustu kosninga. Kannanir sem gerðar voru að kvöldi 22. apríl, eftir að niðurstöður fyrri umferðar voru kunnar, benda til þess að Hollande fari með sigur af hólmi, og einnig að heldur er að draga saman með þeim Sarkozy. Þó sigurvegari fyrri umferðar hafi undantekningalítið náð kjöri í þeirri seinni getur margt gerst á milli þeirra. Úrslitin eru því síður en svo ráðin.

Sögulegur árangur Marine Le Pen sendir þrenns konar skilaboð til annarra stjórnmálamanna. Í fyrsta lagi er hinn svokallaði „innflytjendavandi" orðinn að einhverju sem tala má opinskátt um í frönskum stjórnmálum. Lengi var litið á Þjóðfylkinguna sem öfgaflokk til hægri, enda þótti andúð á útlendingum stríða gegn grunngildum Frakka. Gamli Le Pen hafði á sér öfgastimpil, m.a. fyrir fræg ummæli sín um að útrýming Gyðinga í seinni heimsstyrjöld væri „smáatriði" í sögulegu tilliti. Dóttir hans hefur mildari ásjónu og henni virðist hafa tekist að gera flokk föður síns að ásættanlegum valkosti fyrir þá sem óttast fjölmenningu, í líkingu við danska Þjóðarflokkinn og önnur ámóta samtök víðs vegar í Evrópu.

Í öðru lagi segir fylgi Le Pen að almenningur í Frakklandi sé ósáttur við kreppuna sem í vændum er. Hann kveinkar sér undan þeim einkennum hennar sem nú þegar eru farin að bíta, þ.e. samdrætti í kaupmætti og auknu atvinnuleysi, og óttast afleiðingar versnandi kreppu og nauðsynlegra aðhaldsaðgerða. Þeir erfiðleikar sem nú steðja að Grikkjum og Spánverjum eru Frökkum ofarlega í huga og þeir vita að það þarf að taka rækilega til í ríkisfjármálum eigi ekki að fara eins fyrir þeim.

Loks gefur samanlagt fylgi Sarkozy og Le Pen, sem er um 45%, vísbendingu um að meirihluti franskra kjósenda sé fremur til hægri. Bayrou, sem er hægra megin við miðju, fékk ríflega 9%. Kjósendur hans eru taldir hafa áhyggjur af efnahagsástandinu og raunsæja sýn á nauðsyn þess að grípa til róttækra aðgerða. Þeir eru mjög ólíklegir til að styðja hreinræktaða vinstri stefnu og hafa gjarnan kosið Gaullista í seinni umferð á síðustu áratugum. Ef nánast allir kjósendur Le Pen fara yfir á Sarkozy – en það er óvíst – þarf hann ekki að gera mikið til að sá efasemdum á miðjunni um hæfni Hollande. Þannig er hugsanlegt að sitjandi forseti nái hylli miðjumanna sem annars eru taldir hafa andúð á honum.

Kosningabaráttan fram til 6. maí mun því snúast um það hvor líklegastur sé til að geta leitt þjóðina út úr efnahagsþrengingunum. Tekist verður á bæði um persónur og stefnu. Þjóðin þekkir Sarkozy. Hann er duglegur, hefur látið að sér kveða á alþjóðavettvangi, en hefur ekki tekist að treysta efnahag landsins á fimm ára valdatíð. Enn fremur þykir hann vera hallur undir þá ríku og skorta raunverulega framtíðarsýn sem gerir Frakkland kleift að ná sér út úr kreppunni og tryggja áframhaldandi velmegun í landinu. Hollande er ekki eins þekktur og hefur litla reynslu af landstjórn. Hann hefur ræktað með sér alþýðlegt en jafnframt landsföðurlegt yfirbragð og vill minna á Mitterrand sem sigraði einmitt sitjandi forseta hægri manna 1981. Hollande hefur sagt að hann ætlist til af þeim sem mest eiga að þeir leggi fram drýgstan skerf til þeirrar nauðsynlegu endurreisnar sem fram undan er. Hyggst hann meðal annars breyta skattkerfinu í því skyni. Nokkrir af fremstu hagfræðingum Frakka lýstu því nýlega yfir að stefna hans í efnahagsmálum væri að flestu leyti betur hugsuð en stefna keppinautar hans.

Hvor heldur sem vinnur kosningarnar 6. maí, þá á sá hinn sami eftir að tryggja sér þingmeirihluta fyrir stefnu sinni í þingkosningunum 11. og 17. júní. Óvissa mun því ríkja enn um skeið um stjórnarstefnuna í Frakklandi, a.m.k. þangað til og e.t.v. mun lengur, verði sá meirihluti sem þá kemur upp úr kjörkössunum óskýr eða tæpur.

> Þó sigurvegari fyrri umferðar hafi undantekningalítið náð kjöri í þeirri seinni getur margt gerst á milli þeirra. Úrslitin eru því síður en svo ráðin.

SPENNANDI KILJUR

Lærlingurinn
„Hafðu ljósin kveikt, gáðu í skápana og læstu að þér áður en þú ræðst til atlögu við Lærlinginn." PEOPLE







Dauði næturgalans
****
„... ótrúlega vel skrifuð og byggð, söguþráðurinn hraður, spennandi og frumlegur." POLITIKEN

Gildir til 13. maí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Dansinn í Hruna

Samfélagsmál
Sverrir Hermannsson
frá Svalbarði



Þær sögur hafa gengið fjöllum hærra að mjög mikil afbrot hafi verið framin í fjármálakerfi þjóðarinnar síðustu tuttugu árin eða svo. Eitt og eitt mál, árlega, sér dagsins ljós fyrir dómstólum og sveitist þá „sérstakur saksóknari" blóðinu, ásamt liðssafnaði við að rannsaka ávirðingar.

Alþingi tók einnig þátt í dansinum með því að fela Landsdómi að sækja einn mann til saka fyrir mistök í starfi. Við dómsuppkvaðningu kom ekkert á óvart nema viðbrögð Geirs Haarde við sakfellingu í einu huglægu ákæruefni; að öðru leyti var hann sýknaður.

Af ótilgreindum ástæðum er og hefir skrifara þessara orða verið vel til Geirs. En hann varð fyrir vonbrigðum með viðbrögð hans. Má vera að áralöng áþján hafi villt Geir sýn, en hann hefði ekki þurft að kippa sér upp við dómsáfelli þetta. Hann var sýknaður af öllum efnisatriðum, en dæmdur sekur fyrir stjórnarfar, sem hann hafði alizt upp við í a.m.k. áratug hjá Davíð Oddssyni og hans nánustu. Geir hefði átt að játa hreinskilnislega að þá stjórnarhætti mætti betrumbæta.

Davíð Oddsson sagðist fyrir dómstólnum hafa varað við á sínum tíma að bankarnir væru komnir á heljarþröm. Ekki er að undra þótt kunnugir tækju á slíku ekkert mark, vitandi að vitnið hafði ekkert vit á fjármálum eða peningamálum yfirleitt – og vildi ekki vita. Það eina sem hann tók mark á í því sambandi voru Chicago-vitsmunir Hannesar Hólmsteins, svo gæfusamlegir sem þeir reyndust íslenzkum þjóðarbúskap. Davíð Oddsson lét við það sitja að deila og drottna með smjörklípuaðferð sinni.

Allan einvaldstíma Davíðs lágu ráðherrar hundflatir fyrir honum; hið sama átti við um þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem risu aldrei hærra fyrir honum en á hné, þegar þeir þurftu að flaðra upp um hann í von um klípu.

Geir var því alls óvanur fjölskipaðri ríkisstjórn. Má það heita afbötun hans. Þó ekki með öllu fullnægjandi. Átti hann líka þess vegna að taka niðurstöðu dóms Landsdóms öðruvísi en raun varð á.

Frá hundraðshöfðingjanum „Sérstökum" heyrist á stundum, enda opinberar atlögur hans að Hrunverjum orðnar einar þrjár á jafnmörgum árum. Hvað ætli það fyrirbrigði kosti orðið þjóðina?

Fyrrverandi dómsmálaráðherra mun hafa svarað því til, þegar efast var um ágæti mannsins að skipa embættið, að enginn annar hefði fengizt til starfans. Það voru öll meðmælin.

Ekki er þó manneklu að kenna að árangur reynist í rýrara lagi. Að minnsta kosti virðist fjöldinn allur af þeim, sem fleyttu rjómann á valdaárum Davíðs og Halldórs, ganga rösklega aftur. Hafa þeir sem mest að vinna við að þiggja laun margföld á borð við forsætisráðherra, eða standa á hálshnútunum við að afskrifa bankalán fjármálavíkinga.

Dæmi um afskriftir eru mýmörg. Nefna má „Mónu" á Hornafirði. Það félag var stofnað af fyrirtækinu Skinney-Þinganes, sem er erfðagóss Halldórs Ásgrímssonar. „Móna" virðist hafa verið stofnað til þess eins að slá lán hjá Landsbankanum, en eignir þar litlar sem engar. Út á hvað voru „Mónu" lánaðir milljarðar króna, sem síðan hafa verið afskrifaðir?

# Evrópusambandið sem breskt vopn

ESB
Magnús Árni Magnússon
dósent við Háskólann á Bifröst



Þó vissulega séu vináttutengslin og bræðraböndin sterk, þá má segja að frá lýðveldisstofnun hafi Bretar verið helstu andstæðingar okkar Íslendinga á alþjóðavettvangi. Bresk saga er glæsileg, en því miður í aðra röndina saga valdbeitingar og Bretar hafa sjaldan hikað við að beita hörku, telji þeir það þjóna breskum hagsmunum. Við sem næstu nágrannar þeirra í norðri höfum ekki farið varhluta af því. Við öttum kappi við þá í þorskastríðunum og höfðum sigur þá. Ekki vegna þess að herskipin okkar væru öflugri, heldur vegna þess að þróun á alþjóðavettvangi var hagsmunum okkar hliðholl og fleiri þjóðir lögðust á sveif með okkar málstað.

Síðan við háðum við þá þorskastríðin hefur Bretum hins vegar bæst nýtt vopn í vopnabúrið til að berja á okkur Íslendingum: Aðild þeirra að Evrópusambandinu. Nú er svo komið að í hvert sinn sem við lendum í deilum við þessa góðu granna okkar í suðri, beita þeir því vopni fyrir sig með því að safna öllum okkar helstu frænd- og vinaþjóðum að baki sér í krafti þess að Evrópusambandið beitir sér fyrir hagsmunum aðildarríkja sinna, en ekki þeirra ríkja sem standa utan sambandsins. Við sjáum þetta í Icesave-málinu, við sjáum þetta í makríldeilunni og við munum halda áfram að sjá þá nota þetta vopn gegn okkur svo lengi sem þeir eru innanborðs en við utangarðs.

Í áðurnefndum málum erum við ekki í átökum við Slóvena, Austurríkismenn, Finna, Eista eða Ítali. Þarna erum við mestanpart einfaldlega í átökum við Breta, Breta og aftur Breta. En þeim tekst að draga nánast alla Evrópu gegn okkur í krafti aðildar sinnar að Evrópusambandinu. Því miður er þetta vopn sem bítur okkur illa, því ekkert ríki má við því að vera nánast vinalaust í átökum sínum við nágrannaríki.

Við höfum hins vegar núna einstakt tækifæri til að slá þetta vopn úr höndum Breta. Við erum í aðildarviðræðum við Evrópusambandið og ef við náum að klára þær með sóma og samþykkja inngöngu, verða þeir að gera svo vel að sætta sig við að taka klögumál sín gegn okkur upp innan Evrópusambandsins, þar sem við verðum með rödd við borðið og eigum auðveldara en nú með að þjappa öðrum vinaþjóðum okkar að baki okkar málstað. Halda menn að Danir, Svíar, Frakkar og Þjóðverjar séu t.d. í hafréttar- og sjávarútvegsmálum náttúrulegri bandamenn Breta innan Evrópusambandsins en okkar Íslendinga?

Nú kunna einhverjir að segja að atkvæðamagn okkar, t.d. í ráðherraráðinu eða þinginu verði nú ekki á pari við Breta og það er auðvitað rétt. En vald er ekki aðeins fólgið í atkvæðum, heldur ekki síður í því að hafa rödd við borðið þar sem ákvarðanir eru teknar. Það er svo á ábyrgð okkar sjálfra hversu vel við nýtum okkur það tækifæri. Reynslan hefur sýnt að þar sem íslenskar raddir fá að heyrast til jafns við aðrar þurfum við ekki að kvíða niðurstöðunum.

# HREINLÆTISTÆKI
## MÚRBÚÐARVERÐ




VITRA Grand Scandinavia m. setu
**20.990,-**



SAFIR sturtusett
**2.595,-**



CERAVID baðkar 170x75 cm
**19.900,-**



VITA handklæðaofn kúptur króm 50x80 cm
**14.890,-**
einnig fáanlegir í hvítu á enn lægra verði. Margar stærðir.



NAPOLI hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu
**8.890,-**



NAPOLI handlaugartæki
**2.990,-**



CERAVID WC upphengd skál (seta ekki innifalin)
**6.990,-**



OVA handlaug 35x45 cm
**3.900,-**




FC 504 Sturtuhorn 80x80 cm
**29.900,-**



Látúns sturtubarki 1,5m
**790,-**

CERAVID WC - kassi hnappur og seta. Þýsk gæðavara.
**29.890,-**





NAPOLI hitastýrt sturtusett
**26.900,-**



MILAN sturtuhorn 90x90 cm með botni og vatnslás (einnig til 80x80)
**22.900,-**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Húsavík** | Garðarsbraut 50. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**AUDREY HEPBURN** leikkona (1929-1993) fæddist þennan dag.

*„Að ná frægð og frama er eins og að ná mikilvægum afmælisdegi og finna þá að þú hefur ekkert breyst."*



**VIÐ SKÁKBORÐIÐ** Héðinn Steingrímsson stórmeistari og Helgi Árnason skólastjóri eru virkir í Skákdeild Fjölnis. Hér eru þeir ásamt nokkrum nemendum 4. og 6. bekkjar Rimaskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FIRMAKEPPNI Í SKÁK: Í TILEFNI 40 ÁRA AFMÆLIS EINVÍGIS ALDARINNAR

## Viljum koma til móts við venjulega skákáhugamenn

Þeir sem hingað til hafa gripið í tafl á kaffistofum fyrirtækja sér til skemmtunar geta nú sameinast í sveit og keppt fyrir hönd síns fyrirtækis á Firmamótinu í skák þann 9. maí frá 16 til 19 í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Mótið er haldið af skákdeild Fjölnis í Grafarvogi. Formaður hennar er Helgi Árnason, skólastjóri Rimaskóla, en einnig vinnur Fjölnismaðurinn Héðinn Steingrímsson, stórmeistari og núverandi Íslandsmeistari í skák, að framgangi mótsins. „Við höldum þetta mót til að minnast einvígis aldarinnar fyrir 40 árum en vonum að það verði árlegt héðan í frá og okkur takist þannig að endurvekja fyrirtækjamót sem var haldið um tuttugu ára skeið," segir Helgi.

Þátttökugjald er 50 þúsund krónur en óvenjulega veglegir vinningar eru í boði, að verðmæti yfir 750 þúsund krónur. Um er að ræða sveitakeppni þar sem þrír skákmenn verða í hverju liði og tveir varamenn. „Við búumst við mörgum af sterkustu skákmönnum þjóðarinnar en engu að síður er mótið skipulagt fyrst og fremst með hinn almenna skákáhugamann í huga," segir Héðinn. „Til að fá sem jafnasta og mest spennandi keppni er styrkleiki hvers liðs takmarkaður við 5.500 ELO stig og stigalausir reiknaðir með aðeins 1.000 stig. Fyrirtæki geta líka fengið hjá okkur lánsmann ef þau eiga í vandræðum með að manna sveit og einnig geta fyrirtæki styrkt mótið og fengið boðssveit til að tefla fyrir sig. Við leysum úr hvers manns vanda og það á að vera fyrirhafnarlaust að senda inn lið. Við viljum koma sem mest til móts við hin venjulegu fyrirtæki en félagasamtök mega líka vera með. Aðalatriðið er að hafa gaman af."

Verkís er stærsti styrktaraðili mótsins. Héðinn segir rökstuðning þessa öfluga, 80 ára fyrirtækis fyrir því vera þann að skákin krefjist útsjónarsemi, skipulagningar og framsýni sem allt séu mikilvægir þættir í verkfræði. Hann segir Iceland Express einnig bakhjarl mótsins. „Við erum með flug báðar leiðir til Evrópu með öllum sköttum og gjöldum í verðlaun fyrir tvær efstu sveitirnar," segir hann. Nefnir líka að í einstaklingskeppni sé farsími frá Símanum í verðlaun, að verðmæti hundrað þúsund krónur. Þá sé gjafakort frá veitingahúsinu Skrúði, tónlist, ljósmyndabækur, tölvuvörur og fleira eigulegt í boði fyrir góðan árangur. „Ég fullyrði að sjaldan eða aldrei hafi verið haldið mót þar sem venjulegir áhugaskákmenn eiga von á jafn flottum vinningum," segir Héðinn. „Þetta mót er hugsað sem framlag til að vekja athygli á skák á nýjan hátt, virkja fólk til þátttöku sem ekki er vant keppni og kveikja skákáhuga innan fyrirtækjanna." Lið eru hvött til að skrá sig með því að senda póst til: firmakeppnin@gmail.com.

**gun@frettabladid.is**

---



✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**HRAFNHILDAR GRÍMU THORODDSEN.**

Þökkum starfsfólki Skjóls góða umönnun.

**Tryggvi Viggósson** / **Snjólaug Anna Sigurjónsdóttir**
**Guðmundur Viggósson** / **Líney Þórðardóttir**
**Regína Viggósdóttir**
**Gunndóra Viggósdóttir** / **Ásgeir Arnoldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur sonur okkar og bróðir,

**SÆVAR ÞÓR KRISTÞÓRSSON**
**Krókamýri 54, Garðabæ,**

lést á Landspítala Fossvogi laugardaginn 28. apríl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 9. maí kl. 13.00.

**Erna Þórðardóttir** / **Kristþór Sveinsson**
**Sigríður Guðbjörnsdóttir**
**Guðmann Kristþórsson**

---

✝



Við þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**KRISTÍNAR HALLDÓRSDÓTTUR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í Kópavogi.

**Haukur Högnason**
**Hildur Högnadóttir**
**Hildigunnur Davíðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JAKOBÍNA ÞÓRA PÁLMADÓTTIR**
**Garðabraut 6, Akranesi,**

lést laugardaginn 28. apríl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 8. maí kl. 14.00.

**Jón Helgi Guðmundsson** / **Atik Fauziah Hadad,**
**Guðný Guðmundsdóttir** / **Alfreð Viggó Sigurjónsson,**
**Jórunn Petra Guðmundsdóttir, Jóhann Hafsteinn Hafsteinsson,**
**Helga Guðmundsdóttir og ömmubörn.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KJARTAN ÓLAFSSON**
**Hlaðhamri,**

lést 24. apríl á sjúkrahúsinu Hvammstanga. Jarðarförin fer fram laugardaginn 5. maí kl. 14.00 frá Prestbakkakirkju, Hrútafirði. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga.

**Jóhannes Kjartansson** / **Sveinbjörg Guðmundsdóttir**
**Jón Kjartansson** / **Gyða Eyjólfsdóttir**
**Sigurður Kjartansson** / **Olivia Weaving**
**og barnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**RÖGNU JÓNSDÓTTUR**
**Hlöðufelli Eyrarbakka,**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Ljósheima Selfossi.

**Jóhann Jóhannsson**
**Unnur Jóhannsdóttir** / **Guðmundur Stefánsson**
**Ingibjörg Jóhannsdóttir** / **Jón Guðmundsson**
**Sólrún Jóhannsdóttir** / **Jóhannes Þorgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝

Frænka okkar,

**SOFFÍA ÞORSTEINSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Háaleitisbraut 105, Reykjavík,**

er látin.
Jarðaförin hefur farið fram.
Alúðarþakkir til starfsfólks á deild V4, Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir góða umönnun og hlýju.

**Kristín Sveinbjarnardóttir**
**Guðrún Sveinbjarnardóttir**
**Helga Sveinbjarnardóttir**
**Unnur Sveinbjarnardóttir**
**Gunnar Bjarnason**
**Þóra Bjarnadóttir**
**og fjölskyldur.**

---



# 90 ára afmæli

## Kristinn Daníel Hafliðason

vélstjóri,

er 90 ára í dag. Kristinn starfaði hjá Eimskip, bæjarútgerð Reykjavíkur og Granda allt til 65 ára þegar hann hætti störfum. Hann hefur verið búsettur í Reykjavík alla sína ævi en er ættaður frá Ketildölum í Arnarfirði og Breiðafirði.

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURGEIR ANGANTÝSSON**
**frá Sauðárkróki,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans Hringbraut miðvikudaginn 2. maí 2012. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 12. maí kl. 13.30. Jarðsett verður á Hofsósi.
Við fjölskyldan hans Muna viljum koma á framfæri innilegu þakklæti til starfsfólks Nýrnadeildar og Gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut. Umhyggju ykkar og baráttu munum við aldrei gleyma.

**Friðrika Jóhanna Sigurgeirsdóttir** / **Þorvaldur Guðmundsson**
**Vanda Sigurgeirsdóttir** / **Jakob Frímann Þorsteinsson**
**Andri Sigurgeirsson** / **Aníta S. Ásmundsdóttir**
**Ívar, Inga, Brynja, Rakel, Muni, Þórdís og Gunnar**

---

✝



Okkar ástkæra,

**ÁSTA HELGA BERGSDÓTTIR**

lést í faðmi ástvina á gjörgæsludeild Sjúkrahússins á Akureyri þann 29. apríl. Útför fer fram frá Glerárkirkju þriðjudaginn 8. maí klukkan 13.30. Þakkir til umönnunaraðila og þá sérstaklega starfsfólks Kristnesspítala. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Indíana Ásmundsdóttir** / **Bessi Gunnarsson**
**Eva Ásmundsdóttir** / **Þorsteinn Árnason**
**Helgi Ásmundsson**
**Guðrún Berglind Bessadóttir** / **Hlynur Már Erlingsson**
**Katrín Rut Bessadóttir** / **Helgi Seljan**
**Stefán Óli Bessason**
**B. Grétar Þorsteinsson** / **Lilja Bergsdóttir**
**Reynir Svan Sveinbjörnsson** / **Signa Hrönn Stefánsdóttir**
**Laufey Ásta Þorsteinsdóttir**
**Rannveig Þorsteinsdóttir**
**og langömmubörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




## LJÚFFENG BER

**Margir rækta eigin jarðarber hér á landi með góðum árangri. Heimaræktuðu berin eru auðvitað best. Jarðarber eru stútfull af næringarefnum. Þau eru kaloríufrí en innihalda járn, kalk, C- og A-vítamín auk andoxunarefna sem eru vörn gegn ýmsum sjúkdómum.**


GEYSIR BISTRO & BAR
FERSKT & FREISTANDI
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

SPENNANDI
SJÁVARRÉTTA TILBOÐ



BLÁSKEL & HVÍTVÍN 2.950 kr.
Hvítvínssoðin bláskel úr Breiðafirði ásamt hvítvínsglasi.



HUMARSALAT & HVÍTVÍN 2.250 kr.
Humarsalat með hægelduðum smátómötum, mangó, sultuðum rauðlauk og ristuðum cashew-hnetum ásamt hvítvínsglasi.

BORÐAPANTANIR Í SÍMA 517-4300

GEYSIR Bistro

Aðalstræti 2 / 101 Reykjavík / Sími: 517 4300 / www.geysirbistro.is




**NÝR STAÐUR** Hjónin Friðrik Valur Karlsson og Arnrún Magnúsdóttir opna nýjan veitingastað eftir nokkrar vikur. MYND/PJETUR SIGURÐSSON

# NÝR HEIMAVÖLLUR EN SAMA NAFN

**SNÝR AFTUR** *Nýr veitingastaður undir stjórn Arnrúnar Magnúsdóttur og Friðriks V. Karlssonar, sem er betur þekktur sem Friðrik V., opnar í Reykjavík.*

Innan nokkurra vikna mun norðlenski matreiðslumaðurinn Friðrik V. opna nýjan veitingastað við Laugaveg 60 í Reykjavík. Friðrik rak um árabil, ásamt eiginkonu sinni Arnrúnu Magnúsdóttur, veitingastaðinn Friðrik V. á Akureyri við mjög góðar undirtektir. Friðrik segir nýja staðinn byggja á grunni þess eldri. „Við erum bara að halda áfram því sem við gerðum í tíu ár fyrir norðan. Þar var útgangspunkturinn virðing fyrir hráefninu en við einbeitum okkur sem fyrr að íslensku hráefni.“ Friðrik V. á Akureyri var þekktur fyrir áherslu sína á ferskt hráefni af Eyjafjarðarsvæðinu. Árið 2006 var staðurinn valinn á lista Slow Food yfir 100 áhugaverðustu svæðisbundnu veitingastaði í heiminum. Nýi staðurinn mun að sögn Friðriks þó einblína á ferskt íslenskt hráefni úr öllum landshlutum. „Við erum mjög íslensk og viljum einbeita okkur að íslensku hráefni. Ég hef gríðarlegan áhuga á að kynna betur afurðir íslenskra framleiðenda og ræktenda. Ekki má gleyma náttúruunnendum sem tína til dæmis ber, sveppi og jurtir.“ Fyrir tveimur árum fóru Friðrik og Arnrún í kringum landið og kynntust mörgum framleiðendum betur. „Ég var orðinn sérfræðingur í framleiðslu Norðurlands en var eiginlega yfir mig hrifinn af því sem ég sá í ferð minni um landið. Það er fjöldi frábærra smáframleiðanda um allt land.“

### DRAUMUR HINS SKAPANDI MATREIÐSLUMANNS

Nýi staðurinn er lítill og nettur að sögn Friðriks og tekur einungis 32 manns í sæti. Hann segir þau hjónin verða mikið á staðnum og hann eigi eftir að verða persónulegur fjölskyldustaður þar sem hráefnið er í fyrirrúmi. Gestum verður boðið upp á þriggja og fimm rétta seðil á kvöldin. „Þetta fyrirkomulag er mjög spennandi fyrir gestina og auðvitað draumur fyrir skapandi matreiðslumenn. Við gætum tekið okkur til og boðið upp á til dæmis sérlagaða pylsu með kartöflumús og góðu sinnepi.“ Hann leggur áherslu á að verð réttanna eigi eftir að koma þægilega á óvart. Aðspurður um nafnið á nýja staðnum segir Friðrik einfaldlega að stórliðin skipti ekki um nafn þótt þau skipti um heimavöll. Það er því ljóst hvaða nafn staðurinn mun bera. ■ sfj

## ÞJÓÐLEGT

***„Í hádeginu verður boðið upp á tvo rétti, svipað og var gert á Akureyri. Annar rétturinn er alltaf hollur réttur en hinn þjóðlegur,“ segir Friðrik.***


■ FRAMHALD Á SÍÐU 2



www.nings.is



FYRIR PARTÝIÐ
Sushi-, spjót- og smáréttabakkar
NINGS
Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899
Pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara




FRAMHALD AF FORSÍÐU

## SUMARLEGUR SALTFISKUR

AÐALRÉTTUR FYRIR 4

**4 stykki af ekta saltfiskhnökkum (lomos extra), útvötnuðum og beinlausum með roði (ca. 150 g stykkið)**

**1 stór rófa**
**1 gulrót**
**1 dl rjómi**
**1 dl vatn**
**Salt og pipar**
**10 g smjör**
**Hamsatólg**

**Afhýðið rófuna og gulrótina og skerið í grófa bita. Setjið í pott og sjóðið í vatninu við vægan hita í 10 til 12 mín. Bætið rjóma saman við og sjóðið í mauk. Maukið í matvinnsluvél með smjörinu. Smakkið til með salti og pipar. Setjið saltfiskinn í pott og látið suðuna koma upp. Setjið lok á og látið standa í 5 til 8 mínútur áður en fiskurinn er borinn fram með sjóðheitum hömsum (sigtið úr hamsatólginni), rófukreminu og nýsoðnu kartöflusmælki.**



PITSUÁSKORUN

**LJÚF OG GÓÐ** Sigurjón Þórðarson með pitsuna sína.

MYND/VALLI

# PITSA MEÐ RISARÆKJUM

**GÓÐGÆTI KYNNIR** *Wewalka pitsudeig er hægt að útbúa á margvíslegan hátt.*

Undanfarna föstudaga hafa birst hér uppskriftir af uppáhaldspitsu hinna ýmsu matgæðinga. Pitsurnar eiga það sameiginlegt að vera gerðar úr Wewalka-pitsudeigi. Guðrún Högnadóttir skoraði á Sigurjón Þórðarson, ráðgjafa hjá Capacent, að gefa lesendum uppskrift að uppáhaldspitsunni sinni sem kemur hér.

## HOLL OG SPENNANDI

**HRESSANDI PITSA Á MEÐAN BEÐIÐ ER EFTIR MATNUM**

**KRYDDOLÍA**
Hvítlaukur, 1 hluti
Engifer, ½ hluti
Rautt chili, smá (eftir smekk)
Extra virgin ólífuolía, 2 hlutar

**PITSA**
Grófkorna pitsadeig frá Wewalka
Rautt pestó
Pizzaostur

**OFANÁLAG**
30 g tígrisrækjur
Salt og pipar
Klettasalat eftir smekk

**AÐFERÐ**
Byrjið á kryddolíunni. Kryddið er sett í matvinnsluvél og hrært þar til það er orðið mjög smátt. Setjið þá olíuna út í. Láta standa á borði meðan pitsan er gerð.
Rúllið deiginu út og smyrjið það með rauðu pestói, stráið pizzaosti yfir og bakið þar til það er fallega gullið.
Hitið pönnu og setjið olíu á hana. Hún á að verða vel heit. Þetta er hægt að gera meðan pitsan er í ofninum. Steikið rækjurnar u.þ.b. 10-12 sekúndur á hvorri hlið (hægt að telja upp að tólf og snúa þá rækjunum við). Skerið rækjurnar eftir endilöngu (fara varlega). Takið pitsuna úr ofninum og látið rjúka úr henni.
Raðið rækjunum á pitsuna og setjið kryddolíu ofan á þær, magn eftir smekk. Stráið loks klettasalati yfir, skerið í hæfilega bita og berið fram.







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432



4. MAÍ 2012

# Lífið

RÁÐ KVENNA TIL AÐ YFIRSTÍGA ÁLAG

NÝÚTSKRIFAÐIR HÖNNUÐIR ÚR LHÍ

SUMARSALAT BRYNJU NORDQUIST



## DAGURINN SEM ALDREI GLEYMIST

KOLBRÚN BJÖRNSDÓTTIR UM DAGINN SEM DÓTTIR HENNAR GREINDIST MEÐ HJARTAGALLA OG TILVILJANAKENNDA FERÐ SÍNA Í FJÖLMIÐLUM.

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?





Dýrindis veður gærdagsins í Reykjavíkurborg dró landsmenn út úr húsum í hádeginu. Miðbærinn iðaði af lífi, fólk sat úti, gæddi sér á góðum mat og rölti um með kaffibolla. **Þórunn Arna Kristjánsdóttir** leikkona gæddi sér á góðum mat á Vegamótum sem og **Freyja Haraldsdóttir** framkvæmdastjóri NPA-miðstöðvarinnar, **Bjarni Benediktsson** formaður Sjálfstæðisflokksins sást á rölti í Bankastrætinu á meðan söngkonan glæsilega Kristjana Stefánsdóttir sötraði kaffi með vinum.
Einnig sást til kærustuparsins Sölva Snæs Magnússonar og Kristínar Ástu Matthíasdóttur, sem nýlega opnaði verslunina Dótturfélagið á Laugaveginum.



*Lífið*

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Stefán Stefánsson
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

Klæðnaður Margrétar: Kultur Förðun: Sara hjá Make-up Store Hár Kolbrúnar: Sússa á Solid

# ÚTSKRIFTARNEMAR VEKJA ATHYGLI

### ANNA KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR

**ALDUR:** 28 ára
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Barnlaus og ekki í sambandi.
**SUMARIÐ FRAM UNDAN:** Verð að vinna í Sundhöll Reykjavíkur fram í ágúst.
**LÍFSMOTTÓ:** Allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi.



„Þema fatalínunnar er kona sem lifir mjög stífu og íhaldssömu lífi. Hún er rík, falleg og hefur í rauninni allt sem hún þarf en er samt ekki hamingjusöm, því að vissu leyti er hún fangi þjóðfélagsstöðu sinnar. Innra með henni ólga tilfinningar og duldar þrár. Þetta stífa og yfirborðskennda sést í stífum klæðskerasaumuðum flíkum, sérstaklega jökkunum og kápunum. Prentið í línunni er svo táknmynd hinna duldu langana,“ segir Anna Kristín.


Prentið í línunni er táknmynd hinna duldu langana að sögn Önnu Kristínar.


Þema fatalínu Önnu Kristínar er kona sem lifir stífu og íhaldssömu lífi.


Hera vann fatalínuna út frá rannsókn á skólabúningum í breskum og bandarískum kvennaskólum.


Inn í fatalínuna blandast svo áhrif frá pönktónlist sömu áratuga.


Hvíti liturinn kemur fyrir í nokkrum mismunandi tónum sem eru allt frá því að vera skjannahvítir og út í rjómalitaðan.

### HERA GUÐMUNDSDÓTTIR

**ALDUR:** 24 ára
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Í sambandi
**SUMARIÐ FRAMUNDAN:** Sumarið verður afslappað; vinna í GK Reykjavík en líka nægur tími til að gera ekki neitt.



Spennandi atvinnutækifæri framundan.
„Þetta er sem sagt þriggja mánaða starfsnám hjá YazBukey í París sem er fylgihlutamerki. Systir yfirhönnuðarins, Emel Kuhran, kenndi okkur einn áfanga fyrir áramót og ég sendi henni tölvupóst í byrjun janúar í sambandi við starfsnám hjá fyrirtækinu og hún kom mér svo í samband við Yaz. Ég fer út í byrjun september og verð bæði í hugmynda- og prótótýpuvinnu,“ segir Hera spurð um framtíðina þegar kemur að hönnun. „Þetta er lítið fyrirtæki en frekar þekkt, bæði í París og annars staðar og hefur Yaz mikið unnið fyrir aðra hönnuði að þeirra fylgihlutum eins og til dæmis Zak Posen og Diane von Furstenberg. Hún gerði einnig nælur fyrir Karl Lagerfeld nýlega. Það er mjög spennandi að fá þetta tækifæri og þá sérstaklega hjá fyrirtæki sem þessu þar sem starfsmenn eru frekar fáir og því enn meiri líkur á að maður fái að koma mjög nálægt hönnunarvinnunni sjálfri.

**ÚSKRIFTARNEMENDUR FRÁ FATAHÖNNUNARDEILD LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS 2012:**

***Anna Kristín Sigurðardóttir***
Björg Skarphéðinsdóttir
Eva Brá Barkardóttir
Guðrún Sturludóttir
Halla Hákonardóttir
***Hera Guðmundsdóttir***
Mai Shirato
Margrét Sigríður Valgarðsdóttir
Steinunn Björg Hrólfsdóttir
Sunna Örlygsdóttir
Tanja Huld Levý Guðmundsdóttir




HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU
Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu
NÁMSKEIÐ Í ANDLITSNUDDI & INDVERSKU HÖFUÐNUDDI
laugardaginn 5. maí frá kl 11-15:00
Upplýsingar í síma 896-9653 og á www.heilsusetur.is.
Heilsusetur Þórgunnu
552 1850 / 896 9653 · www.heilsusetur.is

# SKUGGABARINN LIFNAR VIÐ Á NÝ

**Skuggabarinn, sem var einn farsælasti skemmtistaður síns tíma, var opnaður á ný í Pósthússtræti um síðustu helgi. Prúðbúnir gestir rifjuðu upp góðar stundir.**

OPNUN!


Guðlaug Ágústa Halldórsdóttir og Elísabet Ásberg ásamt vinkonu.


Tinna Gilbertsdóttir, Kári Ársælsson og Hlynur Hauksson í góðum félagsskap.

SIGURJÓN RAGNAR


Mæðgurnar Kolbrún Ólafs og Kolbrún Gígja.


Steinþór H. Arnsteinsson og fagurt fljóð.


Svavar, Sigrún og Sigvaldi oftast kallaður Svali.


Jórunn Ósk Frímannsdóttir, Hörður Ólafsson, Sara og Steinar Ólafsson.

Sjá fleiri myndir á visir.is/lifid

# Tiltekt





MEÐ 50% AFSLÆTTI:
SJÖUR
MAURAR
GRAND PRIX
VERÐ 29.800,-KR
(SÉRVALDIR LITIR)

Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

FRITZ HANSEN, ROSENDAHL,
STELTON, ERIK JORGENSEN,
MARIMEKKO, KNOLL, ARTIFORT,
OG ALLIR HINIR

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

## 15-70% AFSLÁTTUR

ÍDAG FÖSTUDAG,
Á MORGUN LAUGARDAG
OG Á SUNNUDAG

**OPTICAL STUDIO KYNNIR:**



**GLERAUGU FRÁ CUTLER AND GROSS**

Handgerðar klassískar plast umgjarðir og einstakt hátísku merki í Bretlandi. Optical Studio er umboðsaðili fyrir Cutler and Gross hér á landi.

OPTICAL STUDIO
SMÁRALIND - LEIFSSTÖÐ - KEFLAVÍK




HAMINGJUHORNIÐ

**Guðrún Möller flugfreyja**

## LÍFIÐ ER EINN RÚSSÍBANI

**Hvað gerir þú til að tæma hugann eftir erfiða vinnuviku?** Ég fer yfirleitt í góðan og langan göngutúr með hundana mína. Svo finnst mér yndislegt að keyra aðeins út fyrir borgarmörkin og ganga eitthvað út í buskann. Ég get alveg gleymt mér úti í náttúrunni.

**Hugleiðir þú eða notast þú við aðrar aðferðir til að rækta hugann?** Ég les oft uppbyggjandi bækur og finnst líka gaman að kíkja eftir góðum gullkornum sem eru falleg og hvetjandi. Svo held ég mikið upp á slökunardiskana hans Friðriks Karlssonar.

**Viltu deila með okkur uppáhalds hamingjumolanum þínum/tilvitnun?** Lífið er einn stór rússíbani, stundum ferðu hátt og stundum ferðu lágt. Lífið er ekki alltaf sanngjarnt og það munu alltaf koma upp hindranir sem við þurfum að kljást við. Það hef ég fengið að upplifa af eigin raun og finnst því máltækið „hver er sinnar gæfu smiður“ hafa nokkuð til síns máls.

**Hvernig ræktar þú hjónabandið?** Við tölum og tölum og tölum af mikilli hreinskilni og einlægni. Það er nefnilega svo skrýtið að þó að við höldum að makinn eigi að vita og skilja hvernig manni líður þá er það bara ekki svoleiðis. Svo finnst okkur líka yndislegt að vera saman á notalegum stað þar sem okkur líður vel og segja ekki neitt. Oft er það nefnilega nærveran ein sem dugar.


Náttúrulegar snyrtivörur
Dr.Hauschka

## Geislandi húð á náttúrulegan hátt

Þegar húðin eldist þarf hún lengri tíma til að endurnýja sig og fer smám saman að missa náttúrulega mýkt og teygjanleika. **Regenerating línan** frá Dr.Hauschka er sérstaklega þróuð **fyrir þroskaða húð** og hjálpar henni að endurnýja sig á náttúrulegan hátt.



Húðdropar Dagkrem Augnkrem




Eins og allar vörurnar frá Dr.Hauschka eru húðdroparnir **ekki unnir** úr erfðabreyttum lífverum og eru án allra kemískra og annara óæskilegra efna eins og parabena.

demeter | Dr.Hauschka snyrtivörurnar eru unnar úr lífrænum og **demeter vottuðum jurtablöndum** sem örva náttúrulega virkni húðarinnar.

**Fæst í LIFANDI markaði, Yggdrasil, Fræinu í Fjarðarkaupum og Apóteki Vesturlands**


# GLÆSILEGIR GESTIR

**Glæsilegt teiti var haldið á vegum Smirnoff á Marína hótelinu á föstudag þar sem fjöldi fólks kom saman og fagnaði góðu gengi á Reykjavík Fashion Festival.**




Sylvía Dögg Halldórsdóttir og Erna Bergmann.



Söngkonurnar Sigríður og Elísabet, dætur Ellenar Kristjáns og Eyþórs Gunnarssonar sungu fyrir gesti.

**TÖFRANDI Í TEITI**

Sjá fleiri myndir á visir.is/lifid



Guðjón Ólafsson og Frank Pitt.



Berglind Óskarsdóttir og Thor Sævarsson.




Ríkharður Óli Cuellar.



Þórey Eva Einarsdóttir og Þóra H. Ólafsdóttir.



Krummi Björgvinsson ásamt fyrirsætunni Bonnie Gregory.

# nýstárlegar gjafir - spennandi gripir

Í Minju finnur þú fallega hönnun og gjafvörur fyrir öll tækifæri



## „Veld'ðérnef"

Partýglös. 24 glös í pakka. kr. 1.580,-



## Hani, krummi, hundur, svín

Veggskraut með 4 snögum.
Kr. 11.900,-



## Stærðfræðin

Klukka með stærðfræðipælingum
Kr. 9.700,-



## Eilífðardagatal frá MoMA

Einstök hönnun
frá nútímalistasafni
New York borgar.
Aðeins kr. 8.400,-



## Rammaklukka

Settu
fjöldskyldumyndirnar
í klukkuna.
2 litir, svart og silfurgrátt.
Kr. 3.200,-



*Steyptu ísköld staup úr köldum klaka!*

## Klakastaup

Klakaform til að steypa
klakastaup. Kr. 2.190,-



## High Heel kökuspaði

High Heel kökuspaði.
Kr. 2.990,-



## KeepCup kaffimál

Margar stærðir og litir!

Espresso mál.....kr. 2.100,-
Lítið mál...........kr. 2.290,-
Miðlungs mál....kr. 2.490,-
Stórt mál..........kr. 2.690,-

## Stóra tímahjólið

3 litir, svart, brons og
hvítt. Kr. 18.600,-



*Úrval af nýstárlegum klukkum!*

KRAFTAVERK



*EF 24 -105 mm*

## Linsukrús

Kaffikrús í dulargervi.
Kr. 2.490,-

## Kjarnapúðar

Fylltir kirsuberjakjörnum,
hitaðir í örbylgju til að
lina bólgna og stífa
vöðva. Kr. 3.900,-





## Magnet vasar

Mögnuð borðskreyting.
5 í pakka. Kr. 6.900,-



## Rjómaferna

„Half pint" glerkanna
Undir kaffirjóma.
Kr. 3.390,-



## Palletta

Lítið „vörubretti"
undir heita potta.
Kr. 2.290,-



## Fálkapeysa

Handprjónuð peysa
úr léttlopa.
Kr. 29.900,-



## Kríur

Sjalflímandi veggskraut
(3 saman) Kr. 3.500,-

minja Design

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 12 • SÍMI 578 6090 • www. minja.is





# ÞAKKLÆTIÐ HEFUR YFIR

**Kollu í Bítinu þarf vart að kynna en eins og flestir vita stjórnar hún morgunþætti Bylgjunnar með hlátur sem fær aðra til að hlæja. Lífið kynntist þessari hörkuduglegu konu betur og ko verkefni sem hún tekst á við utan beinnar útsendingar.**

**KOLBRÚN BJÖRNSDÓTTIR**
**STARF:** Annar stjórnenda morgunþáttarins Í bítið á Bylgjunni.
**BÖRN:** Sólveig María (18 ára), Theodóra (15 ára), Arnór Blær (13 ára) og Helena (2ja ára).
**MAKI:** Árni Árnason.

**Hver er konan?** 38 ára, afskaplega heimakær mamma. Glaðlynt skipulagsfrík og einfari sem líkar samt afskaplega vel að vera innan um fólk. Annars finnst mér mjög erfitt að lýsa sjálfri mér. Aðrir eru ábyggilega betur til þess fallnir en ég upplifi mig þó sem þroskaðri, jákvæðari og skilningsríkari manneskju en ég var fyrir ekki svo mörgum árum. Það hafa mörg áföll dunið á fjölskyldunni undanfarin misseri og þau hafa kennt mér mikið.

**Hvar ertu alin upp og hvernig uppeldi fékkstu?** Ég bjó fyrstu tvö árin hjá ömmu Kollu á Siglufirði. Þá flutti ég austur á firði en frá fjögurra ára aldri hef ég búið í Reykjavík, lengst af í Árbænum og er þar nú. Ég veit ekki hvort hægt sé að segja að ég hafi fengið strangt uppeldi, frekar þannig að það var alltaf rætt við mig og höfðað til skynseminnar. Það var mikið lagt upp úr að ég stæði mig vel í skóla og mikið kapp lagt á að ekkert truflaði það. Í prófatörnum var ættingjum nánast bannað að koma í heimsókn til að trufla ekki próflesturinn og á prófdögum fór mamma alltaf á fætur fyrir allar aldir til að búa til ekta heitt súkkulaði. Og þótt mér væri ekki spillt þá var jafnframt passað upp á að mig skorti aldrei neitt. Ég er heppin.

**Hver er þín dýrmætasta æskuminning?** Ég á þær svo margar. Þær sem ég rifja þó oftast upp eru minningarnar sem eru tengdar ömmu Kollu en hún lést á síðasta ári. Ég eyddi ófáum sumrum hjá henni á Suðurgötunni. Mér þykir alltaf sérstaklega vænt um eina minningu og þá kannski helst vegna þess að hún er svo lýsandi fyrir ömmu sem vildi alltaf allt fyrir alla gera. Eitt sinn þegar ég dvaldi hjá henni veiktist ég mjög og gat vart gengið hvað þá sofið. En amma, með sínar heilandi og heitu hendur, hélt um höfuð mitt heilu næturnar til að lina höfuðverkinn og hálfbar mig á milli herbergja þótt ég væri orðin nokkuð stálpuð. Sólardagarnir á svölunum hjá ömmu með bíóís og fjöruga tónlist eru líka minningar sem kalla allta fram bros hjá mér.

**Vissirðu snemma hvert þú ætlað þér í lífinu?** Nei. Og veit það í raunin ekki enn. Ég veit bara að ég vil láta go af mér leiða. Það má þó vissulega segj að þetta starf sé ein leið til þess me því að vekja athygli á góðum málefnum Á mínum yngri árum var ég ákveðin að vinna í matvöruverslun af því a mér fannst svo flott hvað starfsfólkið kössunum gat slegið verðið hratt inn kassana. En það er víst búið, allar búð með skanna þannig að sjarminn e farinn af því. En grínlaust, ég gæti alve hugsað mér að vinna við afgreiðslu störf. Mér finnst alveg ótrúlega gama og gefandi að þjónusta fólk. Kannski é verði búðarkona eftir allt saman?

**Hvenær og hvernig kom það til a þú fórst að starfa við fjölmiða?** É sótti um starf á Skjá einum, næstur því meira í gríni en alvöru. Ég fék starfið og sinnti því einn vetur. Dre mig svo í Háskólann og fékk í kjölfari sumarvinnu á Stöð 2. Síðan tók vi starf á fréttastofu RÚV en þar starfað ég með náminu þar til ég hóf störf Bylgjunni. Þannig að það má segja a eitt hafi leitt af öðru.




20% afmælisafsláttur af öllum vörum fram á laugardag.
Barnafataverslunin Róló Glæsibæ.
Sími 8948060 • www.rolo.is • Facebook
RÓLÓ

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna



# HÖNDINA

**ásamt Heimi Karlssyni og er mst að því að það eru krefjandi**

**Hvenær byrjaðir þú svo á Bylgjunni?** Það var í mars 2007. Og það var eiginlega alveg óvart. Ég hafði sagt upp á RÚV og ætlaði að klára lokaritgerðina mína í rólegheitunum og var eiginlega alveg ákveðin í að skipta um starfsvettvang. Hvíla mig aðeins á því ati sem fjölmiðlastarfinu fylgir. En viku eftir að ég hætti í Efstaleitinu hringdi Heimir í mig og áður en ég vissi af var ég ráðin við hlið hans.

**Í þættinum farið þið yfir fréttir og heitustu málefni líðandi stundar. Þarftu að vera mjög meðvituð um það sem er að gerast í þjóðfélaginu, fylgjast með fréttatímum og pólitík og hvernig hefur það gengið?** Ég þarf að vera nokkuð vel inni í flestu sem er í gangi í þjóðfélaginu, hvort sem það viðkemur pólitík eða öðru. Og það hentar mér svo sem ágætlega þar sem ég hef alltaf fylgst vel með fréttum. Haustið 2008 og langt fram á 2009 tók þó mikinn toll af mér. Að reyna að fylgjast með öllu sem var í gangi. Þetta var svo mikil geggjun, fréttir sem áður hefðu verið á forsíðum allra blaða komust vart fyrir, svo margar

Framhald á síðu 8

> **Ég tók svo meðvitaða ákvörðun stuttu eftir að ég mætti aftur til vinnu að brynja mig fyrir öllum þessum neikvæðu fréttum og láta þær ekki trufla líf mitt.**

## SIX KYNNIR:



**EYRNALOKKAR**
1.395 kr.
SIX KRINGLUNNI OG SMÁRALIND



**BIKINÍBUXUR**
1.595 kr.

**BIKINÍTOPPUR**
1.595 kr.
SIX KRINGLUNNI OG SMÁRALIND





Framhald af síðu 7

voru fréttirnar af hinum ýmsu málum. Það má eiginlega segja að fæðingarorlofið hafi komið mér til bjargar, ég náði að fjarlægjast málin og eyða orku minni í að hlúa að nýfæddri dóttur minni og fjölskyldunni. Búa til hjúp utan um mig og hef náð að halda honum síðan. Ég tók svo meðvitaða ákvörðun stuttu eftir að ég mætti aftur til vinnu að brynja mig fyrir öllum þessum neikvæðu fréttum og láta þær ekki trufla líf mitt. Ég náði að festa mig í núinu, hlakka til framtíðarinnar og þakka fyrir allt hið góða. Það er þó ekki þar með sagt að ég lifi á bleiku skýi og pirrist aldrei. Vissulega er margt sem mig langar að orga yfir. Hvers kyns misrétti og órétti hryggir mig óendanlega, hvort sem það snýr að börnum, konum eða körlum. Ég vil samt ekki að það hljómi sem svo að það sé kvöl og pína að starfa við það sem ég starfa við. Langt því frá. Starfið hefur gefið mér svo ótal mörg tækifæri til að kynnast frábærum einstaklingum sem ég hefði að öllum líkindum annars ekki kynnst. Einstaklingum sem láta sig málin varða, einstaklingum sem eru að gera frábæra hluti og svo framvegis. Var ég búin að nefna líka samstarfsfólk mitt? Það mættu reyndar vera fleiri konur á mínum vinnustað en að öðrum stöðum ólöstuðum þá er þetta langskemmtilegasti staður sem ég hef unnið á. Það eru forréttindi að þykja svona gaman í vinnunni. Eða það finnst mér allavega.

**Áttu einhver minnisstæð augnablik af vandræðalegum uppákomum í beinni útsendingu?** Ójá. Það er það skemmtilega við beinar útsendingar. Það getur allt gerst. Við Heimir drógum einhvern tímann mann of snemma inn í stúdíó – hann átti að vera aðeins síðar í þættinum. Kynntum hann inn, hátt og snjallt, og aumingjans maðurinn hvíslaði bara að hann væri ekki sá sem við töldum hann vera. Það var brjálæðislega fyndið. Og vandræðalegt. Það eru til ótal dæmi af rugli hjá okkur. Og við hlæjum alltaf jafnmikið þegar við rifjum þau upp enda erum við óskaplega lítið fyrir það að taka okkur of alvarlega. Nema þegar kemur að málfarinu. Ég geri mér fyllilega grein fyrir að það er dálítið erfitt að ætla sér að tala óaðfinnanlega íslensku í þætti sem þessum, beinni útsendingu með engan fyrir fram skrifaðan texta. En það var nánast illt í marga daga því að ég sagði MÉR langar. Mér langar! Það er eins gott að börnin mín heyrðu það ekki.

**Svona í góðu sagt, færðu aldrei leið á Heimi?** Nei, og það er eiginlega alveg magnað. Ekki það að hann sé ekki frábær en það að vinna svona náið með einstaklingi krefst þess að fólki líki virkilega vel hvoru við annað. Hann er einn af mínum bestu vinum og ég vísa iðulega til hans sem hins mannsins í lífi mínu. Ég veit yfirleitt alltaf hvað hann er að hugsa sem kemur sér vel í útsendingu og öfugt. Þráinn getur aftur á móti gert mig brjálaða. Nei ég er að grínast, Þráinn er gullmoli. Ég á það til að knúsa hann í tíma og ótíma, bara af því að hann er hann.




Útvarpskonan Kolla.



Samstarfsfélagarnir Kolla og Heimir.



Helena litla. Theodóra Róbertsdóttir, systir Helenu, tók myndina.

> „Kannski ég verði búðarkona eftir allt saman.

**Ef ekki í útvarpi – hvar þá?** Ég hef ekki hugmynd um það. Eins og staðan er núna er ekkert annað sem mig langar að gera. Nema kannski vinna í verslun! Eða prjóna allan daginn. Ég væri alveg til í að prófa það í svona mánuð. Sitja og prjóna. Með kveikt á útvarpinu. Það hljómar dásamlega en er ábyggilega ekkert sérstaklega vel borgað.

**Lífið utan vinnunnar/þú átt dásamleg börn og eiginmann. Eitt þeirra, dóttir þín Helena fæddist með hjartagalla. Geturðu lýst því hvernig tilfinningin var að fá þær erfiðu fréttir og hvers eðlis hjartagallinn er?** Þessi dagur gleymist aldrei. Við Árni fórum með Helenu í þessa hefðbundnu sex vikna skoðun, spennt að vita hversu mikið hún hefði þyngst og lengst. Í skoðuninni kom í ljós að óvenjuhá hljóð heyrðust í hjarta hennar og okkur var ráðlagt að leita sem fyrst til sérfræðings í hjartalækningum barna. Ég þurfti að taka á öllu mínu til að brotna ekki saman. Við gengum út, eiginlega skelfingu lostin, vitandi lítið nema það að það væri eitthvað eins og það ætti ekki að vera. Síðar sama dag náðum við sem betur fer tali af Gunnlaugi Sigfússyni, eða Gulla afa eins og við köllum hann, og hann náði að róa okkur aðeins. Nokkrum dögum síðar skoðaði hann Helenu og kom í ljós að hún var með tvenns konar hjartagalla. Það var áfall en samt gott að vita hvað það var sem amaði að henni. Op á milli gátta og þrengsli í lungnaslagæðaloku. Þetta er búið að vera hálfgerður tilfinningarússibani. Allt frá því að upplifa sorg og ótta yfir í það að upplifa afskaplega mikið þakklæti fyrir að það skuli vera þetta sem hrjáir hana en ekki eitthvað miklu verra. Þakklætið hefur þó haft yfirhöndina, sem betur fer. Enda erum við afskaplega heppin.

**Hvaða ferli fór af stað í kjölfarið?** Það var kannski ekki mikið ferli enda hjartagallarnir ekki þess eðlis að grípa þyrfti til aðgerða. Í fyrstu fórum við með hana í vikulegt eftirlit til Gulla, í hjartarit og hjartaómun. Smám saman varð svo lengra á milli skoðana og hún hefur lifað ósköp venjulegu lífi.

**Fenguð þið góðan stuðning?** Já, frá fjölskyldu og vinum. En kannski fyrst og fremst frá hvoru öðru. Árni er kletturinn í lífi mínu og ég í hans. Ég er líka svo mikill lukkunnar pamfíll þegar kemur að vinkonum. Við erum átta konur sem áttum allar börn á svipuðum tíma og það var óskaplega gott að geta rætt þessi mál við þær. Það var líka afskaplega gott að hitta aðrar mæður hjartabarna í mömmuklúbbi Neistans. Mér fannst ég heppnasta móðir á jörðu eftir þann hitting. Að heyra sögur af börnum sem hafa þurft að fara í jafnvel margar flóknar hjartaaðgerðir setti svo sannarlega hlutina í samhengi.

**Hvernig er heilsa hennar í dag?** Helena hefur braggast með eindæmum vel. Það er ekki möguleiki að sjá að neitt ami að henni og hún hefur verið ótrúlega brött frá fæðingu. Það var eftir á að hyggja lán í óláni að við fengum enga dagvistun fyrir hana eftir að fæðingarorlofinu lauk þannig að hún bjó í mjög vernduðu umhverfi fyrstu átján mánuðina, laus við þessar umgangspestir sem börn bera sín á milli. Það var svo stuttu fyrir síðustu jól að við fengum bestu hugsanlegu fréttir sem við gátum óskað okkur, gatið í hjarta hennar hafði minnkað um um það bil 2 mm og við erum viss um að það haldi áfram að minnka. Þannig að það er nánast algerlega búið að útiloka hjartaaðgerð, í versta falli þarf hún hugsanlega að fara í hjartaþræðingu.

**Þú hefur meðal annars lagt „Á allra vörum" samtökunum lið er þau söfnuðu fyrir hjartveik börn. Hversu mikils virði er það þér að taka þátt í svona söfnun?** Mér þótti óendanlega vænt um að fá að leggja þeirri söfnun lið. Eins og reyndar öllum öðrum söfnunum sem ég hef komið nálægt. Það er svo góð tilfinning að upplifa samstöðu Íslendinga þegar kemur að þörfum málefnum. Á svoleiðis stundum upplifi ég þjóðina sem eina stóra fjölskyldu og það þykir mér afskaplega góð tilfinning. Við erum í þessu saman.

**Hjónabandið/ekki er langt síðan þú gekkst í það heilaga. Hvernig tilfinning er að vera orðin gift kona?** Óskaplega góð. En samt í raun lítil breyting á sambandinu. Við vissum það mjög fljótt að við yrðum alltaf saman. En við komum okkur einhvern veginn ekki í það að láta gefa okkur formlega saman. Við vorum alltaf á leiðinni að gera það eins og svo margir aðrir. Svo ákváðum við í lok nóvember að þetta gengi ekki lengur. Hvað ef eitthvað kæmi fyrir annað okkar? Þá er heilmikill munur á réttindum sambúðarfólks og hjóna. Við ákváðum því brúðkaup með um það bil þriggja vikna fyrirvara, buðum okkar allra nánustu og sjáum ekki eftir því.

**Gekk allt eins og í sögu á stóra daginn?** Ég myndi giska á að ég hafi verið með afslappaðri brúðum sem verið hafa uppi. Það gekk allt eins og í sögu þannig séð. Það var bara allt eins og það átti að vera. Þetta var kannski ekki alveg hefðbundið brúðkaup, ég var til dæmis í svörtum klassískum kjól, við gengum saman inn kirkjugólfið og Helena var í fanginu á pabba sínum allan tímann. Þetta var ótrúlega ljúf stund með yndislegu fólki. Eftir athöfnina var svo haldið heim á leið þar sem boðið var upp á hangikjöt og uppstúf. Afskaplega jólalegt enda giftum við okkur þann 18. desember.

**Eitthvað að lokum – Uppáhaldstilvitnun/máltæki?** Ein af mínum uppáhaldstilvitnunum er eftir Epiktet en hana las ég fyrst á unglingsárunum og hún hljómar eitthvað á þessa leið: „Ekki eru það hlutirnir sjálfir sem áhyggjum valda, heldur mat okkar á þeim. Ef við mætum mótlæti og að okkur sækir angur eða kvíði, þá skulum við ekki kenna neinum um nema okkur sjálfum, það er að segja mati okkar á hlutunum."

## UPPÁHALDS

**HREYFINGIN:** Engin! En stefnan er tekin á skokkið þegar flutningum fjölskyldunnar lýkur síðar í mánuðinum. Vonandi líkar mér það!
**VEITINGASTAÐURINN:** SuZushii.
**TÍMARITIÐ?** Ég held að ég lesi Hús og híbýli einna mest.






## DAGUR Í LÍFI ÚTVARPSKONUNNAR

Enginn dagur er eins en...

**05:50** Vekjaraklukkan hringir.

**06:30** Mæti á Bylgjuna.

**11:00** Yfirleitt komin heim.

**12:00** Klukkutímablundur ef tími vinnst til.

**13:00** Þvottur, símtöl og undirbúningur að þætti morgundagsins.

**16:00** Sæki Helenu á leikskólann og við syngjum og leikum okkur.

**18:30** Fréttastund sem oft stendur til að verða klukkan átta.

**20:00** Kúri í sófanum með tölvuna eða prjónadótið yfir sjónvarpinu.

**23:00** Lofa mér því að fara fyrr að sofa næsta kvöld.





the PIER
FOR YOUR HOME
GLEÐILEGT SUMAR
í The Pier!
20%
Falleg Polirattansett
sem þola að vera úti
í allt að -15 gráðum!
Eigum einnig sófasett
úr Polirattan.
Polirattan borð sporöskjulaga
Var 59.900.-
Nú 47.920.-
Lukt 2990.-
ÞOLIR AÐ VERA ÚTI Í ALLT AÐ -15° GRÁÐUM
Polirattan stóll með örmum
Nú 13.520.-
Var 16.900.-
Rellur og blóm í garðinn,
með og án ljóss
Verð frá 790.-
Polirattan stóll
Nú 23.920.-
Var 29.900.-
Polirattan sófi
Nú 31.920.-
Var 39.900.-
Þolir að vera úti í allt
að -15° gráðum
Blóm úr efni
890-990.-
Silki sumarblóm
Verð frá 590.-
AÐEINS ÞESSA HELGI!
Ný sumarhúsgögn
20%
afsláttur fös-mán.
Svunta
3990.-
Sessur
3990.-
Ruggustóll í garðinn
eða á svalirnar
Nú 27.920.-
Var 34.900.-
Hlíf yfir
mat 890.-
20%
Vandað svalasett
til í 3 litum
Nýtt matarstell
Verð frá 990.- stk.
Kertastjakar
frá 590.-
the PIER
Nú 15.920.-
Var 19.900.-
Nú 11.920.-
Var 14.900.-
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

HEILSUHEIMUR

# HVERNIG ERTU UNDIR MIKLU ÁLAGI?

**Við höfum öll áhyggjur á einhverjum tímapunkti lífsins, erum kvíðin, leið eða finnum til streitu. Lífið ræddi við flottar konur sem takast á við álag á mismunandi máta. Þær leggja áherslu á góðan svefn, hreyfingu og skipulag.**

## RÆKTAR ANDANN

**ÞÓRA KARÍTAS ÁRNADÓTTIR 32 ÁRA LEIKARI OG SJÓNVARPSKONA**

32 ÁRA



1. Aldrei betri. Þá er lífsorkan í fullu fjöri, góður fókus í gangi og enginn tími til að velta sér upp úr neinu eða hafa áhyggjur af einhverju sem skiptir ekki máli. Ef álagið keyrir fram úr hófi þá fer ég að hlakka til þess að hafa meiri tíma fyrir sjálfa mig og reyni að næla mér í kyrrðarstundir yfir daginn.

2. Ég er að byggja mig upp í augnablikinu eftir samfellda tíu mánaða vinnutörn og nýt þess fram í fingurgóma að vera í rólegheitum, borða hollan og góðan mat, rækta andann og slappa af með dásamlegum vinum og fjölskyldu.

3. Oft er gott að gera eitthvað ævintýralegt og í tengslum við náttúruna – ég fékk tækifæri til að dýfa mér ofan í heita vatnið í Grjótagjá í vor þegar ég var í sýningartörn fyrir norðan og það var algjör endurfæðing og vel hressandi fyrir ónæmiskerfið. En annars finnst mér mikilvægt að fá góðan nætursvefn, hlæja í góðra vina hópi og ætli ég verði ekki líka að mæla með hreyfingu og skipulagðri slökun.

4. Eyði tíma með vinum – horfi á góða bíómynd eða les bók, fer í göngutúr, sólbað þegar það er hægt.

## SPILAR GOLF

**SIRRÝ HALLGRÍMSDÓTTIR 41 ÁRS VIÐSKIPTA-STJÓRI**

41 ÁRA



1. Ég held ég sé bara svona frekar afslöppuð undir miklu álagi. Ég á auðvelt með að vinna undir miklu álagi. Ég er vön því. Í flestum störfum sem ég hef unnið hef ég verið undir miklu álagi. Það hentar mér eiginlega betur en hitt.

2. Ég passa upp á svefninn númer eitt, tvö og þrjú og hreyfa mig reglulega. Vera líkamlega fit. Ég er í golfi en það er mjög afslappandi og ég syndi og hleyp. Ég spila líka einstaka sinnum badminton.

3. Fara snemma að sofa. Vakna snemma. Mæta áður en aðrir mæta í vinnuna og undirbúa daginn. Það er það besta sem þú getur gert.

4. Ég slaka á í góðum félagsskap og spila golf eða fara í göngutúra.

**SPURNINGARNAR**

1. Hvernig ertu undir miklu álagi?
2. Hvað gerir þú til að standast álag og ná jafnvægi í leik og starfi?
3. Áttu gott ráð til að takast á við álag en ná árangri á sama tíma?
4. Hvernig slakar þú á?

## SPÝTIR Í LÓFANA

**NADÍA KATRÍN BANINE FLUGFREYJA, TAMNINGAKONA OG HÖNNUÐUR**

45 ÁRA



1. Þá bretti ég upp ermarnar og spýti í lófana.

2. Þá skiptir miklu máli að að skipuleggja sig vel, nálgast verkefnin með yfirvegun og vera sáttur með það sem maður kemst yfir.

3. Setja sér markmið sem eru framkvæmanleg og skipuleggja tímann og leiðina vel að settu markmiði. Það sem ég hef helst lært er að ætla sér ekki um of, reyna ekki að vera alltaf með of mörg járn í eldinum og það er enginn heimsendir þótt að það sé ekki allt fullkomið. Læra að segja nei við sjálfan sig og aðra.

4. Ég slaka helst á með því að horfa út um gluggann minn á fegurðina allt í kring. Sófinn og góð bók, eða einn Friends-þáttur til að létta lundina gera líka kraftaverk.


# Rísmjólk úr hágæða ítölskum lífrænum hýðishrísgrjónum

**Isola Bio** rísmjólkin er einstaklega bragðgóð og hentar vel í þeytinginn, út á grautinn, í baksturinn og að sjálfsögðu ein og sér, **ísköld!**




## Án sykurs

Allar án sykurs/sýróps/sætuefna nema möndlu- og súkkulaði sem eru sættar með lífrænu agave.



hrein | með kalki | með vanillu | með kókos | með möndlu | rísrjómi | fernur - góðar í nestisboxið!

Isola Bio rísmjólkin fæst í öllum helstu matvöruverslunum um land allt


## MATARDAGBÓKIN

**Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka**

Ég reyni eftir fremsta megni að borða hollan og góðan mat. Nammigræðgi samstarfsfélaga minna spillir reyndar stundum því góða plani sem ég legg upp með á morgnana. Ég kenni þeim að sjálfsögðu um allt sem miður fer í hollustunni. Mér finnst rosalega gott að fá mér sjeik á morgnana þar sem ég er yfirleitt frekar lystarlítil í upphafi dags.



**Grænbrúnt jukk**

Í uppáhaldssjeiknum mínum er spínat, engifer, banani, brómber, mango, lucuma, haframjöl og smá skvetta af appelsínusafa. Úr þessu verður til grænbrúnt jukk sem er þó alveg himneskt á bragðið. Yfirleitt borða ég mikið af grænmeti, kjúklingi og fiski. Mér finnst gaman að elda og prófa nýjar uppskriftir en nýjasta æðið mitt er að hægelda mat. Með þeim hætti varðveitir maður betur næringuna í matnum fyrir utan að allt sem kemur upp úr þessum potti er sjúklega gott.

**Hollt nesti í golfið**

Ég er svo búin að lofa mér því að vera dugleg að grípa með mér hollt nesti á golfvöllinn en ég á það til að grípa næstum það sem hendi er næst þegar ég er orðin svöng úti á velli.





Hrósið að þessu sinni fær **Kristín Einarsdóttir**, verslunareigandi sem rekur Sigurbogann á Laugavegi og hefur gert það síðastliðin tuttugu ár. Tímamótunum fagnar hún að sjálfsögðu með afmælishátíð um næstkomandi helgi með tilheyrandi gleði og glamúr. Lífið óskar Kristínu til hamingju með áfangann.



TÍMARITIÐ
SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN
20 ÁRA
Við verðum á Sunnlenska Sveitadeginum á Selfossi laugardaginn 5. maí kl. 12:00-17:00.
SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN
Stofan út í garð
Tilboð á áskrift
Vandað og áhugavert lífsstílstímarit um allt sem viðkemur garðyrkju og sumarhúsalífi. Blaðið kemur út fimm sinnum á ári og er uppfullt af fróðleik og skemmtilegu lesefni.
Áskrift í síma 578-4800 og á www.rit.is
Áskriftin í eitt ár og kostar kr. 4.780 sé greitt með greiðslukorti.
Auður I. Ottesen veitir ráðgjöf í ræktun krydd- og matjurta. Til sölu verður úrval kryddjurta frá Garðyrkjustöðinni Engi.
Sunnlenski sveitadagurinn 2012
Laugardaginn 5. maí
á athafnasvæði Jötunn Véla og Vélaverkstæði Þóris að Austurvegi 69, Selfossi
Garðyrkjustöðin Kvistar
gróðurmold garðyrkjumannsins
flúðamold
Garðyrkjustöðin ENGI
LÍFRÆN RÆKTUN
Suðurlandsdeild
SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN 20 ÁRA

# SPENNANDI HÖNNUNARSÝNING Í RÁÐHÚSINU

Stórglæsileg sýning á íslensku handverki, listiðnaði og hönnun fer nú fram í Ráðhúsi Reykjavíkur og lýkur þann 7. maí. Þetta er í sjöunda sinn sem HANDVERK OG HÖNNUN stendur fyrir og skipuleggur þennan viðburð en í fyrsta sinn að vori til. Það er óhætt að segja að sýningunni hafi verið vel tekið undanfarin ár og hefur aðsóknin verið mjög mikil. Þetta er kjörið tækifæri fyrir alla að kynna sér fjölbreytt íslenskt handverk, listiðnað og hönnun. Það eru listamennirnir sjálfir sem kynna vörur sínar. Gróskan og fjölbreytnin er mikil sem fyrr og að þessu sinni sýna 44 aðilar verk sín. Meðal þeirra eru **Þórdís Jóhannesdóttir Wathne** með Spunadís og **Sveinbjörg Hallgrímsdóttir** með hönnun sína Svartfugl.





## HELGARMATURINN



**Það er ekki hægt að neita því að matarræðið léttist oft á sumrin í takt við léttari lund og bjartari daga. Brynja Nordqvist flugfreyja deilir hér með okkur uppáhalds sumarsalötunum sínum.**

### Veislusalat eða Klettasalat

Pera, vínber, jarðarber, agúrka, tómatar, piparostur, ristaðar furuhnetur og valhnetur.

Allt skorið smátt og sett út í salatið.



Balsamikedik frá Modena og Balsamiksíróp frá Merchant Gourmet sem ég blanda saman og set út í salatið. Að lokum set ég stundum kjúkling eða nautakjöt yfir þegar ég nota salatið sem aðalrétt.

### Avókadó- og rækjusalat

2 bollar rækjur
2-3 harðsoðin egg (má sleppa)
1 avókadó (skorinn smátt)
1 msk. sætt sinnep
1-2 msk. tómatsósa
6 msk. grísk jógúrt eða eftir smekk
Herbamare sjávarsalt
Svartur pipar eftir smekk

Allt sett í skál og blandað vel saman. Það er líka gott að skera avókadó í helminga, taka kjarnann úr og setja salatið ofan í holuna þar sem kjarninn var.
Avókadó er hollt og gott.

Má sleppa sinnepi og tómatsósu – setja karrý í staðinn.






# HOLLUR OG ÓDÝR HVERSDAGSMATUR

**GÓÐUR KOSTUR** *Fitulitlar kalkúnapylsur eru nýjasta viðbótin hjá Ísfugli, en þær eru bæði kjötmeiri og kryddaðri en margar aðrar pylsur á markaðnum.*



Markmið Ísfugls er að framleiða góða og ódýra hversdagsvöru en alifuglaafurðir hafa verið framleiddar undir merki Ísfugls síðan árið 1979.

Undanfarin ár hefur sala á alifuglakjöti aukist, bæði á fersku kjöti og úrbeinuðu. Þessi aukning skýrist meðal annars af vitundarvakningu í þjóðfélaginu, því að margir vilja í dag fituminni mat. Alifuglakjöt er góður kostur fyrir þá sem vilja borða heilsusamlega því kjötið er næringarríkt og fitulítið.

Nokkuð er mismunandi hvernig vörur fyrirtækisins eru merktar. Frosið kjúklingakjöt er eingöngu merkt Ísfugli en aðrar vörur hafa sérstök vörumerki.

Ferskir kjúklingar eru til dæmis framleiddir undir vörumerkinu Kjúlli – langflottastur, steiktir kjúklingar undir merkinu Kjúlli Steikti og kalkúnakjöt undir merkjunum Hvíti kalkúninn eða Kalkúnakrásir. „Við reynum að vera duglega að koma með nýjungar. Í fyrra settum við á markaðinn grillútgáfu af kalkúnasneiðum og tóku neytendur vel á móti þeirri nýjung og fyrir skömmu hófum við að selja fitulitlar kalkúnapylsur sem hafa farið mjög vel af stað," segir Helga Lára Hólm framkvæmdastjóri Ísfugls.

Kalkúnapylsurnar frá Ísfugli eru kjötmeiri en margar aðrar pylsur og með kryddaðra bragði. Pylsurnar eru tilvaldar sem uppistaða í ýmsum réttum því hægt er að matreiða þær með margvíslegum hætti. Kalkúnapylsurnar bragðast vel grillaðar og því látum við hér fljóta með uppskrift að skemmtilegum grillteinum sem gaman væri að prófa með hækkandi sól.

### UM ÍSFUGL

***Ísfugl ehf. rekur sláturhús, kjötvinnslu og dreifingarstöð fyrir afurðir úr alifuglum. Í sláturhúsinu er slátrun á kjúklingum og kalkúnum allan ársins hring. Helstu vörumerkin eru: Ísfugl, Kjúlli og Hvíti kalkúninn. Vörumerkið Ísfugl hefur verið í notkun frá árinu 1979.***

***Framkvæmdastjóri Ísfugls er Helga Lára Hólm. Ísfugl er skráð einkahlutafélag hjá hlutafélagaskrá og starfar undir eftirliti Embættis yfirdýralæknis og Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.***

***Aðsetur: Reykjavegi 36, Mosfellsbæ Sími: 566 6103 • Fax: 566 6762 • Netfang: isfugl@isfugl.is www.isfugl.is Tengiliður verkefnis : Guðrún Anna Magnúsdóttir hjá Grafika sími 896-1896***



## KALKÚNAPYLSUR, BRAUÐ OG GRÆNMETI Á GRILLTEINI

**Uppskriftin er fyrir fjóra**

**8 kalkúnapylsur**
**Paprikur, laukur og sveppir eftir smekk**
**4 þykkar sneiðar af grófu brauði**
**3-4 msk. af olíu**
**1 hvítlauksgeiri**
**Salt, svartur pipar, paprikuduft**

**Pylsurnar og grænmetið er skorið í bita og brauðsneiðarnar eru skornar í teninga.**

**Þessu er raðað til skiptis á grillteina.**

**Blandið muldum hvítlauk, 1/2 tsk. af salti, 1/4 tsk. af svörtum pipar og 1/2 tsk. af paprikudufti út í olíuna. Penslið kalkúnapylsurnar og brauðið með olíunni og leggið teinana á grillið u.þ.b. 10 cm frá glóðinni. Snúið teinunum oft og penslið pylsurnar og brauðið nokkrum sinnum.**

**Rétturinn bragðast vel með fersku grænmetissalati, sterku sinnepi eða öðru meðlæti eftir smekk.**



Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

GARÐSLÁTTUR!
Garðaþjónusta Hlyns
• Garðsláttur
• Klippingar
• Mosaeyðing
• Beðahreinsun
• Vönduð vinnubrögð
Uppl. gefur Hlynur S. 777 9543

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

HreinirGarðar
Garðsláttur fyrir heimili, húsfélög og fyrirtæki
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
▶ Trjáklippingar
▶ Trjáfellingar
▶ Garðsláttur
▶ Beðahreinsun
▶ Stubbatæting
Traust þjónusta í 20 ár
S. 554 1989 • Garðlist.is

Garðaþjónustan Björk
• Trjáklippingar
• Felli tré
• Garðyrkja
40 ára starfsreynsla
Jóhannes garðyrkjumeistari
S. 846 8643 • 899 7679
www.gardyrkjumeistari.is




**Garðaþjónusta Reykjavíkur 20% afsláttur fyrir eldri borgara.**
Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

**Garðsláttur og garðklippingar**
fyrir húsfélög og einstaklinga. Fáðu verðtilboð. ENGI ehf. Sími 615-1605.

**Er mosinn að eyðileggja garðinn þinn !!??**
Erum með góðar lausnir við því. Eiríkur Garðyrkjumaður S. 867 4555.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

**Málningarþjónusta Reykjavík**
20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 776 9767

**Málarameistari**
Öll almenn málningarvinna. Egill s. 868 5171.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

HLAÐBÆR COLAS

**MALBIKSVIÐGERÐIR**
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Skiptið við gæðavottað fyrirtæki.
Sími: 565-2030
www.colas.is colas@colas.is
ISO 9001 vottun

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmiðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar

**Spásími 908 7000**
Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið frá 13-23. S. 863 1987 visa/euro.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að... börn eiga rétt á heilbrigðum tönnum

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**Þarfnast bílaplanið þrifa eða viðhalds?**

Við bjóðum upp á eftirfarandi:

Götusópun

Gangstéttarsópun

Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum

Malbiks- og kantsteinaviðgerðir

Grasslátt og umhverfishreinsun

Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is

## KEYPT & SELT

## Til sölu



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is



**Sumarvörurnar komnar.**
Bolur 5.990,- Gallabuxur 8.990,- margir litir. Súpersól Hólmaseli 2, 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook.

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottavélar. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Bílar til sölu



**TOYOTA RAV4**
Nýskráður 10/2000, ekinn 126 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.080.000 • Tilboð kr. 750.000**



**FORD MONDEO TREND**
Nýskráður 3/2005, ekinn 96 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.050.000 • Tilboð kr. 750.000**



**FORD EXPLORER SPORT TRAC LIMITED 4X4**
Nýskráður 10/2006, ekinn 86 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.890.000 • Tilboð kr. 1.990.000**



**PEUGEOT 207 S16 1.6i**
Nýskráður 3/2008, ekinn 58 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**kr. 2.190.000**



**HONDA JAZZ LS 1.4i**
Nýskráður 8/2007, ekinn 35 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**kr. 1.850.000**



**HONDA ACCORD SPORT**
Nýskráður 1/2007, ekinn 75 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**kr. 2.390.000**



**PEUGEOT 407 SW**
Nýskráður 8/2006, ekinn 68 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.650.000**



**HONDA ACCORD SPORT**
Nýskráður 7/2007, ekinn 75 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.390.000**



**NISSAN PATHFINDER SE 2.5 DÍSIL**
Nýskráður 3/2007, ekinn 56 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.490.000**

**Komdu, reynsluaktu og gerðu góð kaup á góðum notuðum bílum.**

**Opið laugardaga milli kl. 12 - 16**

1962 - 2012 50 ára
BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

**Nú erum við á þremur stöðum:**

**Bernhard notaðir bílar**
Eirhöfða 11, Reykjavík, sími 551 7171

**Bernhard notaðir bílar, Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 15, Reykjanesbæ, sími 421 7800

**Bernhard notaðir bílar, Akranesi**
Innnesvegi 3, Akranesi, sími 431 1985

## Tilkynningar

FISKISTOFA

# Leyfi til túnfiskveiða

Samkvæmt reglugerð nr. 400/2012, um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski auglýsir Fiskistofa eftir umsóknum um leyfi til veiðanna, og er **umsóknarfrestur til 18. maí 2012.**

Umsækjendur skulu ráða yfir fiskiskipi sem hefur leyfi til veiða í atvinnuskyni og hefur búnað sem hentar til veiða á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski. Í umsókn um leyfi skal koma fram áætlun um veiðarnar, lýsing á búnaði skips, upplýsingar um áætlaðar löndunarhafnir og ráðstöfun afla.

Við val á milli tveggja eða fleiri hæfra umsækjenda er Fiskistofu heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun leyfisins.

## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna forsetakjörs sem fram fer 30. júní 2012, hefst við embætti sýslumannsins í Reykjavík þann 5. maí nk. Atkvæðagreiðslan fer í fyrstu fram á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík, alla virka daga milli kl. 8:30 – 15:00. Um helgar er opið frá kl. 12:00 – 14:00. Lokað verður á uppstigningardag þann 17. maí nk. og hvítasunnudag þann 27. maí nk. Opið verður annan í hvítasunnu þann 28. maí nk. frá kl. 12:00 – 14:00.

Frá og með 14. júní nk. fer atkvæðagreiðslan fram í Laugardalshöll og þá verður opið alla daga frá kl. 10:00 – 22:00. Lokað verður sunnudaginn 17. júní nk. Á kjördag laugardaginn 30. júní nk. verður opið frá kl. 10:00 til kl. 17:00.

*Sýslumaðurinn í Reykjavík*

**Sveitarfélagið Ölfus**

**Auglýsing bæjarstjórnar Ölfuss um niðurstöðu, sbr. 4. mgr. 32. gr. skipulagslaga.**

## Endurskoðun á Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022.

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt tillögu á endurskoðun á Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022. Tillagan var auglýst og lá frammi til kynningar á bæjarskrifstofu Svetiarfélagssins Ölfuss frá 23. janúar til 7. mars 2012. Athugasemdafrestur rann út 7. mars 2012 og bárust 8 athugasemdir. Bæjarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína. Ábendingar Skipulagsstofnuanr voru teknar fyrir og gögn lagfærð samkvæmt þeim. Aðrar athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur endurskoðunin á aðalskipulaginu verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar á aðalskipulagstillögunni.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöður bæjarstjórnar geta snúið sér til skipulgsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss.

Þorlákshöfn 30. apríl 2012.
Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**

**220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*
Pantana & upplýsingasími 849 0698
www.bathmate.is

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Tilboð 3 fyrir 2 af kanínumat**

4kg poki kostar 1.327,- á þessu tilboði. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www.jonbondi.is Opið mán-fös 10-18.

## Námskeið

NEYTENDASAMTÖKIN

### Neytendasamtökin halda námskeið um réttindi neytenda og heimilisbókhaldið

Námskeiðið verður haldið **mánudaginn 7. maí kl.17:00-20:00 á skrifstofu samtakanna að Hverfisgötu 105, Reykjavík.** Námskeiðið er ætlað öllum sem vilja öðlast góða yfirsýn yfir fjármálin og auka neytendavitund sína. Námskeiðið er ókeypis og opið fyrir alla. Skráning fer fram í síma 545 1200 á opnunartíma skrifstofu eða í netfangi ns@ns.is

## Atvinna

**Óskum eftir vönum bifreiðasmið/réttingamanni.**

Upplýsingar sendist á netfangið: rettjoa@rettjoa.is

Réttingaverkstæði Jóa ehf
Dalvegi 16a • 201 Kópavogur • Sími 564 5255
Fax 564 5254 • rettjoa@rettjoa.is • www.rettjoa.is
BÍLAMÁLUN RÉTTINGAR




Nýtt grunnnámskeið hefst 8.maí. Nauðsynlegt fyrir alla hunda. S: 897-1992 www.hundaskoli.net

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu 3 herb. 60 fm. íb. á Lauganesvegi. 120 per mánuð 3 mán trygging. Laus strax. Aðeins langtímaleiga. S. 896 2964

Til leigu frá og með 15. mai tveggja herbergja íbúð í 101 Reykjavík, íbúðin leigist á 140.000/mánuð fyrstu þrír mánuðirnir fyrir fram. Nánari upplýsingar gefur Helga í síma 8401574

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð 3ja herb. á Höfuðborgasv. frá 01. júlí, greiðslugeta 100þús, skilvísum greiðslum heitið. Uppl. s. 823 8088.

Par með lítinn strák og hund, vantar húsnæði á Rvk. svæðinu. Getum borgað allt að 200 þ. kr. Uppl. í s. 823 2851 Stella.

## Atvinnuhúsnæði

Til Leigu skrifstofu herbergi lítil og stór við Ármúla góð bílastæði og hagstætt verð uppl. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Starfsmaður óskast í rótgróna veiðibúð .**

**Um sumarstarf er að ræða maí - sept. Þekking á stangveiði, stundvísi og góð framkoma skilyrði . Meðmæli æskileg.**

**Sendið upplýsingar á zircon@simnet.is**

VÉLAMIÐSTÖÐIN

**Vélamiðstöðin**
**óskar eftir að ráða starfsmenn til bíla- og vélaviðgerða. Fyrirspurnir og umsóknir óskast á netfangið helga@igf.is.**

**Vantar HANDFLAKARA**
Selnes seafood ehf á Breiðdalsvík auglýsir eftir handflökurum sem gætu hafið störf sem fyrst. Áhugasamir sendið tölvupóst á selnesseafood@simnet.is Eða hringið í síma 8974915 Bjarki.

Rótgróið múrfyrirtæki óskar eftir að bæta við sig múrurum. Aðeins faglærðir menn eða mjög vanir múrverki koma til greina. frekari upplýsingar fást hjá ingi.karason@gmail.com

Vanan kraftmikinn háseta vantar á 170 tonna netabát sem fyrst. Upplýsingar í síma 894-2806 og 854-2806.

**Smiðir**
Óska eftir vönum smiðum til vinnu í Noregi. Uppl í s. 663 7027

**Húsasmíðameistari/ húsasmiður**
Verktakafyrirtæki óskar eftir samstarfi við húsasmíðameistara/húsasmið. Mikil reynsla af utanhúss viðhaldi nauðsynleg. Uppl. s. 661 9046.

Guesthouse requesting employee in 50% work to conduct foreign relations handle bookings and light housekeeping. The applicant must be well organized, disciplined and good at communication. Driving license is desirable. Please send your application rs29@simnet.is

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.
Engin bið nema þegar talað er.




BYLGJAN 25 ÁRA 989

**Heimir & Kolla**
**vakna með þér í bítið**

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar




BOLTAVAKTIN Staða og úrslit leikja í beinni
vísir - oft á dag

# ÁRSKORT

## Í LÍKAMSRÆKT OG SUND

## Á AÐEINS 33.990 KR.

Það gera aðeins 2.833 kr. á mánuði. Vaxtalausar Visa/Euro-léttgreiðslur í boði




**FRÁBÆRT SUMARTILBOÐ HJÁ ACTIC Í 3.DAGA**

## TILBOÐ GILDIR AÐEINS DAGANA 4 - 6. MAÍ 2012





**ACTIC**
LÍKAMSRÆKT & SUND

Kortið gildir í líkamsrækt, spinning og sund í Sundlaug Kópavogs og líkamsrækt og sund í Salalaug.

Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480
www.acticgym.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** ríki í Mið-Ameríku, **6.** frá, **8.** þvottur, **9.** útsæði, **11.** tveir eins, **12.** hljóðfæri, **14.** skammt, **16.** kúgun, **17.** bar, **18.** fát, **20.** persónufornafn, **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** stagl, **3.** stefna, **4.** trjátegund, **5.** eyrir, **7.** heilbrigður, **10.** frændbálkur, **13.** umfram, **15.** rótartauga, **16.** tíðum, **19.** eldsneyti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kúba, **6.** af, **8.** tau, **9.** fræ, **11.** rr, **12.** sítar, **14.** stutt, **16.** ok, **17.** krá, **18.** fum, **20.** ég, **21.** tróð.
**LÓÐRÉTT: 1.** tafs, **3.** út, **4.** barrtré, **5.** aur, **7.** frískur, **10.** ætt, **13.** auk, **15.** tága, **16.** oft, **19.** mó.





**Lykillinn að gera atriðin eins raunveruleg og hægt er**

Jón Viðar Arnþórsson, formaður Mjölnis, útfærir hasar- og slagsmálasenur í íslenskum bíómyndum.

**Meðal annars efnis:**



**Hvar væru þau nú?**
Helstu hetjum Íslendingasagnanna kippt inn í nútímann með aðstoð Óttars Guðmundssonar geðlæknis og Halldórs Baldurssonar teiknara.




Allt sem þú þarft


# Sama hvaðan gott kemur

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



Skotgrafahernaðurinn í umræðunni er vinsælt umkvörtunarefni. Af hverju getur fólk ekki bara sameinast um skynsamlegar lausnir, spyrja menn, af hverju þarf sífellt að rífast um allt og ekkert? Þessi gagnrýni einskorðast ekki við ákveðna hópa heldur virðist koma úr öllum áttum. Meira að segja sjálfir stjórnmálamennirnir kvarta stundum undan þessu. Það þarf ekki að lesa mikið um stjórnmálaumræðu í nágrannalöndunum til þess að komast að því að þetta er ekki séríslenskt. Þá má veita því athygli að málflutningar stjórnar og stjórnarandstöðu á þingi hverju sinni er sumpart alltaf hinn sami. Jafnvel þótt sömu einstaklingarnir hafi skipt reglulega á milli þessara hlutverka og hneykslist því í raun á eigin fyrri hegðun. Í þessu samhengi má nefna þá umræðu sem fer fram í lok hvers þings um annars vegar tilraun framkvæmdavaldsins til að „keyra mál í gegnum þingið án umræðu" og hins vegar „óþolandi málþóf stjórnarandstöðunnar."

**MÁLIÐ** er einfaldlega að flestum er alls ekkert sama hvaðan gott kemur jafnvel þótt flestir myndu telja sig samþykka þeirri þekktu fullyrðingu. Það hafa rannsóknir í atferlissálfræði ítrekað leitt í ljós. Nefna má hin svokölluðu geislabaugsáhrif sem virka þannig að við lítum síður á aðra sem samsetta persónuleika, blöndu af jákvæðum og neikvæðum eiginleikum, og fremur á þá sem í grófum dráttum góða eða slæma. Af þeim sökum eigum við erfiðara með að samþykkja hugmynd sem góða, jafnvel þó okkur þætti það ella, ef hún er kynnt af einstaklingi sem við erum yfirleitt ósammála. Annað skylt fyrirbrigði er svokölluð staðfestingarvilla sem má lýsa sem eins konar innri já-manni. Við leitum heldur eftir upplýsingum sem staðfesta skoðanir okkar eða tilgátur en öðrum sem kynnu að draga þær í efa. Þá túlkum við tvíræðar upplýsingar fyrir fram mynduðum skoðunum í vil. Sé það því mat okkar að stjórnmálaflokkur, -maður eða einfaldlega annar einstaklingur sé almennt á villigötum, munum við túlka flest hans verk, bæði góð og slæm, á versta veg.

**AÐ** þessu sögðu er það ekki óeðlilegt að fólk með ólík viðhorf greini á um hvernig leysa beri vandamál og um hvert skuli stefna. Þá eru stjórnmálamenn og aðrir sem taka þátt í umræðunni að taka þátt í leik sem snýst, þegar öllu er á botninn hvolft, um að hafa áhrif. Stundum er það að ýfa upp átök bara góð leið til þess og við það þurfum við að lifa. Það getur þó verið ágætt að staldra við, líta kalt á eigin orð og loks spyrja sig hvort tilfinningarnar hafi reynst skynseminni yfirsterkari. Kannski breytir það engu en það er þó í það minnsta stundum hægt að komast hjá því að vera í þversögn við sjálfan sig.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott



# ALLIR GETA LÁTIÐ LJÓSIÐ SKÍNA
## OG HAFT ÁHRIF Á ÞJÓÐFÉLAGIÐ

### BARNIÐ

Með kaupum á ljósi
er verið að stíga fyrsta skrefið
í forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum.

Með hverju keyptu ljósi býðst fyrirlestur
þér að kostnaðarlausu hjá BLÁTT ÁFRAM

### FJÖLSKYLDAN

Aðili sem hefur fengið fræðslu í forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi,
upplýsir barn sitt og fræðir alla fjölskylduna.

### SAMFÉLAGIÐ

Fjölskylda sem er vakandi fyrir kynferðislegu ofbeldi á börnum, hefur áhrif á nánasta umhverfið sitt
og hvetur samfélagið til að taka skýra afstöðu um verndun barna.

### STOFNANIR

Upplýst samfélag gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum, hvetur stofnanir ss. skóla, íþróttafélög osfrv.
til að taka forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi fastari tökum og af meiri ábyrgð.

### ÞJÓÐFÉLAGIÐ

Ábyrgari stofnanir, samfélög, fjölskyldur og einstaklingar gera betra þjóðfélag.
Betra og heilbrigðara þjóðfélag skapar traustara umhverfi fyrir börnin.




## VERTU UPPLÝSTUR!

Þú getur styrkt BLÁTT ÁFRAM með því að kaupa vasaljósið. Ljósin verða seld dagana 4. – 6. maí. Skátar og íþróttafélög munu selja lyklakippurnar við helstu verslunarkjarna. Einnig er hægt að senda póst á: blattafram@blattfram.is

Vinsamlegast takið vel á móti sölufólki okkar

902 5015 – 1500 kr. 902 5030 – 3000 kr

*Erum á Facebook*
*www.facebook.com/blattafram*

BLÁTT ÁFRAM!
www.blattafram.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT Á GRILLIÐ GOTT Á GRILLIÐ
BÓNUS Kjúklingur
Bringur
1979 KR.KG
KJÚKLINGABRINGUR
BÓNUS Kjúklingur
Læri, leggir vængir
595 KR.KG
BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
729 KR. KG
179 KR. 2 LTR.
FANTA ORANGE
BÓNUS FULLELDAÐUR BUFFALO KJÚKLINGUR
TILBÚIN VARA: ÞARF AÐEINS AÐ HITA
998 KR. 760 GR
BÓNUS GULRÓTARKAKA
BÓNUS BUFFALO VÆNGIR 800 GRÖMM
398 KR. 800 GR
BÓNUS BUFFALO LEGGIR 800 GRÖMM
598 KR. 800 GR
259 KR. 4 STK.
BÓNUS KORNKUBBAR 4 STK.
BÓNUS KAFFI
398 KR. 500 G
BÓNUS KAFFI
4X SPINNER
4X SPINNER
398 KR. 4 STK.
SPINNER ÁVAXTA-FROSTPINNAR 4 STK.
4x1,5l
Coca-Cola
698 KR. 6 LTR.
COKE 4 X 1.5 LTR.= 6 LTR.
VANILLA FLAVOURED ICE CREAM CONES x8
498 KR. 8 STK.
8 STK. VANILLU- ÍSTOPPAR
ICE CREAM WITH CHOCOLATE FLAVOURED COATING x12
398 KR. 12 STK.
12 STK. VANILLU- ÍSPINNAR
OPNUM KL.10
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT Á GRILLIÐ GOTT Á GRILLIÐ
FROSNIR
AÐEINS 170 KR. STK.
1698
KR. 10 STK.
10 STK. STÓRIR 120 GR. NAUTAHAMBORGARAR
159
KR. 4 STK.
BÓNUS STÓR HAMBORGARABRAUÐ
GRILLOLÍA 500ML
Caj-P. ÓMISSANDI Á GRILLKJÖTIÐ
459 KR.
Hunt's
100% NATURAL
TOMATO KETCHUP
NO HIGH FRUCTOSE CORN SYRUP
198
KR. 680 G
„TÓMATSÓSAN"
ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN
FABRIKKU SÓSAN
379
KR. 300 ML
„FABRIKKU SÓSAN"
GÓÐ KAUP
BÓNUS borgarar
10 stk. x 120 g
1598
KR. PK.
FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
10 STK X 120 GR.
Hunt's
20% MORE
THICK RICH
Hunt's HONEY MUSTARD
Hunt's ORIGINAL BARBECUE SAUCE
229
KR. 612 ML
398
KR. PK.
ÍSLANDS NAUT
2 STK. 140 GR. FERSKIR
NAUTAHAMBORGARAR
1495
KR. KG
KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
BÓNUS VÍNARPYLSUR
359
KR. 480 G
10 STK. BÓNUS VÍNARPYLSUR
639
KR. 560 G
SS PYLSUR 10 STK.
3598
KR. KG
KS FROSIÐ LAMBAFILLET
159
KR. 5 STK.
5 STK. BÓNUS PYLSUBRAUÐ
98
KR. 200 G
STEIKTUR LAUKUR
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
KJARNAFÆÐI
1395
KR. KG
FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB
ÍSLANDSLAMB: FERSKT KRYDDAÐ ÚRBEINAÐ
LAMBALÆRI Í ÁLBAKKA TILBÚIÐ TIL ELDUNAR
ÍSLANDS LAMB
Lambalæri
1998
KR. KG
ÍSLANDS LAMB
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is



**BARNALEIÐSÖGN Í ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS** Sunnudaginn 6. maí klukkan14 verður boðið upp á barnaleiðsögn í Þjóðminjasafni Íslands. Þetta er síðasta barnaleiðsögn vetrarins og eru allir velkomnir. Helga Einarsdóttir safnkennari mun ganga með börnin gegnum grunnsýningu Þjóðminjasafnsins „Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár". Ýmsir spennandi munir á safninu verða skoðaðir, meðal annars beinagrindur, þúsund ára gamalt skyr og leikföng eins og þau sem börn léku sér með fyrr á öldum.

## Útskriftartónleikar í Iðnó

Þrír nemendur við Listaháskóla Íslands, Albert Hauksson, Skúli Jónsson og Björn Halldór Helgason, halda útskriftartónleika í Iðnó á laugardag. Þremenningarnir útskrifast allir með BA-gráðu í tónsmíðum frá LHÍ í vor.

Á efnisskránni eru þrjú verk. Tónverkið Landslag eftir Albert er ferðalag um land sem mótast í huga hlustandans. Verk Skúla heitir Bastilludagurinn í Bordeaux – Draumkennd minning ferðalangs og er samið fyrir kammerhóp. Verkið er byggt á minningum höfundar frá sumrinu 2011 og lýsir upplifun ferðalangs á framandi slóðum á Bastilludeginum. Verk Björns Halldórs heitir Svipbrigði. Svipbrigði eru okkur eðlislæg áður en við vitum hvað þau þýða. Hið sama gildir um lögmál tónlistarinnar. Tónleikarnir í Iðnó hefjast klukkan þrjú.



**TILFINNINGAÞRUNGIN BIÐ** Þeir Vladimir og Estragon rífast, gráta og syngja á meðan þeir bíða eftir Godot. Þá túlka þeir Smári og Hannes. MYND/BORGARLEIKHÚSIÐ

# Stórt spurt á Litla sviðinu

**Pörupiltarnir Hannes, Smári, Dóri Maack og Nonni Blö leika í Beðið eftir Godot sem frumsýnt verður á Litla sviði Borgarleikhússins annað kvöld.**

Pörupiltarnir ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur en þeir frumsýna á morgun leikverkið Beðið eftir Godot eftir Samuel Beckett, sem er talið með merkari verkum leiklistarsögunnar. Höfundur þess, Samuel Beckett, er eitt af höfuðskáldum 20. aldarinnar og eftir hann liggur fjöldi leikrita, ljóða og smásagna. Beðið eftir Godot var fyrst frumsýnt 5. janúar 1953 í Theatre de Babylone í París.

Það eru leikkonurnar Halldóra Geirharðsdóttir og Ólafía Hrönn Jónsdóttir sem túlka þá Smára og Hannes, sem fara með aðalhlutverkin í sýningunni. Í öðrum hlutverkum eru Dóri Maack, Nonni Blö og tveir ungir drengir, en það eru leikkonurnar Sólveig Guðmundsdóttir, Alexía Björg Jóhannesdóttir og stúlkurnar Ísabella Rós Þorsteinsdóttir og Katrín Ynja Hrafnkelsdóttir sem ljá þeim líf. Leikstjóri verksins er Kristín Jóhannesdóttir, Helga I. Stefánsdóttir hannar leikmynd og búninga og Kjartan Þórisson hannar lýsingu.

Beðið eftir Godot lýsir biðinni eftir frelsun, björgun og leiðsögn og er áleitin lýsing á hlutskipti og getuleysi mannanna. Vladimir og Estragon bíða eftir Godot. Þeir hafa orð á því að hengja sig en eru ekki með reipi við höndina. Þeir ákveða að skilja en einmanaleikinn er þeim um megn. Þeir bíða. Þeir rífast, gráta og syngja. Og bíða. „Þeir sitja þarna tveir og bíða og halda alltaf að Godot sé að koma. Þetta er stórmerkilegt leikrit, því það gerist ekkert, en samt gerist svo margt," segir Ólafía Hrönn Jónsdóttir, eða öllu heldur Hannes, sem fer með hlutverk Estragons. Halldóra Geirharðsdóttir túlkar Vladimir í gegnum Smára. „Þó að þeir séu í raun ekki að tala um neitt, eru þeir að fjalla um hluti sem skipta máli. Hvað er lífið, hvernig eyðum við því og hjá hverjum liggur ábyrgðin, í lífi hvers og eins? Erum við hérna fyrir hvort annað, eða á maður bara að hugsa um sjálfan sig?" heldur Ólafía Hrönn áfram og segist viss um að áhorfendur sýningarinnar fari heim að henni lokinni með fullan hugann af áleitnum spurningum um tilgang lífsins.

Beðið eftir Godot verður frumsýnt á Litla sviði Borgarleikhússins á morgun, laugardaginn 5. maí.

holmfridur@frettabladid.is

# Skollaleikur á ystu nöf

Leikhús ★★★★☆

**Afmælisveislan**

Höfundur: Harold Pinter. Þýðing: Bragi Ólafsson. Leikarar: Erlingur Gíslason, Kristbjörg Kjeld, Ingvar E. Sigurðsson, Eggert Þorleifsson, Björn Thors og Þórunn Arna Kristjánsdóttir. Leikstjóri: Guðjón Pedersen.

**Þjóðleikhúsið, Kassinn**

Í Kassa Þjóðleikhússins er nú verið að sýna eitt frægasta verk Nóbelsverðlaunahafans Harolds Pinter. Inni í veggfóðruðum kassa bjuggu hjónin Meg og Petey, í Bretlandi nálægt baðströnd þar sem hann var sólstólavörður. Eiginkonan rak gistiheimili en gesturinn var aðeins einn og orðinn svolítið sérkennilegur, kannski af einveru og kannski af því að frúin var farin að dúllast með hann eins og smákrakka.

Kristbjörg Kjeld og Erlingur Gíslason leika þessi fullorðnu hjón, sem gera og segja sömu hluti á hverjum degi. Í læstu öngstræti orðaflaumsins fáum við að kynnast þeim. Gestinn Stanley leikur Ingvar E. Sigurðsson og var hann í fyrstu bara venjulega önugur en þegar tveir utanaðkomandi menn koma á fund hans verður hann smám saman að mjög veikum manni.

Túlkun Ingvars er mjög sterk. Stúlkan Lúlú í næsta húsi er sæt og barnaleg og er það Þórunn Arna Kristjánsdóttir sem ljær þeirri skvísu líf á einlægan og barnslegan máta. Eggert Þorleifsson kemur í líki herra Goldbergs og truflar öll þau rólegheit sem einkennt hafa lífið í þessu fábreytilega húsi. Hann er ógnandi og yfirþyrmandi í framgöngu sinni og sér til aðstoðar hefur hann heldur vitgrannan meðreiðarsvein sem virðist beita lúkunum meira en vitinu. Björn Thors fer með það hlutverk og vissulega stóð af honum ógn og var hann ámátlega fyndinn á köflum en hins vegar er hlutverkið nokkuð svipað mörgum þeim sem Björn hefur áður tekið að sér þannig að maður vonar bara að hann verði ekki sjálfskrifaður í hlutverk af þessum toga.

Erlingur var stóískur í hlutverki Petey, spaugilegur, en þó pirraður segjandi nákvæmlega sömu hluti á hverjum degi. Kristbjörg Kjeld smýgur vel undir þunna skel frú Meg. Hún er svolítið utangátta, man lítið, ekki með heimsins mesta sjálfstraust og alls ekki dómbær á umhverfi sitt. Þegar slegið er upp veislu verður hún kampakát, skrýðist sínum besta kjól og lætur Goldberg rugla sig í ríminu.

Búningar Helgu I. Stefánsdóttur undirstrikuðu vel þessar hjákátlegu persónur. Stanley átti alls ekkert afmæli en afmælisveislu skyldi hann engu að síður fá. Í þeirri veislu, sem er drykkjupartý kostað af Goldberg, fer allt úr böndunum. Hvað nákvæmlega gerist er erfitt að segja til um. Hver mín-



úta er hlaðin orku og meðferð leikaranna á tungumálinu er eins og best verður á kosið. Pinter er orðsnillingur þar sem aðstæður skapa málið ýmist til þess að stynja eða styggja.

Íslenskur texti Braga Ólafssonar var mjög áheyrilegur og eins voru hljóðmyndir skemmtilega ógnvekjandi. Stígandi verksins magnast með yfirtöku hins geggjaða Goldbergs sem með klækjum og brögðum mafíósa nær að hrella alla. Í lokin þegar gestirnir fara með Stanley alveg bugaðan biður Petey þá um að leyfa honum að vera. Kannski var það kjarni verksins, alla vega sá sammannlegi tónn sem áhorfendur vonuðust til að heyra. Ógnandi öfl mega ekki koma og taka hinn veikbyggða.

Leikmynd Grétars Reynissonar var í senn brúðuhús og lágstéttarheimili. Mjög vel unnin sýning af hálfu leikstjórans sem enginn ætti að láta framhjá sér fara!

Elísabet Brekkan

**Niðurstaða:** Frábær sýning sem enginn ætti að missa af.




Landsmót hestamanna Reykjavík 2012

Kynntu þér forsölukjörin. Athugið að forsölu lýkur 15. maí. Sæti í stúku, miðar á landsmót og hjólhýsastæði – allt bókanlegt á www.landsmot.is

25.06 – 01.07

Minnum á afsláttarkjör félaga í LH og BÍ. N1 korthafar fá 1.000 kr. afslátt.

Taktu þátt í forsöluleiknum

Dregið verður 15. maí úr keyptum miðum í forsölu. Í verðlaun er flug fyrir tvo til Evrópu með Iceland Express.

Iceland Express

Landssamband hestamannafélaga

Landsmót hestamanna – National Horse Show of Iceland

# STÓRSÝNING Í PERLUNNI

# SUMARIÐ 2012

## OPIÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG - 5. OG 6. MAÍ
## FRÁ KL. 12.00-18.30

## FRÍTT INN

---

VÍKUR VERK
VEIÐIKORTIÐ 2012
Kílhraun sumarbústaðalóðir
Saladmaster
LOGY.IS
A Member of The Linde Group | AGA
ÍSAGA ehf
Sóla urtasmiðjan
SPARNAÐUR
abc leikföng
FOSSHOTEL VINALEGRI UM ALLT LAND
PurityHerbs
Íslensk, náttúruleg framleiðsla
Icelandic Natural Produce
BLIKKÁS–FUNI
weber
Minniborgir.is gisting Suðurlandi
Túnþökusala Oddsteins
RAFMAGNSPOTTAR.IS
resol grupo
BYKO 50 1962-2012
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
GARÐAÞJÓNUSTA ÍSLANDS

---

## ALLT FYRIR SUMARIÐ!



# Carmina Burana í Grafarvogskirkju

Kór Grafarvogskirkju, undir forystu Hákonar Leifssonar organista, stendur fyrir tónleikum á morgun, 5. maí, klukkan 17 í Grafarvogskirkju. Það er hið þekkta verk Carmina Burana eftir Carl Orff sem verður flutt þar af Stúlknakór Reykjavíkur og kór Grafarvogskirkju, ásamt einsöngvurunum Hlín Pétursdóttur Behrens sópran, Einari Clausen tenór og barítónsöngvaranum Jóni Svavari Jósepssyni. Hópur úr Musica Camerata sér um hljóðfæraleikinn en í útgáfunni sem flutt verður er verkið útbúið fyrir tvo flygla og sex slagverksleikara. Sú útsetning hæfir efni ljóðanna vel.

Carmina Burana var frumflutt árið 1937 í Þýskalandi og tók sér stöðu sem eitt veigamesta kórverk klassískra tónbókmennta. Verkið hljómar reglubundið í öllum helstu



**STJÓRNANDINN** Hákon Leifsson heldur utan um alla þræði flutningsins.

tónleikasölum heimsins og hefur margsinnis verið flutt á Íslandi bæði í þessari útgáfu sem og stærri hljómsveitarbúningi.

Texti verksins er unninn upp úr handritinu Carmina Burana, „Kvæði frá Bæjaralandi“ sem talið er að hafi verið samið af farandskáldum miðalda og trúbadorum. Þar er fjallað um veraldleg málefni sem eiga jafnt við nú á 21. öld og á þeirri 13. svo sem fallvaltleika tilverunnar en einnig gleði yfir komu vorsins. Um miðja síðustu öld þóttu áherslur ljóðanna um of fyrir neðan beltisstað en vekja ekki þannig viðbrögð meðal almennings á vorum dögum.

Stjórnandi tónleikanna er Hákon Leifsson og Margrét Pálmadóttir er stjórnandi Stúlknakórs Reykjavíkur. -gun



**JÓHANNES Í FJÖRUKRÁNNI** Hefur sinnt ferðamönnum í 22 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Sagan sem tekjulind

**Söguslóðaþing verður haldið í Þjóðmenningarhúsinu í dag, 4. maí, milli klukkan 14 og 17. Það hefur yfirskriftina Sagan sem tekjulind enda verður þar fjallað um tækifæri til eflingar menningar- og söguferðaþjónustu á Íslandi og litið til reynslu Íra í þeim efnum. Því er aðalfyrirlesari Aidan Pender þróunarstjóri Ferðamálaráðs Írlands.**

**Eftir setningu Ólafar Ýrar Atladóttur. ferðamálastjóra. flytur Rögnvaldur Guðmundsson, formaður Samtaka um söguferðaþjónustu, erindi og nokkrir reynsluboltar segja frá því hvernig þeim gengur að fanga athygli ferðamanna með sögutengdri ferðaþjónustu. Þeirra á meðal eru Kristján Baldursson frá Trex hópferðamiðstöðinni, Valgerður Guðmundsdóttir í Víkingheimum, Dagný Sigmarsdóttir úr Spákonuhofinu á Skagaströnd, Birna Þórðardóttir sem gengur um götur Reykjavíkur og segir sögur og Jóhannes Viðar í Fjörukránni í Hafnarfirði. Skúli Björn Gunnarsson á Skriðuklaustri setur lokapunktinn á málþingið.**

**Nánari upplýsingar eru á www.soguslodir.is.**



**KJARVALSSTAÐIR** Sýning Antoni Tàpies stendur yfir til 20. maí.

## Leiðsögn um Tàpies

**Klara Þórhallsdóttir, nýráðinn verkefnastjóri fræðslu við Listasafn Reykjavíkur, leiðir gesti um sýningu katalónska listamannsins Antoni Tàpies (1923–2012) á Kjarvalsstöðum, sunnudaginn 6. maí klukkan 15.**

**Sýningin, sem ber yfirskriftina Antoni Tàpies – Mynd, líkami, tregi og stendur yfir til 20. maí, er nýtt og víðtækt yfirlit yfir starfsferil listamannsins og var unnin í nánu samstarfi við hann sjálfan, Fundació Antoni Tàpies stofnunina í Barcelona og Museum für Gegenwartskunst í Siegen í Þýskalandi, þar sem hún var fyrst sett upp. Sýningarstjóri er Dr. Eva Schmidt.**

**Tàpies er almennt talinn einn af helstu áhrifavöldum í þróun málverksins á síðari hluta tuttugustu aldarinnar, en á sýningunni getur að líta málverk frá rúmlega sjö áratuga ferli listamannsins. Tàpies var undir sterkum áhrifum frá súrrealískum málurum á borð við Miro og Klee í upphafi ferils síns, en síðar þróaði hann sitt eigið myndmál með uppbyggðum myndfleti sem oft var ýfður upp með stöfum, tölum og táknum. Flest verka hans eru úr hversdagslegum hlutum, fundnu efni, mold, sandi, jarðvegi, þurrkuðu blóði og steinryki.**




# Nýstofnuð diskósveit

Diskóhljómsveitin nýstofnaða Boogie Trouble hitar upp fyrir Berndsen á tónleikaröðinni Undiröldunni í Hörpunni í kvöld.

Sveitin var stofnuð seint á síðasta ári og í henni eru meðlimir víðs vegar að úr íslensku tónlistarlífi, m.a. úr Rökkurró, Bárujárni, Sprengjuhöllinni og Kiriyama Family.

Boogie Trouble sækir innblástur sinn í diskótónlist áttunda áratugarins og stefnir leynt og ljóst að því að endurvekja diskó á nýrri öld. Hljómsveitin er um þessar mundir að taka upp fjögurra laga EP-plötu og stefnir á að vera iðin við kolann í tónleikahaldi á næstu vikum. Tónleikarnir í Hörpu hefjast klukkan 17.30 og er aðgangur ókeypis.



**BOOGIE TROUBLE** Hljómsveitin hitar upp fyrir Berndsen í kvöld.

# Kúbönsk stemning

Kúbönsk menning verður höfð í hávegum í hliðarsalnum á skemmtistaðnum Faktorý í kvöld, þar sem skemmtilegur kokteill af tónlist, rommi og dansi verður á boðstólum.

Þar munu þeir Erpur og Eyjólfur segja frá Kúbuferðalagi sínu í máli og myndum, en þeir eru nýkomnir aftur úr sjálfboðavinnu og ferðalagi um alla eyjuna. Þar að auki mun Salsa Iceland sýna suðræna og sjóðheita dansa, Havana Club mun bjóða upp á svalandi kúbanskan drykk og kúbönsk tónlist verður spiluð fram eftir kvöldi.



**FERSKUR** Erpur dvaldi á Kúbu á dögunum ásamt bróður sínum og segir frá ferðalaginu í máli og myndum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 4. maí 2012**

### Fundir

**08.30** Viðskiptadeild HR og Festa boða til morgunfundar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Fundurinn verður haldinn í stofu M101 í Háskólanum í Reykjavík og er öllum opinn og ókeypis.

### Sýningar

**17.00** Sýning á verkum nemenda Myndlistaskólans í Reykjavík opnar í nýbyggingu Lækningaminjasafnsins á Seltjarnarnesi.



**17.00** Sýningin Meet the Locals opnar í Artíma galleri, Skúlagötu 28. Um er að ræða samstarfsverkefni á milli Skotlands og Íslands og munu fimm skoskir listamenn sýna að þessu sinni.

### Kvikmyndir

**14.00** Rúmlega vikulöng kvikmyndahátíð í Kamesi Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15, hefst í dag. Sýndar verða þýskar kvikmyndir frá tímum eftirstríðsáranna. Aðgangur er ókeypis og eru allar myndirnar með þýsku tali og enskum texta. Nánari upplýsingar á borgarbokasafn.is

### Tónlist



**20.30** The Saints of Boogie Street heldur útgáfutónleika í Iðnó í tilefni af nýjum disk sínum, Covered, sem er til heiðurs Leonard Cohen.

**21.30** Skuggamyndir frá Býsans leika Balkantónlist af alkunnri snilld á Café Haití. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Hljómsveitin Dúndurfréttir spilar ásamt Ólafi Þórarinssyni, Labba, í Hvítahúsinu á Selfossi.

**23.00** Hljómsveitin Homo and the Sapiens heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar

**12.00** Egill Þór Níelsson gistifræðimaður við Heimskautastofnun Kína ræðir um Kína og Norðurslóðir á fyrirlestri í stofu 101 í Odda. Fyrirlesturinn er á vegum Alþjóðamálastofnunar og fer fram á ensku.

**14.00** Sagan sem tekjulind verður þema Söguslóðaþings 2012 Samtaka um söguferðaþjónustu í Þjóðmenningarhúsinu í dag.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



# Frá Hollywood til Latabæjar

**Unnið er að því að uppfæra búning Íþróttaálfsins og af því tilefni kom Thi Theu Hanyaka til landsins til að reka smiðshöggið.**

„Þetta er búið að vera frábært og ég elska alla hér hjá Latabæ. Íslendingar eru mjög viðkunnanlegt fólk, meira að segja leigubílstjórarnir eru almennilegir, ólíkt því sem ég á að venjast í Los Angeles," segir Thi Theu Hanyaka, búninga- og fatahönnuður hjá Ironhead Studio. Hanyaka var stödd hér á landi fyrir stuttu á vegum fyrirtækisins Ironhead Studio sem sá um að uppfæra fylgihluti á búningi Íþróttaálfsins fyrir þriðju þáttaröð Latabæjar.

Hanyaka er frá Sviss en hefur búið og starfað í Los Angeles undanfarin tíu ár og hóf feril sinn sem fatahönnuður. Hún hefur meðal annars unnið náið með fatahönnuðinum Jeremy Scott að verkefnum sem hann gerði fyrir Björk og Madonnu. „Ég og Jeremy urðum mjög góðir vinir í gegnum vinnuna og ég tel hann vera einn af mínum bestu vinum í dag," segir hún.

Ironhead Studio hefur skapað búningana fyrir stórmyndir á borð við Alien 3, Batman Returns, Thor og The X-men og nú sér það um búningagerð fyrir nýjustu kvikmynd Tom Cruise, Oblivion. Hanyaka segir fyrirtækið sérhæfa sig í búninga- og hjálmagerð fyrir ævintýra- og vísindaskáldsögumyndir. „Við sérhæfum okkur í hjálmum og skrýtnum framtíðarfötum," segir Hanyaka glaðlega. Hún kveðst orðin vön því að hitta stórstjörnur á borð við Tom Cruise í gegnum vinnu sína og finnst það því ekki lengur skrýtið eða merkilegt.

Þegar Hanyaka er að lokum spurð út í dvöl sína á Íslandi lifnar yfir henni og segist hún hafa náð að slappa vel af. „Lífið hér er ekki jafn brjálað og úti í Los Angeles og loftið ykkar er svo hreint! Yfir LA hangir svart mengunarský. Mig langaði mikið til að heimsækja Bláa lónið, ég hef heyrt að það sé dásamlegt, en ég hafði ekki tíma til þess þar sem heimför minni var flýtt sökum vinnu," segir hún að lokum. -sm



**DÁSAMAR LATABÆ OG ÍSLAND** Thi Theu Hanyaka, búningahönnuður hjá Ironhead Studio, er stödd hér á landi í tengslum við Latabæ. Hún dásamar bæði starfsfólk Latabæjar og íslenska loftið. fréttablaðið/hag

# Anna Dello Russo hannar fyrir H&M



**HANNAR NÝJA LÍNU** Ritstjórinn Anna Dello Russo ætlar að hanna skemmtilega fylgihlutalínu fyrir HM sem er væntanleg í verslanir 4. október næstkomandi. NORDICPHOTOS/GETTY

**Ritstjórinn og tískufyrirmyndin Anna Dello Russo er að fara í samstarf við sænsku verslanakeðjuna Hennes&Mauritz.**

**Dello Russo ætlar að hanna fylgihlutalínu sem kemur í valdar verslanir þann 4. október. „Ég er mjög spennt. Mig langar að búa til fylgihluti og skartgripi sem erfitt er að finna annars staðar. Sem stílisti þá veit ég fylgihlutir geta skipt lykilmáli þegar maður er að klæða sig. Markmiðið með þessari línu verður að allir geti skemmt sér og breytt venjulegum degi í frábæran tískudag," segir Dello Russo sem er stílisti, tískuritstjóri og listrænn hönnuður japanska Vogue.**

**Litríkur fatastíll og óvanalegar samsetningar hafa gert Dello Russo að eftirlæti götutískuljósmyndara út allan heim sem elta hana á röndum með myndavélina að lofti.**



**SLÆMIR DÓMAR** Dómarnir sem Metallica og Lou Reed fengu voru ansi slæmir.

# Verri dómar en þeir héldu

**Lars Ulrich, trommari Metallica, segir að samstarfsverkefni hljómsveitarinnar og Lou Reed, Lulu, hafi fengið mun verri viðbrögð en þeir bjuggust við. Margir gagnrýnendur töldu plötuna með þeim verstu á síðasta ári og hreinlega hökkuðu hana í sig.**

**„Sérstaklega var þetta leiðinlegt gagnvart Lou því hann er svo fínn náungi. En þegar Metallica spilar kraftmikil gítarriff á meðan Lou Reed les ljóð um þýska bóhema frá því fyrir 150 árum, get ég vel ímyndað mér að það sé erfitt að meðtaka það," sagði Ulrich.**


SAMBÍÓIN SAMbio.is




STÓRSKEMMTILEG TEIKNIMYND
UNDRALAND IBBA
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI
BATTLESHIP
THE CABIN IN THE WOODS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| THE AVENGERS | KL. 4 - 10:20 | 2D | 10 |
| IMPY´S WONDERLAND M/ ÍSL TALI | KL. 4 - 6 | 2D | L |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| BATTLESHIP | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 8 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS (3D) | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| IMPY'S WONDERLAND M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10:10 | 10 |
| IMPY´S WONDERLAND M/ ÍSL TALI | KL. 6 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 7 - 8 - 10 - 11. | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 6 - 9 | 2D | 10 |
| TITANIC | KL. 8 | 3D | L |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 3 | 2D | 10 |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 6 - 8 | 2D | 14 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5:50 - 10 | 2D | 16 |
| IMPY´S WONDERLAND | KL. 6 | 2D | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is

MEL GIBSON HOW I SPENT MY SUMMER VACATION
FRÁ FRAMLEIÐENDUM BRAVEHEART KEMUR FRÁBÆR SPENNUMYND MEÐ MEL GIBSON Í FANTAFORMI!
AVENGERS LÚXUS - T.V., KVIKMYNDIR.IS
GRIMMD - V.G. - MBL.
MIRROR MIRROR
21 JUMP STREET - T.V., KVIKMYNDIR.IS

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10.30 - 11 | 10 |
| THE AVENGERS LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.30 | L |
| AMERICAN REUNION | KL. 8 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| GRIMMD (BULLY) | KL. 5.45 - 8 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 10.15 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 5.40 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 8 - 10 | 16 |
| THE RAID | KL. 10 | 16 |
| GRIMMD (BULLY) | KL. 8 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 6 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ 5%
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
HÖRKU HASAR T.V. -SÉÐ OG HEYRT THE RAID REDEMPTION
AVENGERS STÆRSTA OFURHETJUMYND ALLRA TÍMA
21 JUMP STREET
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.
ÍSL TAL LORAX

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE RAID | 8 og 10.10 |
| THE AVENGERS 3D | 4, 7 og 10 |
| 21 JUMP STREET | 8 |
| AMERICAN PIE: REUNION | 5.30 |
| HUNGER GAMES | 10.20 |
| LORAX 3D | 5 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS

RALPH FIENNES / GERARD BUTLER
NÁTTÚRAN KENNIR SKEPNUM AÐ ÞEKKJA VINI SÍNA
CORIOLANUS
JANE EYRE 85% Á ROTTEN TOMATOES!
IRON SKY KÖLT-GRÍN-MYND ÁRSINS!

FÖSTUDAGUR: CORIOLANUS 17:30, 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30, 20:00, 22:30 ■ LÓNBÚINN 18:00, 19:00 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 20:00, 22:10
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.






Merkjavörur frá:

KARAKTER KONUR | gs skór | COMPANYS | Kultur menn | Kultur | eva

GÆÐA VÖRUR FRÁ: MALENE BIRGER | GERARD DAREL | PAUL SMITH | INWEAR | PART TWO | BRUUNS BAZAAR | TIGER OF SWEDEN
KRISTENSEN DU NORD | BILLI BI | STRATEGIA | FREE LANCE | IMPERIAL | IIARIA NISTRI | PLEASE | DIESEL | DKNY

Útsölumarkaður í kjallara evu Laugavegi 26

# sport

sport@frettabladid.is



**KR-INGUM** er nú spáð Íslandsmeistaratitlinum í þrettánda sinn frá því að þjálfarar, fyrirliðar og forráðamenn fóru að spá fyrir sumarið árið 1985. KR-ingar hafa aðeins þrisvar sinnum náð að vinna titilinn þegar þeim hefur verið spáð honum eða í einungis 25 prósent tilfella. KR-ingum hefur verið spáð titlinum tvöfalt oftar en næstu liðum sem eru Fram og FH. FH var spáð titlinum í fyrra en sú spá rættist ekki. Sama var raunin árið á undan þegar KR var síðast spáð Íslandsmeistaratitlinum.



**HRESSIR** Þjálfarar liðanna í Pepsi-deild karla. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Spá fyrirliða og forráðamanna:

## KR og Blikar verða meistarar

**FÓTBOLTI** KR og Breiðablik verða Íslandsmeistarar í Pepsi-deildunum samkvæmt spá forráðamanna liðanna sem birt var í gær.

Keflavík mun einnig falla í karlaflokki samkvæmt spánni en nýliðum ÍA er spáð um miðja deild í Pepsi-deild karla. - hbg

### Spáin

**Pepsi-deild karla:**

| | |
|---|---|
| 1. KR | 414 stig |
| 2. FH | 373 |
| 3. Fram | 338 |
| 4. Stjarnan | 317 |
| 5. Valur | 257 |
| 6. ÍA | 256 |
| 7. ÍBV | 230 |
| 8. Breiðablik | 198 |
| 9. Grindavík | 128 |
| 10. Fylkir | 113 |
| 11. Keflavík | 107 |
| 12. Selfoss | 77 |

**Pepsi-deild kvenna:**

| | |
|---|---|
| 1. Breiðablik | 273 stig |
| 2. Stjarnan | 267 |
| 3. Valur | 243 |
| 4. ÍBV | 206 |
| 5. Þór/KA | 161 |
| 6. Fylkir | 160 |
| 7. FH | 128 |
| 8. Afturelding | 77 |
| 9. Selfoss | 54 |

### *N1-deild karla:*

**HK-FH 29-26**

HK - Mörk (skot): Ólafur Víðir Ólafsson 6 (8), Ólafur Bjarki Ragnarsson 6 (9), Tandri Már Konráðsson 5 (9), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 4 (6), Atli Ævar Ingólfsson 4 (7), Bjarki Már Elísson 3/1 (7/2), Bjarki Már Gunnarsson 1 (1).

Varin skot: Arnór Freyr Stefánsson 19/3 (32/6, 59%), Björn Ingi Friðþjófsson 2 (15/2, 13%),

Hraðaupphlaup: 7 ( Ólafur, Sigurjón, Atli 2, Bjarki Elísson 2, Bjarki Már Gunnarsson )

Fiskuð víti: 2 ( Atli Ævar Ingólfsson 2, )

Utan vallar: 4 mínútur.

FH - Mörk (skot): Hjalti Þór Pálmason 8/5 (9/6), Ólafur Gústafsson 5 (11), Ari Magnús Þorgeirsson 4 (5), Atli Rúnar Steinþórsson 4 (6/1), Örn Ingi Bjarkason 3 (6), Andri Berg Haraldsson 2 (6/1).

Varin skot: Daníel Freyr Andrésson 18/1 (47/2, 38%),

Hraðaupphlaup: 5 (Hjalti, Ari 2, Örn, Andri Berg)

Fiskuð víti: 8 ( Ólafur, Ari, Örn 3, Andri, Ragnar, Baldvin)

Utan vallar: 6 mínútur.

# Svona verður miðjumoðið

**Íþróttafréttamenn Fréttablaðsins og Vísis spá því að Valur, ÍBV og Breiðablik muni sigla lygnan sjó í sumar. Willum Þór Þórsson, álitsgjafi Fréttablaðsins, heldur áfram að rýna í liðin í Pepsi-deildinni sem hefst á sunnudag.**

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið spáir því að sumarið hjá Val, ÍBV og Breiðabliki verði lítt spennandi. Þau munu ekki verða í toppbaráttu og ekki heldur í botnbaráttu.

Þau verða í þessu klassíska miðjumoði samkvæmt spánni og Willum Þór er því sammála.

**8. sæti: Breiðablik**

Blikarnir höndluðu það engan veginn að spila sem handhafar Íslandsmeistaratitilsins í fyrra. Þeir hafa misst marga lykilmenn frá meistaraárinu og Blikar hafa ekki fyllt þau skörð sem skyldi.

Það kemur því í hlut þeirra stórefnilegu leikmanna að stíga upp.

„Það eru mikil gæði í þessu liði og boltinn flýtur hvað best á milli manna hjá Breiðabliki. Það er munstur í þeirra leik og þeir vilja færa boltann fram völlinn með ákveðnum hætti,“ segir Willum og bætir við að reynsluleysi liðsins gæti átt eftir að reynast þeim erfitt.

„Það vantar meiri styrk og kraftmeiri leikmenn með hinum. Ef þeir hefðu það gætu þeir barist ofar á töflunni. Það vantar ekki mikið upp á hjá þeim. Það er erfitt að spila gegn þeim því þeir halda boltanum vel en það er fullauðvelt að refsa þeim.“

Leikmennirnir sem eru horfnir á braut voru ekki bara lykilmenn heldur líka leiðtogar.

„Þeir misstu mikinn leiðtoga í Kára Ársæls. Guðmundur Kristjáns var maðurinn sem kom með kraftinn í þeirra leik og svona mætti áfram telja. Það munar um minna og ekki hægt að framleiða endalaust svona menn þó svo að Blikar búi vel með unga leikmenn. Það er allt annar bragur á þeim inn í mótið núna en í fyrra,“ segir Willum.

„Þeir höndluðu engan veginn pressuna í fyrra. Þeir eru veikari núna en liðsheildin gæti verið þéttari í ár enda allt önnur pressa. Það verður auðveldara fyrir þá og þeir eru reynslunni ríkari.“

**7. sæti: ÍBV**

Það skiptir alltaf máli að byrja vel á Íslandsmóti og það verður ekki auðvelt fyrir ÍBV enda Tryggvi Guðmundsson, Andri Ólafsson og Gunnar Már Guðmundsson meiddir. Eyjamenn eru líka með nýjan þjálfara en Magnús Gylfason hefur tekið við starfinu af Heimi Hallgrímssyni.



**LYKILMENN Í MEIÐSLUM** Eyjamenn verða að sætta sig við meðalmennsku í ár eftir að hafa verið í toppbaráttu síðustu sumur samkvæmt spánni. Andri Ólafsson og Tryggvi Guðmundsson spila ekki fyrstu leikina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það er eitthvað sem segir mér að ÍBV lendi strax í vandræðum í fyrsta leik gegn Selfossi sem er búið að bíða eftir þessum leik örugglega í tvö ár. Tímabilið markast mikið af byrjuninni. Það verður að byrja vel og það er ekkert í spilunum sem segir manni að ÍBV muni byrja vel án þessara manna. Þessi forföll eru of mikil,“ segir Willum og hann segir nær öruggt að ÍBV verði ekki í neinni toppbaráttu í ár.

„Mér líst vel á Magnús í Eyjum. Hann á góða sögu þar og virkaði vel síðast. Fyrst að Heimir ákvað að hætta fannst mér eðlilegt að Maggi tæki við. Verkefnið verður ekki auðvelt og líka erfitt að fylgja á eftir Heimi sem var búinn að vinna frábært starf.“

**6. sæti: Valur**

Enn eitt árið eru miklar mannabreytingar hjá Valsmönnum. Engar stórstjörnur hafa gengið til liðs við Val og ekki að sjá að þeir sem þangað eru komnir muni lyfta liðinu í hæstu hæðir.

„Þeir hafa bætt við sig mönnum. Lykilmennirnir eru Atli Sveinn og Haukur. Spurning hvort Guðjón Pétur verður kominn í fullt form nógu tímanlega. Þeir eru með ágætis breidd en ég á alveg eftir að sjá að allir þessir strákar sem komu úr 1. deildinni standist álagið í efstu deild,“ segir Willum og hann býst við að sóknarleikurinn verði aftur höfuðverkur Vals.

„Atli Heimisson er athyglisverður leikmaður sem gæti skorað mörk. Hörður Sveins var slakur í fyrra en kann að skora mörk. Það eru mörg spurningamerki í Valsliðinu. Vörnin verður þó í lagi og erfitt að skora hjá þeim eins og áður.“ henry@frettabladid.is

### Spá Fréttablaðsins

| |
|---|
| 1. ??? |
| 2. ??? |
| 3. ??? |
| 4. ??? |
| 5. ??? |
| 6. Valur |
| 7. ÍBV |
| 8. Breiðablik |
| 9. Grindavík |
| 10. Fylkir |
| 11. Keflavík |
| 12. Selfoss |



**KOMNIR HEIM** Ingimundur og Sturla kátir í Breiðholtinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ingimundur og Sturla í ÍR:

## Eigum óklárað verkefni

**HANDBOLTI** ÍR verður nýliði í N1-deild karla næsta vetur og fékk heldur betur liðsstyrk í gær þegar silfurmennirnir Ingimundur Ingimundarson og Sturla Ásgeirsson skrifuðu báðir undir tveggja ára samning við uppeldisfélag sitt.

Þetta er mikill hvalreki fyrir ÍR enda um að ræða tvo af bestu leikmönnum N1-deildarinnar. Þeir félagar vona að fleiri leikmenn muni í kjölfarið ganga í raðir ÍR.

„Okkur langaði alltaf að fara heim. Þegar maður fór um átta árum síðan var alltaf talað um að koma aftur síðar og klára óklárað verkefni,“ sagði Ingimundur en þegar hann var síðast í ÍR náði félagið að verða bikarmeistari og komst nærri því að verða Íslandsmeistari.

„Þetta eru fyrstu skrefin í þá átt að gera ÍR að Íslandsmeisturum. Það gerist kannski ekki strax en tekst vonandi síðar. Við Stulli ætlum að leggja okkar af mörkum,“ sagði Ingimundur og bætti við að líklega hefði ekkert orðið af þessu nema þeir vinirnir hefðu báðir ákveðið að fara heim.

„Okkur fannst þetta vera rétti tímapunkturinn. Ræturnar eru sterkar og ÍR er okkar félag. Félagið togaði okkur heim enda erum við stoltir ÍR-ingar. Við erum grjótharðir 109-strákar,“ sagði Ingimundur léttur og vitnaði þar í póstnúmerið.

Ingimundur er bjartsýnn á að fleiri sterkir leikmenn komi nú til liðs við félagið.

„Ég skora á aðra gamla ÍR-inga að mæta á svæðið og aðrir eru líka velkomnir. Planið er að fara alla leið með þetta verkefni. Við erum ekki að fara að vera í einhverju dútli en góðir hlutir gerast hægt.“ - hbg


krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

**Borðar yfir hundrað banana á dag**

**Lilli api og vinir hans í Brúðubílnum verða á faraldsfæti í sumar.**



**Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins**


Frábær innkoma Arnórs Freys Stefánssonar lagði grunninn að sigri HK á FH:

# HK-ingar eru einum sigri frá titlinum

**HANDBOLTI** HK-ingar héldu áfram sigurgöngu sinni í úrslitakeppni N1-deildarinnar og eru nú aðeins einum sigri frá titlinum eftir 29-26 sigur á Íslandsmeisturum FH í gær. HK er búið að vinna alla fimm leiki sína í úrslitakeppninni.

Arnór Freyr Stefánsson átti frábæra innkomu í mark HK-liðsins og varði alls 19 skot eða 59 prósent skota sem á hann komu. „Tilfinningin er frábær. Ég hef aldrei upplifað annað eins að sjá alla Binnamenn rauða í stúkunni. Þetta er bara snilld,“ sagði Arnór kátur.

„Þeir kveiktu í mér því það er ekki oft sem maður heyrir stuðningsmenn kyrja nafnið sitt trekk í trekk,“ sagði Arnór en hann kom inn fyrir Björn Inga Friðþjófsson sem hafði leikið frábærlega í fyrstu fjórum leikjunum en fann sig ekki í gær.

Kristinn Guðmundsson, annar þjálfara HK, var líka sáttur með hetju kvöldsins. „Þetta var stórbrotin frammistaða hjá Arnóri og ef það er einhver sem vinnur leikinn þá er það hann. Markverðirnir eru búnir að vera frábærir og eru búnir að senda öllum langt nef,“ sagði Kristinn en markvarslan var álitin vera veikleiki HK fyrir úrslitakeppnina. Annað hefur komið á daginn. - óój



**ÁKEFÐ** Það er til marks um grimmd HK-inga að þeir eru hér þrír á leiðinni ofan á einn FH-ing. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



# ÁFRAM GRINDAVÍK!

## VIÐ ERUM STOLT AF OKKAR FÓLKI!

Til hamingju með Íslandsmeistara-
titilinn í körfubolta karla 2012!




VÍSIR

ÞORBJÖRN

Einhamar
Útgerð og fiskvinnsla

Stakkavík ehf

GRINDAVÍKURBÆR
www.grindavik.is



> **Stöð 2 kl. 19.45**

## American Idol

***Það eru aðeins fimm söngvarar eftir í American Idol og að þessu sinni fá þeir að spreyta sig á lögum frá sjöunda áratug síðustu aldar og breskum popplögum. Í seinni þættinum stíga Carrie Underwood og Coldplay á svið og flytja sín nýjustu lög áður en einn söngvari er sendur heim.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ **DÁIST**

## *Stund verður að lögum*

Gerður G. Bjarklind hélt um langa hríð úti hinum stórkostlega útvarpsþætti Óskastundinni. Um var að ræða óskalagaþátt og dyggir hlustendur sendu henni línu eða hringdu á milli þátta, báðu um sín uppáhaldslög, skiluðu kveðjum hingað og þangað og stundum féllu smá gullkorn með. Allt þetta flutt af yndislegri rödd Gerðar sem ræddi um viðkomandi eins og allir væru þeir persónulegir vinir hennar. Og raunar hlustendur allir. Slík var útgeislun hennar í útvarpi.

Það var því með trega að hlustað var á síðustu Óskastundina fyrir nokkru síðan, því ljóst þótti að ekkert annað kæmi í stað þessa góða þáttar á milli 9 og 10 á föstudögum. En, bittenú. Til sögunnar kom Helgi nokkur Pétursson og Óskastundin varð að Óskalögunum.



Helgi hefur þessa hlýju nærveru sem Gerður hafði og raunar þarf ekkert að bera þau neitt meira saman. Helgi kynnir lögin með ljúfri röddu, les kveðjurnar og nær að láta manni finnast maður vera staddur á ættarmóti að hlusta á kæran frænda lesa upp dagskrána. Það er ekki öllum gefið, en það kann Helgi. Og svo virðist sem eitthvað hafi yngst í hlustendahópnum með yngri stjórnanda, en lögin eru alltaf svipuð. Einhver bið verður á því að hlustendur nái hinni fornu sál sem hér hamrar á lyklaborð, en Óskastundin yljar á meðan.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Draumar á jörðu **15.25** Vestur um haf **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Tangóskór og fótaflækjur **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.20 Leó** (Leon)
**17.23 Snillingarnir** (Little Einsteins)
**17.50 Galdrakrakkar** (50:51) (Wizards of Waverly Place)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Andraland** (7:7) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Njósnakrakkar 2: Eyja týndra drauma** (Spy Kids 2: Island of Lost Dreams) Systkini reyna að bjarga heiminum úr klóm brjálaðs vísindamanns sem býr á eldfjallaeyju. Leikstjóri er Robert Rodriguez og meðal leikenda eru Alexa Vega, Daryl Sabara, Antonio Banderas, Steve Buscemi og Carla Gugino.
**21.50 Sherlock** (Sherlock) Breskur sjónvarpsmyndaflokkur byggður á sögum eftir Arthur Conan Doyle. Þessar sögur gerast í nútímanum. Læknirinn og hermaðurinn John Watson sneri heim úr stríðinu í Afganistan og hitti fyrir tilviljun einfarann, spæjarann og snillinginn Sherlock Holmes. Saman upplýsa þeir sakamál sem öðrum eru ofviða. Aðalhlutverkin leika Benedict Cumberbatch og Martin Freeman. Atriði í myndunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.25 Öll guðsbörn geta dansað** (All God's Children Can Dance) Ungur maður í Kóreuhverfinu í Los Angeles heldur að hann sé sonur guðs. Leikstjóri er Robert Logevall og meðal leikenda eru Joan Chen, Jason Lew og Sonja Kinski.
**00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Make It Happen**
**10.00 Someone Like You**
**12.00 Gosi**
**14.00 Make It Happen**
**16.00 Someone Like You**
**18.00 Gosi**
**20.00 Love Happens**
**22.00 Bourne Supremacy**
**00.00 Come See The Paradise**
**02.10 Even Money**
**04.00 Bourne Supremacy**
**06.00 Three Amigos**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (137:175)
**10.15 Hell's Kitchen** (11:15)
**11.00 Human Target** (12:12)
**11.50 Spurningabomban** (2:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Picture This**
**14.30 Friends** (15:24)
**14.55 Sorry I've Got No Head**
**15.25 Tricky TV** (18:23)
**15.50 Daffi önd og félagar**
**16.15 Fjörugi teiknimyndatíminn**
**16.40 Ævintýri Tinna**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (13:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (6:22)
**19.45 American Idol** (33:40)
**21.10 American Idol** (34:40)
**21.55 Underworld: Rise of the Lycan** Spennu- og hasarmynd um blóðuga og aldagamla baráttu vampíra og varúlfa í þessum frábæra undanfara fyrri tveggja mynda með Kate Beckinsale, Martin Sheen og Bill Nighy í aðalhlutverkum.
**23.25 Winter of Frozen Dreams** Hörkuspennandi mynd byggð á sannsögulegum atburðum með Thoru Birch og Keith Carradine í aðalhlutverkum. Barbara Hoffman lifir flóknu og margbrotnu lífi en hún nemur vísindi í Wisconsin Háskóla, hún er erótískur nuddari og hún er morðingi.
**00.55 Land of the Lost** Ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna með Will Ferrell og Önnu Friel í hlutverkum landkönnuðar og aðstoðarkonu hans.
**02.35 Picture This**
**04.05 Bring it On: Fight to the Finish**
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**17.00 FA Cup - Preview Show**
**17.30 Pepsi mörkin - upphitun**
**19.00 Iceland Express: Grindavík-Þór**
**21.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**21.30 La Liga Report**
**22.00 Spænski boltinn: Ath. Bilbao - Real Madrid**
**23.45 Pepsi mörkin - upphitun** Hitað upp fyrir átökin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Hörður Magnússon og knattspyrnusérfærðingar Stöðvar 2 fjalla um öll liðin í deildinni og rætt er við þjálfara liðanna. Einnig verður birt spá íþróttadeildarinnar fyrir sumarið.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Cardiff - West Ham**
**13.40 Sunnudagsmessan**
**15.00 Chelsea - Newcastle**
**16.50 Liverpool - Fulham**
**18.40 Blackpool - Birmingham** BEINT
**20.45 Premier League Preview**
**21.15 Premier League World**
**21.45 Football League Show**
**22.15 Premier League Preview**
**22.45 Blackpool - Birmingham**

### EXTRA

**18.00 The Doctors** (106:175)
**18.45 The Amazing Race** (10:12)
**19.35 Friends** (16:24)
**20.00 Modern Family** (16:24)
**20.30 Mið-Ísland** (7:8)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Alcatraz** (13:13)
**22.35 Small Island**
**00.05 Rescue Me** (11:22)
**00.50 Friends** (16:24)
**01.15 Modern Family** (16:24)
**01.40 The Doctors** (106:175)
**02.20 Fréttir Stöðvar 2**
**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Solsidan** (3:10) (e)
**12.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.25 Girlfriends** (8:13) (e)
**15.45 Britain's Next Top Model** (8:14) (e)
**16.35 The Good Wife** (14:22) (e)
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Hæfileikakeppni Íslands** (5:6) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (50:50) (e)
**19.25 America's Funniest Home Videos** (5:48) (e)
**19.50 Got to Dance** (10:15)
**20.15 Minute To Win It**
**21.00 Hæfileikakeppni Íslands - ÚRSLIT** (6:6)
**22.45 Mobbed** (6:11) Frumlegir þættir þar sem ólíkir einstaklingar fá að afhjúpa leyndarmál sín, góð eða slæm með aðstoð gríðarstórs hóps dansara og annarra skemmtikrafta. Í þætti kvöldsins er fylgst með 37 ára gömlum manni sem reynir að hitta föður sinn í fyrsta sinn, allt með hjálp mörg hundruð dansara.
**23.35 Once Upon A Time** (17:22) (e)
**00.25 Prime Suspect** (1:13) (e)
**01.15 Franklin & Bash** (4:10) (e)
**02.05 Saturday Night Live** (17:22) (e)
**02.55 Jimmy Kimmel** (e)
**04.25 Whose Line is it Anyway?** (e)
**04.50 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** Wells Fargo Championship 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Wells Fargo Championship 2012 (1:4) **14.35** The Future is Now (1:1) **15.35** Wells Fargo Championship 2012 (1:4) **18.35** Inside the PGA Tour (18:45) **19.00** Wells Fargo Championship 2012 (2:4) **23.00** Golfing World **23.50** ESPN America

### N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

### BBC entertainment

**06.20** The Vicar of Dibley **07.50** Dalziel and Pascoe **09.35** Deal or No Deal **10.10** The Vicar of Dibley **10.40** Come Dine With Me **11.30** QI **12.30** Keeping Up Appearances **13.35** One Foot in the Grave **14.35** Top Gear **15.30** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.55** QI **21.25** Shooting Stars **22.00** Peep Show **22.25** The Graham Norton Show **23.15** QI **23.45** Shooting Stars **00.15** Derren Brown: Trick or Treat

### DR 1

**06.40** Molly - historien om en hyrdehundehvalp **09.00** Vores Liv. Skattejægerne **09.30** Bryllup i Farver **10.20** Dyrehospitalet **10.50** Kender du typen **11.20** Aftenshowet **12.15** Sherlock Holmes **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Ellevilde Ella **14.25** Skrål **14.45** Chiro **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Drivhusdrømme **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2009 **19.00** TV Avisen **19.15** Young Victoria **20.55** Little Black Book **22.35** Taggart

### NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Ut i naturen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Norskekysten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Verda vi skaper **18.55** Nytt på nytt **19.25** Lindmo **20.15** Scott og Bailey **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tudors **22.05** Eurovision Song Contests hemmeligheter **22.55** Partyløvene **23.45** Styrke 10 fra Navarone **01.45** Lindmo **02.35** Norskekysten **05.50** Solens mat

### svt1

**08.00** Go'kväll **08.45** Debatt **09.30** Djursjukhuset **10.00** Chelsea Flower Show **11.00** Inuti Isabelle **11.15** Konstdeckarna **12.15** Coacherna **12.45** Titanic **13.30** Spisa med Price **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Flocken **15.00** Bröderna Reyes **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Riktiga män **19.10** Högklackat **19.40** Swing Vote **21.40** Kulturnyheterna **21.45** Järnets änglar **23.35** Rapport

### iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




Opnunartilboð

3 - 5. Maí 2012

Höfum opnað nýja og glæsilega sólbaðstofu í Spönginni Grafarvogi.
Að því tilefni er frábært opnunartilboð
á öllum stofum **Sólbaðstofunnar Smart.**

10 tíma
30 daga ljósakort
aðeins
kr 5.990.-*
Fullt verð kr. 9.900.-.

smart sólbaðstofa

3 staðir eitt númer 533-3350

Grensásvegi 7 - Ánanaustum - Spönginni Grafarvogi www.smartsol.is

*Tilboðsverðið gildir aðeins fyrir 10 tíma kort sem keypt eru 3-5 maí 2012

# Husqvarna í 140 ár




**Afmælisvélar frá Husqvarna**



Afmælistilboð:
**55.900 kr.**

**HS-140M**

Verð kr. 69.900



Afmælistilboð:
**135.900 kr.**

**HS-140C**

Verð kr. 169.900

## 20% afsláttur af öllum vörum!

**Við erum í hátíðarskapi og veitum 20% afslátt af öllum vörum í verslun okkar föstudag og laugardag.** Afsláttur af saumavélum, ljósum, smáraftækjum, heilsuvörum, heyrnartólum o.fl.

## Sýning á antík saumavélum

**Pfaff á landsins mesta úrval af gömlum saumavélum** og verða þær til sýnis í versluninni.

**Verið velkomin!**

140th Anniversary

Husqvarna VIKING

PFAFF

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is • facebook.com/pfaff.is

www.baddydesign.com

**FÖSTUDAGSLAGIÐ**



*„Ég set voða mikið á alls konar söngkonur sem ég dýrka. Þegar ég þarf að koma mér í gírinn, ekkert bara á föstudögum heldur bara almennt, þá er það lagið Today is Your Day með Shania Twain sem ég set á, það er mitt pepplag. Ég mæli sérstaklega með því með morgunkaffinu.*

Helga Braga Jónsdóttir, leikkona.

# Hjaltalín semur fyrir þögla mynd

„Ég veit ekki alveg hversu mörg lög við þurfum að semja en þetta verður ansi stórt verk fyrir okkur," segir fagottleikarinn Rebekka Björnsdóttir, meðlimur í sveitinni Hjaltalín sem hefur verið ráðin til að semja tónlistina fyrir myndina Days of Grey.

Myndin verður tekin upp á Íslandi seint í sumar en um alþjólega framleiðslu er að ræða. Hrafn Jónsson skrifar handrit myndarinnar en leikstjórinn, Ani Simmon-Kennedy, var meðal annars í tökuliðinu á mynd Woody Allen, Midnight in Paris. „Það er ekki búið að velja leikara enn þá en leikstjórinn er væntanlegur til landsins í næstu viku til að hitta leikara," segir Rebekka sem ásamt því að semja tónlistina er meðframleiðandi myndarinnar og sér um leikaraval.

Simmon-Kennedy og tökumaðurinn, Cailin Yatsko, sáu sveitina spila á tónleikum í Prag og heilluðust af tónlistinni en það voru íslenskir skólafélagar þeirra í kvikmyndaskólanum þar í borg sem bentu þeim á Hjaltalín. „Þær komu á tónleikana með engar væntingar en hrifust svo af okkur og tónlistinni að þær fylltust innblæstri og úr varð hugmyndin að þessari mynd."

Days of Gray verður þögul mynd svo tónlistin frá Hjaltalín skipar stóran sess. Myndin fjallar um lítinn strák sem lifir í litlausum heimi og hvernig líf hans breytist er hann kynnist stúlku frá öðrum heimi. „Við reiknum með því að eyða sumrinu í að semja fyrir myndina ásamt því að vera að vinna að lögum á nýja plötu." **- áp**



Rebekka Bryndís Björnsdóttir Hjaltalín helgarviðtal fagottleikari

**Framhaldsaðalfundur samtaka Psoriasis og exemsjúklinga „Spoex"**

Verður haldinn í sal Actavis Dalshrauni 1 Hafnarfirði fimmtudaginn 10. maí 2012 og hefst fundurinn kl.19.00

**Dagskrá**

Kosning 1. meðstjórnanda og 1. varamanns í stjórnina

Kaffiveitingar í boði

Félagar fjölmennum.

SPOEX



**SIGURVEGARI HANNAÐ FYRIR ÍSLAND** Birta Ísólfsdóttir stendur uppi sem sigurvegari Hannað fyrir Ísland. Lokaþátturinn var sýndur á miðvikudaginn var. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BIRTA ÍSÓLFSDÓTTIR:** LAUG AÐ VINUM UM HVAR ÉG VAR Á DAGINN

# Þurfti að bíða í hálft ár með að segja frá sigrinum

Birta Ísólfsdóttir, fatahönnuður, bar sigur úr býtum í hönnunarkeppninni Hannað fyrir Ísland sem sýnd var á Stöð 2. Alls tóku níu hönnuðir þátt í keppninni og þótti Birta bera af í þeim hópi.

Tökum á þáttunum lauk í nóvember og hefur Birta þurft að þegja yfir sigrinum síðan þá. „Þetta kom mér auðvitað svolítið á óvart en það var mjög gaman að vinna keppnina. Ég þurfti að bíða ansi lengi með að geta sagt fólki fréttirnar og margir voru orðnir mjög forvitnir og spurðu mikið út í þetta, en ég náði að halda þessu leyndu þar til á miðvikudaginn var," segir Birta sem gat þó blessunarlega rætt úrslitin við vinkonu sína, Laufeyju Ingibjörgu Lúðvíksdóttur, sem tók einnig þátt í keppninni og hreppti þriðja sætið.

Birta hlaut í verðlaun eina milljón króna, saumavél og starf hjá 66° Norður og þurfti hún einnig að halda þessu leyndu fyrir sínum nánustu til að koma ekki upp um úrslit keppninnar.

„Ég byrjaði að vinna í janúar en mátti auðvitað ekki segja neinum og þurfti því að ljúga að vinum og vandamönnum um hvar ég væri á daginn," segir Birta sem taldi fólki trú um að hún væri að vinna í hinum og þessum verkefnum.

Vinnan leggst vel í Birtu og segist hún hafa lært margt og mikið á þeim stutta tíma sem hún hefur starfað hjá fyrirtækinu. Hún hefur mestan áhuga á hönnun götufatnaðar en síðasta verkefni keppninnar var einmitt að hanna götujakka. Áður hafði Birta dvalið í New York í ár þar sem hún starfaði sem au pair.

Þegar Birta er innt eftir því hvort hún hafi þegar ráðstafað vinningsfénu svarar hún játandi. „Ég borgaði upp bílinn minn og greiddi tryggingar en á enn þá smá afgang sem ég ætla að nota í sjálfa mig," segir hún að lokum.

**sara@frettabladid.is**

BÚÐU ÞIG UNDIR HROLL!

„Snilldarleg ... spennan er óbærileg."

THE WASHINGTON POST BOOK WORLD




Ný bók frá höfundi metsölubókarinnar *Skurðlæknirinn*

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# Vilja stimpla sig inn með stæl

„Þótt það séu mörg stór nöfn komin þá eiga mörg þekkt nöfn eftir að bætast við," segir Ólafur Geir Jónsson, skemmtanahaldari, eða Óli Geir.

Hann skipuleggur tónlistarhátíðina Keflavík Music Festival ásamt vini sínum Pálma Þór Erlingssyni. Hún fer fram í miðbæ Reykjanesbæjar dagana 7. til 10. júní. Fram koma eitt hundrað flytjendur og spila þeir á helstu skemmtistöðum bæjarins. Þegar hafa verið bókaðir fimmtán flytjendur, þar á meðal Dikta, Valdimar, Raggi Bjarna, Bjartmar Guðlaugsson, Retro Stefson, Sykur, Jón Jónsson, Sólstafir og Retrobot.

Verslanir, veitingahús og bæjarfélagið verða með í stemningunni þar sem fjölbreytileikinn ræður ríkjum. Þetta er í fyrsta skiptið sem blásið er til hátíðarinnar og vonir standa til hún verði árlegur viðburður í Bítlabænum.

„Það er gaman að sjá hversu hversu vel allir taka í þetta," segir Óli Geir. Hann og Pálmi Þór höfðu gengið með þá hugmynd í maganum í eitt til tvö ár að halda svona hátíð. „Maður sér Aldrei fór ég suður, Airwaves og svo allar þessar sumarhátíðir. Það er engin sumarhátíð í Reykjanesbæ, bara Ljósanótt sem er á haustin. Þar sem þetta er einn stærsti tónlistarbær landsins fannst okkur vel við hæfi að blása til alvöru tónlistarhátíðar." Keflavík Music Festival verður næst stærsta tónlistarhátíð landsins á eftir Airwaves. „Við viljum stimpla okkur inn með stæl og einbeita okkur að því að gera hlutina vel." **- fb**



**SKIPULEGGUR TÓNLISTARHÁTÍÐ** Óli Geir er í óða önn að skipuleggja tónlistarhátíðina Keflavík Music Festival. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

FRÉTTIR STÖÐVAR 2 Í BEINNI

2 | FRÉTTIR

vísir - oft á dag

# Evrópuvika

Í tilefni af Evrópudeginum 9. maí stendur Evrópustofa – upplýsingamiðstöð ESB á Íslandi – fyrir Evrópuviku dagana 7.-13. maí

Hápunktar vikunnar eru Evrópuhátíð í Hörpu og djasstónleikar í Eldborg með European Jazz Orchestra og Stórsveit Reykjavíkur, opnun Evrópustofu á Akureyri og borgarafundur í Iðnó með sendiherra ESB á Íslandi

## Dagskrá Evrópuvikunnar:

### Mánudagur 7. maí

» **Akureyri:** Opnun Evrópustofu í Norrænu upplýsingaskrifstofunni að Kaupvangsstræti 23 kl. 12:30-13:15

» ESB í máli og myndum
- sýning á Glerártorgi 7.-12. maí

### Þriðjudagur 8. maí

» Borgarafundur í Iðnó með sendiherra ESB á Íslandi kl. 17:00-18:00

### Evrópudagurinn 9. maí

» ESB í máli og myndum
- sýning í Kringlunni 9.-12. maí

» Tækifæri fyrir ungt fólk í Evrópu
– fundur í Evrópustofu kl. 16:30-18:00

### Fimmtudagur 10. maí

» Opinn fundur í Iðnó um öryggis- og varnarmálastefnu ESB og Ísland. Haldið á vegum Nexus, rannsóknarvettvangs á sviði öryggis- og varnarmála, Alþjóðamálastofnunar HÍ og Evrópustofu

### Föstudagur 11. maí

» Menningarvor í Evrópustofu
– tónleikar með Snorra Helgasyni kl. 12:00-13:00

### Laugardagur 12. maí

» Upphitun fyrir Evrópuhátíð
– tónlist og kynningar í Kringlunni

### Sunnudagur 13. maí

» Evrópuhátíð í Hörpu kl. 13:00-17:00
- ESB í máli og myndum – sýning
- Kynning á áhugaverðum Evrópu-samstarfsverkefnum og styrkjum
- Rjómi ungra íslenskra uppistandara og Blár Ópall skemmta gestum

» Tónleikar í Eldborgarsal Hörpu kl. 20:00-22:00
Aðgangur ókeypis – miðar hjá miðasölu Hörpu!
- Stórsveit Reykjavíkur
- European Jazz Orchestra

Kynnir: Ari Eldjárn

**Nánari upplýsingar á www.evropustofa.is**

Evrópustofa
Upplýsingamiðstöð ESB

European Commission

Evrópusambandið fjármagnar starfsemi Evrópustofu.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Taka upp með Tenor

Finnski tónlistarmaðurinn **Jimi Tenor** er á leiðinni hingað til lands í sumar. Hann ætlar að taka upp nýja plötu með Hjálmum og mun hún fylgja eftir Órum sem komu út fyrir síðustu jól. Hjálmar hafa áður unnið með Tenor lagið Messenger of Bad News sem var tekið upp á sama tíma og Órar var í undirbúningi. Kiddi í Hjálmum lýsti því yfir í viðtali við Fréttablaðið í mars að hljómsveitin hefði áhuga á frekara samstarfi með Tenor og nú er ljóst að henni verður að ósk sinni í sumar.



### Ráðuneyti í Lettlandi

Starfsfólk Umhverfisráðuneytisins gat ekki notið góða veðursins í höfuðborginni í gær þar sem það er statt í starfsmannaferð í Lettlandi til að kynna sér umhverfismál og þjóðgarða þar í landi. Að sögn Magnúsar Jóhannessonar, ráðuneytisstjóra, er um að ræða fyrstu starfsmannaferð ráðuneytisins í fjögur ár og er hún styrkt af stéttarfélögum starfsmannanna. **Svandís Svavarsdóttir**, umhverfisráðherra, er með í för og átti fund með lettneskum starfsbróður í gær um umhverfismál. Ræddu þau loftlagsmál, græna hagkerfið og margt fleira. Á morgun er ferðinni svo heitið í tvo þjóðgarða.



**- fb, - mþl**

## Mest lesið vísir

1. Fimm manns í lífshættu í eldsvoða í Kópavogi
2. Óhefðbundnar lækningar: Lausnirnar verða bara brjál…
3. Spyr um gríðarlegt tap hótela í eigu Bændasamtakanna
4. Rúmlega helmingur 18 ára nema með of hátt hlutfall…
5. Skuldir dagaði uppi í læstum skáp





# TILBOÐSDAGAR

## Heilsurúm í sérflokki

Betra BAK

**25% afsláttur**

**Chiro Deluxe** 180 x 200cm
**TILBOÐ Kr. 247.425,-**
Fullt verð 329.900,-




12 mánaða vaxtalaus kjör á heilsurúmum í maí

**Nú er tækifærið!**

*3,5% lántökugjald.

**C&J Platinium** 180 x 200cm
**TILBOÐ Kr. 164.850,-**
Verð áður 219.800,-
**25% afsláttur**



TEMPUR DÝNUR OG KODDAR
Charlotte S Julien



**C&J stillanlegt** 2 x 90 x 200cm
**Með Tempur heilsudýnu**
**TILBOÐ Kr. 649.000,-** Fullt verð 811.250,-
**20% afsláttur**

**Ný sending af rúmgöflum**
Komdu og skoðaðu úrvalið
**20% afsláttur**





**Felix** svefnsófi
**TILBOÐ Kr. 368.900,-**
Fullt verð 461.125,-
**20% afsláttur**



**Breidd:** 209 cm
**Dýpt:** 95 cm
**Frá vegg:** 213 cm
**Pokagormadýna:** 140x200 cm

www.betrabak.is

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16